

## VINNUSKJAL FYRIR DRÖG AÐ YFIRLÝSINGU TRÚ- OG LÍFSSKOÐUNARFÉLAGA UTAN ÞJÓÐKIRKJUNNAR:

Grundvallarréttindi allra þegna Íslands er að njóta jafnræðis og sömu meðferðar af hálfu ríkisins.

Með þjóðkirkjuskipaninni og þeim forréttindum sem stærsta evangelísk-lúterska kirkja landsins (ELK) fær að njóta ein trúfélaga er brotið á trúfélögum og lífsskoðunarfélögum utan hennar.

### FORRÉTTINDI ÞJÓÐKIRKJUNNAR FELAST Í:

- Sérstökum **launagreiðslum** til sóknarpresta og biskupsstofu til hins óendanlega út á jarðir sem ELK lét ríkinu í té í staðinn. Ekkert eiginlegt verðmat var gert á jörðunum og eðli þessarar aðgerðar telst meira til innlimunar ELK í ríkið sem ríkisstofnun en nokkru sinni sem eðlilegur samningur sjálfstæðra aðila við ríkið. Þrátt fyrir að vera þannig í raun ríkisstofnun fær ELK að stýra öllu sínu sjálf og heyrir ekki undir neitt ráðuneyti í raun. Ráðherra hefur ekkert vald yfir kirkjunni t.d. í krísumálum.
- Prestar ELK fá launaðar stöður á Landspítalanum og sumum sendiráðum erlendis. Áfallahjálp er fyrst og fremst hlutverk heilbrigðisstarfsmanna. Trú- og lífsskoðunarfélög eiga ekki að hafa launaða fulltrúa hjá ríkinu til að sinna sérstakri áfallahjálpi á grunni lífsskoðana.
- ELK fær sem þjóðkirkja sérstakar 18.5% viðbótargreiðslur ofan á sóknargjöld, í **Jöfnunarsjóð sókna**, sem er framlag ríkisins til bygginga og viðhalds kirkna og jafna stöðu safnaða innan ELK. Árið 2009 námu þessar greiðslur um 417 millj. króna.
- Til viðbótar fær ELK 11,3% viðbót (324 millj. kr. 2009) á sóknargjöld til að mynda **kirkjumálasjóð** fyrir prestsetrasjóð, kostnað við kirkjuþing, kirkjuráð, prestastefnu, biskupsgarð, ráðgjöf í fjölskyldumálum, söngmálastjórn, tónlistarfræðslu, starfsþjálfun guðfræðikandidata og önnur verkefni skv. ákvörðun kirkjuráðs.
- ELK fær sérstakan einkaaðgang að RÚV með reglulegu messuhaldi þar.
- ELK fær sérstaka **Guðfræðideild í HÍ** til að mennta guðfræðinga sína og prestsefni.
- ELK fær víða styrki frá **sveitarfélögum** fyrir alls kyns uppbygginu. (kirkjuviðgerðir).
- ELK fær sérstaka lagavernd í stjórnarskrá þrátt fyrir að í sömu skrá sé ójafnræði borgara byggða á trú ekki leyfileg.

- Í ELK eru um 76.8% landsmanna yfir 15 ára aldri (voru 93.5% árið 1987) en það eru allir skattgreiðendur yfir 15 ára, jafnt innan sem utan trúfélaga, sem greiða þessar viðbótargreiðslur upp á um 800+ milljónir árlega og laun (um 1,6 milljarður árið 2009), þannig að það er ljóst að þau 23.2% landsmanna sem eru utan Þjóðkirkjunnar verða að taka þátt í miklum hluta kostnaðar við hana.
- Að öllu samanlögðu nemur fjármagn sem ríkissjóður greiðir vegna hvers einstaklings sem skráður er utan Þjóðkirkjunnar (8412 kr.) um það 44% þeirrar upphæðar sem ríkissjóður leggur til vegna hvers einstaklings sem skráður er í Þjóðkirkjuna (19109 kr.). Trúlausir einstaklingar fá engar greiðslur til síns félags. Þjóðkirkjan fær um 69% af heildinni en önnur trúfélög (samanlagt) um 31%.
- Það er ekki hægt að réttlæta þessa fjárhagslegu mismunun **nema ef Þjóðkirkjan væri í raun að þjóna öllum** landsmönnum. Hún er það ekki.
  - Þó að ýmsir utan ELK séu kristnir eru afar margir annarrar trúar eða trúlausir og munu því aldrei þiggja þjónustu hennar. Það eru einnig frekar stór hluti innan hennar sem eru ekki kristnir og leita því annað.
  - Samkvæmt samþykkt Kirkjubings ELK verður annað hjónaefna að vera skráð í Þjóðkirkjuna til að prestur hennar megi vígja þau til hjónabands. Það eru því ekki allir velkomnir að sækja þjónustu til hennar. Fólk sem hefur leitað til presta hennar eða sókna með beiðni um þjónustu eða húsnæði vegna útfara hefur verið hafnað á grunni skráningu þeirra utan ELK.
- Þetta er úr "Samþykktir um innri málefni Þjóðkirkjunnar" og er að finna hérna: <http://www2.kirkjan.is/node/10684> Þessar reglur voru yfirfarðar af Prestafélaginu og voru samþykktar á Kirkjubingi 2009 eftir að hafa verið einhver ár í vinnslu, þannig að maður myndi ætla þau hafi lesið vel yfir þetta.
- Á bls 11 stendur: "Prestar Þjóðkirkjunnar eru vígslumenn að lögum einungis þegar annað hjónaefna eða bæði tilheyra Þjóðkirkjunni."
- Á heimasíðu Þjóðkirkjunnar er þetta svo ítrekað og útskýring gefin: "Það sem greinir kirkjulega hjónavígslu frá borgaralegri er fyrst og fremst ákveðin afstaða brúðhjónanna til kristinnar trúar . Þetta er kristin hjúskaparstofnun. **Þess vegna verður amk annað brúðhjónanna að tilheyra Þjóðkirkjunni** og gert er ráð fyrir því að ef hjónin eignast börn að þau verði alin upp í kristinni trú. Kirkjubrúðkaup er því grundvöllur að kristnu heimili." <http://kirkjan.is/thjonusta/athafnir/hjonavigsla/>
- Það er auðvitað ekki farið eftir þessu, en þetta hrekur þá fullyrðingu kirkjufólks um að það séu einhver óskrifuð lög að Þjóðkirkjan hafi skyldu til þess að þjóna öllum landsmönnum óháð trúfélagsaðild, amk virðist fólk að sem samþykkti þessar reglur ekki halda það!
  - Prestur ELK má hafna því að gifta samkynhneigt par skv. reglum hennar.

- Þjóðkirkja **vinnur ekki gegn trúaröfgum** í þjóðfélaginu eða „sértrúarsöfnuðum“. Fólk færi ekki að flykkjast til liðs við öfgahópa við það að ELK missti forréttindi sín. Sýnt er að sterkt velferðarkerfi er besta vörnin gegn því að fólk á viðkvæmum stundum lífs síns falli í hendurnar á öfgasamtökum.
- **Ein kirkja verður aldrei allra landsmanna** og hin ELK á að vera borin uppi af félagsmönnum sínum. Það er ekki vandamál fólks utan ELK ef að prestaköll hennar í útnárum landsins leggjast niður. Þjóðkirkjuþjónusta er ekki heilbrigðisþjónusta sem allir verða að fá og njóta. Í landinu ríkir fjölmening á sviði trúar og lífsskoðana og það er **ekki hægt að fullyrða að „Ísland sé kristið land og að Þjóðkirkjan sé kirkja okkar allra“**, því að það er rangt og særandi fyrir þann drjúga hluta þjóðarinnar sem þetta á alls ekki við um.
- Þjóðkirkjuskipanin kemur úr ranni einræðisskipulags miðalda þegar konungar og kirkja réðu yfir þjóðum með ógnum og valdbeitingu. Þegar trúfrelsi ruddi sér braut í lok 19. aldar tryggði ELK sér áframhaldandi ítök og yfirburðastöðu með sérsamningum og aðstöðu hjá ríkinu. ELK þráast við að viðurkenna ein grundvallarréttindi lýðræðisins, þ.e. réttinn til að lifa í veraldlegu þjóðfélagi þar sem engir hagsmunahópar fá að tryggja sér völd, forréttindi og ríkidæmi á kostnað annarra og ríkið og stofnanir þess halda trúar- og lífsskoðunarlegu hlutleysi sínu.

#### HVAR VILJUM VIÐ VERA? HVERT Á SAMBANDIÐ VIÐ RÍKIÐ AÐ VERA AF HÁLFU ALLRA?

- Ekkert - engar skráningar, engin gjöld gegnum ríkið?
- Einhver - t.d. greiðsla félagsgjalda gegnum skattkerfið hjá þeim sem greiða einhvern skatt.
- Sama sóknargjaldakerfi og nú er handa öllum. ELK missi sérgreiðslur.
- Sóknargjaldakerfi auk ákveðinnar prósentu handa öllum.
- Trú- og lífsskoðunarfélög fái aðgang að RÚV samkvæmt stærð en minnst x1 á ári.
- Sérstök lagavernd gagnvart ELK eða öðru verði ekki lengur í gildi.

#### UPPKAST AÐ FRÆÐSLUAUGLÝSINGU TRÚFÉLAGA OG LÍFSSKOÐUNARFÉLAGA UTAN ÞJÓÐKIRKJU

Ekkert breyttist við hina ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012 - með þjóðkirkjuskipan í stjórnarskrá og lögum er enn mismunur og ójafnræði við lýði. Ranglæti verður aldrei að réttlæti með meirihlutaatkvæði.

**Grundvallarréttindi** allra íbúa Íslands er að njóta jafnræðis og sömu meðferðar af hálfu ríkisins.

**Mikið fjárhagslegt ójafnræði**

**Þjóðkirkjan og öll önnur trúfélög fá sóknargjöld fyrir hvern meðlim 16 ára og eldri en veraldleg lífsskoðunarfélög fá ekkert. Sóknargjaldið er 8412 kr. fyrir árið 2012 fyrir hvern meðlim. Þar með er þó sagan ekki öll sögð:**

Sóknargjöld til trúfélaga utan Þjóðkirkju: 250 milljónir kr.

Sóknargjöld til Þjóðkirkju: 1604 milljónir kr.

Þjóðkirkjan ein fær greiðslur í sérstaka sjóði og sérframlög árlega:

- Jöfnunarsjóður sókna: 297 milljónir kr.
- Kirkjumálasjóður: 229 milljónir kr.
- Kristnisjóður: 74 milljónir kr.
- Sérframlög til viðgerða helstu kirkna: 35 milljónir kr.

Þjóðkirkjan ein fær laun fyrir 138 presta, 3 biskupa og biskupsstofu.

- Laun samtals árið 2012: 1.405 milljónir kr.

**Samtals greiðslur ríkisins til Þjóðkirkjunnar: 3.67 milljarðar kr.**

**Samtals greiðslur ríkisins til annarra trúfélaga: 0.25 milljarðar kr.**

**Samtals greiðslur ríkisins til veraldlegra lífsskoðunarfélaga: 0 kr.**

- Fjármagn sem ríkissjóður greiðir vegna einstaklings sem skráður er í Þjóðkirkjuna er 2.3 sinnum hærra en fyrir hvern einstakling í trúfélagi utan Þjóðkirkjunnar (19.109 kr. á móti 8.412 kr. ár ári)

Launagreiðslur um alla framtíð í skiptum fyrir jarðir er ekki eðlilegur samningur. **Allir Íslendingar** eiga að vera erfingjar hins **kirkjusögulega arfs** sem nær langt aftur fyrir tíma siðaskiptanna.

Talsmenn Þjóðkirkjunnar segja að launin séu greidd vegna samnings og því sé hún sjálfstæð kirkja. Það fær ekki staðist því launagreiðslur til Þjóðkirkjunnar um alla framtíð í skiptum fyrir jarðir<sup>1</sup> hennar er ekki eðlilegur samningur.

**Allir Íslendingar eru í raun erfingjar hins kirkjusögulega arfs sem nær langt aftur fyrir tíma siðaskiptanna.**

- Einstaklingar skráðir **utan trúfélaga** eða hafa enga tilgreinda skráningu fá ekki að njóta sóknargjalda. Hins vegar er reiknað tillegg skattgreiðenda í þeim hópi tæp 25 þús. kr. til málaflokksins eins og hinna. Af því fara 93,6% í Þjóðkirkjuna en 6,4% í önnur trúfélög.

**Veraldlegt lífsskoðunarfélag** eins og Siðmennt, sem er félag um 2.5% fólks utan trúfélaga fær því ekkert en skattgreiðandi félagar þess leggja til um 25 þús. kr. hver til trúfélaganna.

Ef ríkið greiðir laun á þennan hátt er um ríkisstofnun að ræða en það getur ekki talist réttlætanlegt að eitt trúfélag sé að fullu ríkisrekið en önnur ekki. Víðast hvar í Vestrænum löndum standa trúfélög á eigin fótum því að þau tilheyra einkasviðinu. Með þjóðkirkju er verið að reka ríkistrú en það samræmist ekki jafnræði í lýðræðisríkjum.

Þjóðkirkjan þjónar ekki öllum landsmönnum. Reglur hennar<sup>2</sup> leyfa það ekki og fólk annarrar lífsskoðunar leitar sjaldnast eftir þjónustu hennar<sup>3</sup>. Í raun er hún því ekki og verður aldrei þjóðkirkja.

Aðeins um 2/3 hlutar Íslendinga greiða tekjuskatt og þeir greiða því fyrir sóknargjöld hins 1/3 hlutans.

### **Grundvallarréttindi allra íbúa Íslands eru að njóta jafnræðis og sömu meðferðar af hálfu ríkisins.**

Það er engin sæmd í því að bjóða þjóðinni upp á stjórnarskrá sem brýtur í bága við þau réttindi.

- 1) Í krafti áhrifa og valds eignaðist þjóðkirkjan 1/3 hluta allra jarða landsins en á 20. öldinni var arðvænlegra að selja þær ríkinu fyrir föst laun til óendalegs tíma.
- 2) Prestum þjóðkirkjunnar er ekki ley-legt að gifta hjónaefni nema að annað eða bæði séu í henni.
- 3) Þegar fólk utan þjóðkirkjunnar, vegna aðstöðuleysis, hefur beðið um aðstöðu í kirkju eru til dæmi um bæði neitun og veitt ley-.
- 4) Tekjuskattsgreiðendur eru 156.018 manns árið 2012 (Tíund, okt. 2012 bls. 178). Sóknargjöld fólks utan trúfélaga renna ekki til HÍ (lagabreyting frá 2009).

Við erum meðhöndluð eins og annars flokks þjóðfélagsþegnar en við öxlum samt sömu skyldur

Við viljum njóta sömu réttinda rétta og jafns framlags frá ríkinu.


Tímar trúareinokunar eru liðnir.


Önnur sérréttindi og tekjur þjóðkirkjunnar (Þk):

- i) Styrkir sveitarfélaga árlega til ýmissa verka.
- ii) Héraðssjóðir (5% á sóknargjöld, skv. lögum).
- iii) Stöður presta á heilbrigðisstofnunum.
- iv) Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga í þágu prófastsdæmisins.
- v) Rekstur Guðfræðideildar HÍ til menntunar fyrir embættismenn þjóðkirkjunnar.
- vi) Hlunnindi af prestsetursjörðum.

-  
Þrátt fyrir umtalsverðar tekjur frá ríkissjóði taka prestar Þk. fyrir „aukaverk“ skv. gjaldskrá:


Skírn 3500 kr., ferming 9300 kr., hjónavígsla  
6500 kr., greftrun4 með/án ræðu 13900/5000 kr.,  
kistulagning4 4000 kr. og embættisvottorð 650 kr.





Útskýring:

Hver skattgreiðandi greiðir 24.240 kr. Til trúfélaga og þar af fara 93,6% til Þjóðkirkjunnar (22.683 kr.) og 6,4% til annarra trúfélaga (1.557 kr.) Ekkert fer til fólks utan trúfélaga eða sem er ótilgreint.



Útskýring:

Þó að 93.6% af skattfé til málaflöksins fari til Þjóðkirkjunnar er stærð hennar 76.8% af heildinni.

Aftur hópurinn utan trúfélaga og ótilgreindir er 10.7% af heildinni en fær ekkert og skattgreiðendur (2/3 hlutar) í þeim hópi þurfa að greiða rúm 24 hús. kr. til trúfélaga þessum

**Fjárlög ríkisins til þjóðkirkju til að styrkja eftirfarandi:**

**Prófastur fær greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga**

Menntun presta og starfsþjálfun/forstöðumanna

Kostnað við þing

Prestsetur,

Prestastefnu

Söngmál

Tónlistarfræðslu

Biskupsstofa

Fjölskylduráðgjöf

Vörumst hræðsluáróður- hinar myrku miðaldir eru liðnar og fólk þarf ekki lengur að stjórnast af ótta.

Þjóðkirkja (ELK) vinnur ekki gegn trúaröfgum eða öðrum öfgum í samfélaginu

Þjóðkirkja getur ekki sinnt félagslegri þörf til jafns við fagfólk í heilbrigðis- og menntageira

Þjóðkirkjan getur ekki orðið kirkja allra landsmanna eða þjónustað þá sem ekki vilja þiggja þjónustu hennar

Hingað til hafa **engin** trúfélög eða lífsskoðunarfélög snúið baki við þörfum félaga sinna vegna fjárhagslegra erfiðleika sinna. Það myndi ekki gerast hjá þk þó að hún fengi minna fjármagn.

Eru sumir Íslendingar jafnari en aðrir ?

### Styrkveitingar eru stefnumótunartæki

Tölur um skattamál frá fjármálaráðuneytinu v. álagningar 2012 (FYRIR 2011)

Skattstofnsins var aflað af tæplega 238 þúsund manns. **Almennur tekjuskattur** sem nam 107,1 milljörðum króna var lagður á rúmlega **156 þúsund** framteljendur. Nú greiða tæplega 66% þeirra sem höfðu jákvæðan tekjuskatts- og útsvarstofn tekjuskatt til ríkissjóðs.

## Úr ritgerð Huldu Þórisdóttur, PH.D. Í FÉLAGSSÁLFRÆÐI –

„Trúarstofnun ríkisins“ FRÁ 2006.

„Öfugt við það sem segja má um ríkisrekið menntakerfi og heilbrigðiskerfi, hníga engin rök að því að Þjóðkirkjan sé nauðsynleg fólki til það eigi mannsæmandi líf og því ætti hún ekki að vera rekin af ríkinu.“ Hulda Þórisdóttir sálfr.

„Það er vitaskuld rétt að menning Íslendinga er samofin kristilegri menningu og engin ástæða til að breyting verði þar á þó ríkið dragi sig út úr trúmálum. Það er ástæðulaust að óttast siðferðisbrest eða að þjóðin muni missa tengsl við uppruna sinn þó við höfum ekki ríkiskirkju til að lýsa okkur veginn í þessum efnun. Meginþorri þjóða í Vestur Evrópu býr við aðskilnað ríkis og kirkju en íbúar þeirra landa stofna jafnt fjölskyldur, halda jóla og fyrirgefa náunganum eins og við á Íslandi. Þar að auki má ekki gleyma að þau gildi sem við köllum kristin eiga sér miklu eldri rætur en boðskap Jesú og eiga sér samsvörun í fjölda menningarheima. Mun nær væri að tala um almennt siðferði sem boðað hefur verið jafnt af Plató og Aristótelesi í Grikklandi hinu forna sem búddisma og konfúsisma í Asíu.“ Hulda Þórisdóttir

„Ríkið á að halda áfram á framsækinni braut, fylgja í fótspor ríkja flestra Vestur Evrópu þar sem kirkja og ríki eru aðskilin, og draga sig út úr rekstri sem er því óviðkomandi. Trúarbrögð eru einkamál hvers einstaklings og eiga ekki að vera háð afskiptum ríkisins á neinn hátt. Það skiptir raunar engu máli hvort 1% eða 99% þjóðarinnar tilheyrir Þjóðkirkjunni. Málið snýst um grundvallarskoðun á hlutverki ríkisins í nútímasamfélagi.“ Hulda Þórisdóttir.



## 64. GREIN

Trúfrelsi er bundið í stjórnarskrána með orðum að

„allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti“.

## 62. GREININ

segir „að hin evangelíska lúterska kirkja sé þjóðkirkja á Íslandi og ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda.“

<http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/starfssvid/kirkjumal/almennt/>

## ÖNNUR MISMUNUN - AÐALLEGA FÉLAGSLEG OG LAGALEG.

ELK er tengd stjórnkerfinu með lögum og fær að staðsetja sig hjá forsetanum og þeim ráðherra sem sér um kirkjumál.

**Forseti Íslands skipar biskup Íslands.**

Vernd í stjórnarskrá

**Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.**

Dagskrártíma í útvarpi (nokkrar aðrar kristnar kirkjur hafa þó einnig einhvern aðgang).

Aðstöðu og greiðslur fyrir presta á sjúkrahúsum og sumum skólum

Framlag til bygginga frá bæði ríki og sveitarfélögum

Evangelísk-Lútersk-helgidagalöggjöf sem er heftandi fyrir fólk sem vill sinna öðru en helgihaldi.

Guðlastslög - trúarskoðanir eiga ekki að njóta sérstakrar verndar frá gagnrýni umfram það sem er kveðið á um í almennri meiðyrðalöggjöf.

Grafreitagarðar kallaðir kirkjugarðar og stjórn þeirra er undir sóknarnefndum en ekki hinu opinbera.

Hlutdræg trúarbragðafræðsla í skólum.

Truflun á skólstarfi sums staðar vegna fermingarferðalaga og trúarleg starfsemi í skólum eins og bænahald, „vinalið" og fleira. Trúarlegar heimsóknir leyfðar. Sérþjónustuprestar:

Þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem **á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra**, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr.

#### 51. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

## Á VEF ÞJÓÐKIRKJUNNAR SEGIR UM FJÁRHAGSLEGAN BAKGRUNN HENNAR:

Með lögum sem tóku gildi 1. janúar 1998 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar var stjórnarsýsla Þjóðkirkjunnar aukin og styrkt til muna. Þjóðkirkjan ræður að mestu starfi sínu og mótar eigin starfshætti innan þess ramma sem löggjafinn hefur markað.

Árið 1907 eru sett lög um sölu kirkjujarða þar sem samkomulag var gert við ríkið um að afhenda kirkjujarðirnar. Í staðinn skyldi ríkið greiða laun presta og þannig verður ríkið vörsluaðili eigna fyrir kirkjuna. Á þeim tíma átti kirkjan verulegar fasteignir.

Í janúar 1997 er fest í samkomulagi milli Þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins að kirkjan afhendi jarðirnar gegn greiðslum frá ríkinu vegna launa 138 presta og prófesta, tveggja vígslubiskupa og biskupsembættisins. Árið eftir var svo gerður fjárhagssamningur sem var útfærsla á kirkjujarðasamkomulaginu. Í október 2006 lauk samningum milli ríkis og kirkju um uppgjör og afhendingu prestssetranna til Þjóðkirkjunnar.

Tilgangur sjóða sem settir hafa verið á stofn er að bæta kirkjunni að hluta tekjumissi sem kirkjan varð fyrir þegar ríkið tók yfir kirkjueignirnar og arð af þeim árið 1907. Helstu sjóðirnir eru Kristnisjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður og fer Kirkjuráð með stjórn þeirra.

Greiðslur í Kristnisjóð grundvallast á lögum nr. 35/1970. Tekjur Kristnisjóðs renna í Kirkjumálasjóð þar sem veitt eru framlög til starfsemi kirkjunnar. Er þetta liður í einföldun umsýslu Kirkjuráðs.

[Kristnisjóður var að stofni til búinn til úr Kirkjujarðasjóði og Prestakallasjóði. Tekjur sjóðsins eru „arður af stofnfé Kristnisjóðs, frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja,

Árið 1987 er Jöfnunarsjóður sókna settur á stofn með lögum nr. 138/1993. Tekjustofn Jöfnunarsjóðs sókna miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld til þjóðkirkjusafnaða. Árlega úthlutar Kirkjuráð til kirkna með sérstöðu, til að jafna aðstöðu sókna og til að auðvelda stofnun nýrra sókna. 15% af tekjum sjóðsins renna árlega í Kirkjumálasjóð þar sem úthlutað er til kirkjulegs félags- og menningarstarfs.

Árið 1993 er Kirkjumálasjóður stofnaður með lögum nr. 138/1993. Sjóðurinn kostar rekstur prestssetra, tónlistarfræðslu kirkjunnar, Kirkjuráðs, Kirkjuþings, prestastefnu, þjálfun prestsefna, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar o.fl. Í kjölfar samnings um prestssetrin var framlag í Kirkjumálasjóð hækkað úr 11,3% af sóknargjöldum í 14,3%. Á móti féllu niður liðir vegna rekstrarkostnaðar einstakra verkefna á fjárlögum.

Ríkið innheimtir sóknargjöld fyrir Þjóðkirkjuna um leið og skattana samkvæmt lögum nr. 91/1987. Sóknargjald greiðir hver einstaklingur sem er eldri en 16 ára og er í Þjóðkirkjunni. Gjald þetta hækkar í hátt við tekjur í landinu. Önnur trúfélög njóta sömu þjónustu frá ríkinu.

Kirkjujarðar landsins fá fjárveitingu á grundvelli reiknilíkans. Greiðslur til kirkjujarða miðast við fjölda greftrana næstliðins árs og stærð kirkjujarða. Hluti af kirkjujarðsgjöldum rennur í Kirkjujarðasjóð. Meginmarkmið sjóðsins er að jafna aðstöðu kirkjujarða.

Sjá nánar um fjármál í grein um grundvöll fjármála Þjóðkirkjunnar.

---

<http://www.althingi.is/lagas/140b/kaflar/20.html>

---

**Lög um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands (1990 nr. 62, 17. maí):**

33. gr.

Prófastur fær **greiðslur úr ríkissjóði vegna ferðalaga** í þágu prófastsdæmisins samkvæmt reikningi er dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðar.

3. gr.

...<sup>1)</sup>

Ráðherra er heimilt að ráða prest sóknarpresti til aðstoðar í prestaköllum þar sem íbúafjöldi er yfir 4.000. Í mannfærri prestaköllum hefur ráðherra sömu heimild ef sérstaklega stendur á. Nú fer íbúafjöldi yfir 8.000 og skal prestakallinu þá að jafnaði skipt.

6. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu biskups og umsögn viðkomandi héraðsfundar, að sameina prestakall öðru prestakalli fari íbúafjöldi þess niður fyrir 250 enda hafi það verið prestlaust í a.m.k. tvö ár.

Prestsembættum innan þjóðkirkjunnar utan Reykjavíkur- og Kjalarnessprófastsdæma skal þó ekki fækka við framkvæmd þessa ákvæðis.

---

## ÍSLENSKA RÍKIÐ OG ÞJÓÐKIRKJAN GERA MEÐ SÉR EFTIRFARANDI

### SAMNING UM REKSTRARKOSTNAÐ VEGNA PRESTSEMBÆTTA OG PRÓFASTA, REKSTRARKOSTNAÐ

#### BISKUPSSTOFU, FRAMLAG TIL KRISTNISJÓÐS OG SÉRFRAMLÖG TIL ÞJÓÐKIRKJUNNAR:

#### 1. GR.

Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, hér eftir nefnt kirkjujarðasamkomulagið, og nær jafnframt til rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar sem fellur utan þess samkomulags, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með samningi þessum eru þrjú fylgiskjöl nr. 1, 2 og 3. Um er að ræða skýringar við samning þennan (fskj. nr. 1), yfirlit yfir fjárhæðir samningsins (fskj. 2) og framangreint samkomulag frá 10. janúar 1997 (fskj. nr. 3).

#### 2. GR.

Úr ríkissjóði skal greitt fjárframlag vegna launa og launatengdra gjalda biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 presta og prófaste samkvæmt úrskurðum kjaranefndar, kjaradóms og gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Að auki skal árlega gera ráð fyrir fjárframlagi er svarar til launa og launatengdra gjalda í 70 mánuði vegna námsleyfa, veikinda og annarra launaútgjalda umfram greiðslur samkvæmt 1. mgr., þar með talið fæðingarorlof. Þau mánaðarlaun skal miða við meðalheildarlaun sóknarprests samkvæmt líkani sem tilgreint er í 4. mgr. þessarar greinar.

Fjölgi eða fækki prestum samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag, sbr. 1. mgr., breytast sem því nemur. Fyrir hvert prestsembætti, sem þannig fjölgar eða fækkar um, skal fjölga eða fækka mánuðum vegna námsleyfa o.fl., sbr. 2. mgr., um hálfan mánuð.

Fjárframlag samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skal áætlað í reiknilíkani sem biskupsstofa hefur umsjón með í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Líkanið skal sundurliða launin niður á embætti og launategundir. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga hvers árs skal biskupsstofa endurskoða líkanið til samræmis við síðustu úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Niðurstaða líkansins skal lögð til grundvallar fjárframlagi í frumvarp til fjárlaga hvers árs enda staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti líkanið.

Ef nýir úrskurðir kjaranefndar og kjaradóms leiða til breytinga á kostnaði samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. sem ekki eru í samræmi við forsendur fjárlaga skal leiðrétta framlögin til samræmis.

#### 3. GR.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt fjárframlag að fjárhæð 89,5 m.kr. til rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófaste og annars kostnaðar en launa sem tilgreindur er í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþing setur reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófaste og skulu þær taka gildi 1. janúar 1999.

Fjölgi eða fækki prestum, samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, breytist fjárframlag um 0,6 m.kr.

Samningsfjárhæðir, samkvæmt grein þessari, skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

#### **4. GR.**

---

Úr ríkissjóði skal árlega greitt framlag að fjárhæð 52,7 m.kr. til greiðslu launa starfsmanna biskupsstofu. Biskupsembættið ákveður fjölda starfsmanna hverju sinni og ráðningarkjör þeirra.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag samkvæmt 1. mgr. breytast um 2,9 m. kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Verði breyting, á þeim sem ekki er í samræmi við forsendur fjárlaga skal framlagið leiðrétt.

#### **5. GR.**

---

Árlega skal greitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 30 m.kr. til annars kostnaðar biskupsstofu, vígslubiskupa og biskups Íslands, en að framan greinir. Fjárhæðin tekur til alls rekstrarkostnaðar annars en launa og launatengdra gjalda samkvæmt 2. og 4. gr., m.a. endurnýjunar á tækjum og búnaði, húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar, risnu og kostnaðar vegna biskupskosninga.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag vegna reksturs breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

#### **6. GR.**

---

Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Auk þess skal árlega greiða úr ríkissjóði til ársloka 2005 sem nemur einum árslaunum samkvæmt 1. mgr.

#### **7. GR.**

---

Ríkissjóður greiðir samkvæmt fjárlögum ár hvert sérframlög til þjóðkirkjunnar, sem samið er um sérstaklega, lög kveða á um eða Alþingi ákveður. Með sérframlögum er átt við styrki sem ekki falla innan 2.-6. gr. samnings þessa.

#### **8. GR.**

---

Þjóðkirkjan ber fulla ábyrgð á fjármálum sínum og hagar rekstri eins og þykir best hverju sinni. Í því felst m.a. að þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Framlag úr ríkissjóði er óháð öðrum tekjum sem þjóðkirkjan kann að afla, hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins vegna presta er þjóna erlendis, þjónustugjöldum sjóða til biskupsstofu o.fl.

Ef kirkjan fjölgar eða fækkar prestum umfram það sem tilgreint er í 1. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins hefur það ekki áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Eins getur kirkjan fjölgað eða fækkað öðru starfslíði, breytt launakostnaði og öðrum rekstrarkostnaði án þess að það hafi áhrif á framlag úr ríkissjóði.

#### **9. GR.**

---

Hækka skal framlag í fjárukalögum 1998 til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands alls um 70,3 m. kr. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m. kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Hækka skal framlag til kristnisjóðs í fjárukalögum 1998 um 5,2 m.kr.

Heildarframlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands árið 1999 skal vera 655,2 m. kr. Á árinu 2000 lækkar framlag um 8,1 m.kr. Framlag til fjárlagaliðar kristnisjóðs árið 1999 skal vera 36,4 m.kr. Í fjárlögum ársins 2006 lækkar framlag um sem nemur einum árslaunum presta, sbr. 6. gr. Framlag samkvæmt 1. mgr. er á verðlagi fjárlaga 1998. Aðrar fjárhæðir samnings þessa eru á verðlagi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

#### **10. GR.**

---

Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan þess fjárhagsramma sem fjárlög ársins setja á fjárlagalið þjóðkirkju Íslands. Laun til biskups Íslands, vígslubiskupa, presta, prófasta og starfsmanna biskupsstofu skulu greidd úr ríkissjóði til viðkomandi einstaklinga án atbeina biskupsstofu. Mánaðarlegt framlag til annars

kostnaðar samkvæmt 3. og 5. gr. skal vera mismunur á heildarframlagi viðkomandi mánaðar og þeirra launa sem greidd hafa verið í þeim mánuði. Framlagið skal greiðast til biskupsstofu.

#### **11. GR.**

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins.

Verði verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors samningsaðila getur hinn sagt samningi þessum upp. Tekur uppsógnin gildi frá og með næstu áramótum eftir að hún er tilkynnt.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af biskupi Íslands, einn sameiginlega af dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af þjóðkirkjunni.

#### **12. GR.**

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á haustþingi 1998 leggja fram frumvarp til laga á Alþingi er felur í sér brottfall 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun 31. desember 1998 fella úr gildi reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófaste settar 15. júní 1989, með síðari breytingum.

#### **13. GR.**

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1999. Hann er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjuþings og samþykki Alþingis á fjárframlögum.

Reykjavík, 4. september 1998

Biskup Íslands - Dóms- og kirkjumálaráðherra - Fjármálaráðherra

Fylgiskjal nr. 1.

Skýringar við einstakar greinar samningsins:

#### **UM 1. GR.**

Samningur þessi tengist samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, fsk. 3 um eignaafhendingu á móti skuldbindingu með fyrirvara um fækkun eða fjölgun á skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1996, sem var 244.060.

#### **UM 2. GR.**

Til viðbótar við framlag til launa og annars kostnaðar til samræmis við kirkjujarðasamkomulagið skal greitt framlag sem nemur 70 mánaðarlaunum til námsleyfa, veikinda o.fl. en það samsvarar um hálfum mánuði fyrir hvert prestsembætti.

Með staðfestingu ráðuneyta á launalíkani er átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Núverandi skipting á 138 embættum er 16 prófastar, 112 sóknarprestar, 4 héraðsprestar og 6 sérþjónustuprestar.

#### **UM 3. GR.**

Til rekstrarkostnaðar embætta telst allur embættiskostnaður þar með talinn aksturskostnaður, svo og allur kostnaður vegna sérþjónustupresta að frátöldum almennum prestslaunum, sbr. 2. gr.

Kveðið er á um annan kostnað en laun og launatengd gjöld presta í úrskurði kjaranefndar. Samkvæmt úrskurði hennar frá 13. febrúar 1998 gilda reglur kjaranefndar dagsettar 16. desember 1997, en í 4. lið III. kafla þess úrskurðar segir: Um greiðslur til búferlaflutninga og vegna starfa í þremur fastanefndum kirkjunnar skulu gilda óbreytt ákvæði síðasta kjarasamnings. Kostnaður þessi telst hluti af framlagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa en er ekki áætlaður í reiknilíkani samkvæmt 2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. samningsins er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 138.

#### **UM 4. GR.**

---

Fjárhæðin nemur launum og launatengdum gjöldum 18 starfsmanna biskupsstofu samkvæmt 2. gr. kirkjujarðasamkomulagsins.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 18.

#### **UM 5. GR.**

---

Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 21 (18 starfsmenn biskupsstofu, biskup Íslands og tveir vígslubiskupar).

#### **UM 6. GR.**

---

Viðmiðun um 15 föst árslaun presta tekur mið af b. lið 20. gr. laga nr. 35/1970, um kristnisjóð o.fl. sem felldur var niður með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en kirkjujarðasamkomulagið gerði ekki ráð fyrir að framangreindur b. liður félli niður. Ákvæðið var svohljóðandi: "Tekjur kristnisjóðs skulu vera Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum". Tekið er mið af árslaunum prests í fámennustu prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun með 5% álagi ásamt einingum, sbr. úrskurð kjaranefndar frá 13. febrúar 1998. Nema þau árslaun nú um 2,2 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, skal næstu 8 ár frá samþykkt laganna greiða sem nemur einum árslaunum sóknarprestis. Því er heildarviðmiðun 16 árslaun. Framlag þetta fellur niður í árslok 2005.

#### **UM 7. GR.**

---

Átt er við styrki samkvæmt ákvörðun Alþingis, samningsbundnar og lögboðnar greiðslur, ss. greiðslur til Skálholtsstaðar, Hallgrímskirkju, Hóladómkirkju, Kirkjumiðstöðvar Austurlands, Löngumýrar í Skagafirði og Skálholtsskóla. Auk þess innheimtir ríkissjóður eins og verið hefur sóknar- og kirkjugarðsgjöld fyrir þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð.

Ekki er gert ráð fyrir verðlagshækkun fjárframlaga samkvæmt þessari grein. Tekið er mið af almennum venjum við gerð og meðferð fjárlaga en við undirbúning frumvarps til fjárlaga hefur það ekki tíðkast að verðlagsbæta styrkjaliði heldur er tekin ákvörðun hverju sinni um styrkfjárhæð. Taki liður hækkun samkvæmt lögum eða samningi þar um, sbr. 7. gr., hækkar fjárframlag til samræmis við það.

#### **UM 8. GR.**

---

Niðurstaða þessa samnings er ákveðin fjárhæð fyrir hvert ár. Ef tekjur eða gjöld breytast á fjárlagalið þjóðkirkjunnar þarf að breyta samsvarandi þannig að greiðsla úr ríkissjóði standi óbreytt.

#### **UM 9. GR.**

---

Með orðunum "fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands" er átt við viðfangsefnið 1.01 ÞJÓÐKIRKJA ÍSLANDS á fjárlagalið 06-701 BISKUP ÍSLANDS, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Í fjárlögum 1998 var veitt tímabundið framlag til prestsembættis í Grafarvogsprestakalli. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði prestinn til tveggja ára frá 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir framlagi á árinu 1999 sem svarar til 8 mánaða launa. Framlagið fellur niður í fjárlögum ársins 2000.

Í fjárlögum árið 2000 fellur niður tímabundið framlag til embættis sérþjónustuprests er þjónar meðal Íslendinga búsettra á meginlandi Evrópu.



**UM 10. GR.**

Með orðunum "fjárlagaliðar Þjóðkirkju Íslands" er átt við viðfangsefnið 1.01 ÞJÓÐKIRKJA ÍSLANDS á fjárlagalið 06-701 BISKUP ÍSLANDS, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

**UM 11. GR.**

Hér er einungis átt við meiri háttar breytingar, s.s. meiri háttar breytingar á efnisatriðum úrskurða kjaranefndar, dagsett 3. febrúar 1998, og úrskurða kjaradóms, dagsett 17. desember 1997.

**UM 12. GR.**

Lagaákvæði er svohljóðandi: Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

**13. GR.**

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal nr. 2.

GREIN	KOSTNAÐARLIÐUR	FRUMVARP	FRUMVARP	FRUMVARP
		TIL FJÁRLAGA  1999	TIL FJÁRLAGA  1999 1)	TIL FJÁRLAGA  2000
		VERÐLAG 1998	VERÐLAG 1999	VERÐLAG 1999
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	461,5	477,7	477,7
	Grafarvogsprestur	2,4	2,5	0,0

	Evrópu prestur	5,4	5,6	0,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófata	87,7	89,5	89,5
4. gr.	Launakostnaður biskupsstofu	50,9	52,7	52,7
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	29,4	30,0	30,0
7. gr.	Styrkjaliðir	23,7	23,7	23,7
8. gr.	Sértekjur	-26,3	-26,3	-26,3
	<b>ALLS</b>	<b>634,7</b>	<b>655,2</b>	<b>647,2</b>
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	35,2	36,4	36,4
	<b>Samtals, framlag úr ríkissjóði</b>	<b>669,9</b>	<b>691,7</b>	<b>683,6</b>
	<b>Frumvarp til fjárukalaga 1998</b>			
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi 2)	33,0		
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófata	6,0		
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	4,0		
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	5,2		
	<b>HÆKKUN FRÁ FJÁRLÖGUM 1998</b>	<b>48,2</b>		
	Halli frá fyrri árum	27,3		

1) Hækkun frá verðlagi 1998 til verðlags 1999 er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga og er þá miðað við að kjaranefnd og kjaradómur muni úrskurða sömu hækkun launa í upphafi árs 1999 og almennt er kveðið á um í kjarasamningum.

2) Alls hækkar framlag skv. 2. gr. um 33 m.kr. frá fjárlögum 1998. Af þeirri fjárhæð verður aflað 10,8 m.kr. viðbótarheimildar í frumvarpi til fjárukalaga 1998 en 22,2 m.kr. verða fluttar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis á árinu 1998.

---

Fylgiskjal nr. 3.

---

## FRÁSÖGN AF FUNDI NEFNDA RÍKIS OG KIRKJU UM KIRKJUJARÐIR

### Í DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTINGU 10. JANÚAR 1997.

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

.....

## ÍSLENSKA RÍKIÐ OG ÞJÓÐKIRKJAN GERA MEÐ SÉR EFTIRFARANDI

### samkomulag

---

um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

#### 1. GR.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

#### 2. GR.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengi á kirkjustöðum.

#### 3. GR.

1. Ríkissjóður greiði laun:

a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.

b. 138 starfandi presta og prófesta þjóðkirkjunnar.

c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.

2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum

Þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

6. Greiðslur til kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprestis.

#### 4. GR.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

#### 5. GR.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjubings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

.....

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjuförðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja“ er m.a. átt við kirknaítök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.

b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.

c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetrana.

d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttáð. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárvöðum eða fátækkravöðum falla undir samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækkravöðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjubings, svo og Alþingis, á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar n.k. og fyrir Kirkjubing sem hefst 21. janúar n.k. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og Kirkjubings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóniásson, Stefán Eiríksson, Þorbjörn Hlynur Árnason, Halldór Gunnarsson og Þórir Stephensen.

## ÝMIS LÖG UM ÞJÓÐKIRKJUNA

### LÖG UM UTANFARARSTYRK PRESTA

#### 1931 nr. 18 6. júlí

Tóku gildi 12. október 1931. BREYTT MEÐ [L. 162/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011) og [L. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011).

■ **1. gr.** [Ráðuneytið]<sup>1)</sup> veitir árlega, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, 2–5 prestum, þeim er þjónað hafa embætti a.m.k. 2 ár, styrk til utanfarar með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

<sup>1)</sup>[L. 126/2011, 8. gr.](#)

■ **2. gr.** Styrkur skv. 1. gr. veitist með því skilyrði, að prestur sá, er hans nýtur, dvelji eigi skemur en 4 mánuði erlendis, til að kynnst þar kirkju- og menntalífi eða mannúðarmálum í samráði við kirkjuráð, þegar sett verður. Skal hann síðan flytja í héraði sínu erindi um einhver þau efni, er hann hefur kynnt sér í utanför sinni, og skal að minnsta kosti eitt þeirra birt á prenti eða flutt í útvarp.

■ **3. gr.** Styrkur veitist **2000 kr.** hverjum presti. Greiðist helmingur styrks þegar utanförin er hafin, en hinn helmingurinn þegar 3 mánuðir eru liðnir frá heimanför.

■ **4. gr.** Prestum þjóðkirkjunnar skal skylt að þjóna endurgjaldslaust prestakalli nágrannaprests síns, allt að 6 mánuðum, meðan hann er í utanför samkvæmt lögum þessum. Og skipta þeir þá með sér verkum eftir því, sem biskup og prófastur mæla fyrir.

Nú verður þjónustu nágrannaprests alls eigi komið við, að dómi kirkjustjórnar, og sér hún þá prestakallinu fyrir prestþjónustu.

■ **5. gr.** Sæki eitthvert ár fleiri prestar um styrk til utanfarar en heimilt er að veita það ár, sker kirkjustjórnin úr um það, hverjir fái styrkinn.

■ **6. gr.** Eigi má veita sama manni utanfararstyrk oftar en 7. hvert ár, nema sérstaklega standi á. Þeim presti, sem notið hefur utanfararstyrks úr Sáttmálasjóði, má eigi veita styrk samkvæmt lögum þessum fyrr en 5 ár eru liðin frá því hann fékk styrk úr þeim sjóði.

Tóku gildi 6. júní 1908. BREYTT MEÐ [1. 39/1909](#) (tóku gildi 6. júní 1908), [1. 71/1919](#) (tóku gildi 1. jan. 1920), [1. 36/1931](#) (tóku gildi 1. jan. 1932), [1. 92/1936](#) (tóku gildi 23. júní 1936), [1. 36/1948](#) (tóku gildi 7. apríl 1948) og [1. 90/1984](#) (tóku gildi 1. júní 1984).

■ **1.–2. gr. ...**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr.](#)

■ **3. gr.** Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförunum greinum, ber hverjum prestri borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum,<sup>1)</sup> þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

<sup>1)</sup>[L. 36/1931, 3. gr.](#)

■ **4. gr.** Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrétti á því framvegis.

■ **5. gr.** Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans,<sup>1)</sup> ... undir sjálfum sér, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgerð, er fari fram 10. hvert ár.

<sup>1)</sup>[L. 71/1919, 34. gr., sbr. 22. gr.](#)

■ **6.–7. gr. ...**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 71/1919, 34. gr.](#)

■ **8.–11. gr. ...**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 90/1984, 14. gr.](#)

■ **12.–17. gr. ...**<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 36/1948.](#)

■ **18. gr.** Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sé réttur, og að full skil séu gerð fyrir fé því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

■ **19. gr.** Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gerir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

□ Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

■ **20. gr.** Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

■ **21. gr.** Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sér skv. 5. gr., hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu, sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði skv. 22. gr.

Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sér skv. 5. gr., meira en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er, til prófasts.

■ **22. gr.** Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sér, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

■ **23. gr.** Prófastur skal gera ársreikning fyrir hvert fardagaár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

■ **24. gr.** Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. ...<sup>1)</sup>

2. Sóknartekjur.

3. Vextir af innstæðufé eða peningum prestakallanna.

4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fé það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.

5. Sektir samkvæmt lögum.

<sup>1)</sup>[L. 92/1936, 11. gr.](#)

■ **25. gr.** Landsstjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gerir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

■ **26. gr.** [Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum.]<sup>1)</sup>

...

<sup>1)</sup>[L. 39/1909.](#)

-----

**1931 nr. 36 8. september**

Tóku gildi 1. janúar 1932. BREYTT MEÐ [L. 141/1998](#) (tóku gildi 1. jan. 1999).

■ **1. gr.** [Þjónandi prestar og prófastar skulu fá greiddan rekstrarkostnað embætta sinna frá biskupsstofu samkvæmt reglum<sup>1)</sup> sem kirkjuþing setur.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup>Augl. 819/1999, sbr. 852/2001 og 291/2004. <sup>2)</sup>[L. 141/1998, 1. gr.](#)

■ **2. gr.** Ráðuneytið leggur sóknarprestinum til löggiltar embættisbækur, svo og eyðublöð undir lögboðnar skýrslur og embættisvottorð.

■ **3. gr.** Fyrir aukaverk ber prestum þóknun eftir gjaldskrá, er ráðuneytið setur til 10 ára í senn

**1997 nr. 78 26. maí**

**I. kafli.**

**Heiti og undirstaða.**

1. gr.

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni.

Ríkisvaldinu ber að styðja og vernda þjóðkirkjuna.

Skírn í nafni heilagrar þrenningar og skráning í þjóðskrá veitir aðild að þjóðkirkjunni.

**II. kafli.**

**Réttarstaða.**

2. gr.

Þjóðkirkjan nýtur sjálfræðis gagnvart ríkisvaldinu innan lögmæltra marka.

Þjóðkirkjan, einstakar sóknir og stofnanir hennar njóta sjálfstæðrar eignhelgi og koma fram sem sjálfstæðir aðilar gagnvart almannavaldinu eftir því sem við getur átt.



3. gr.

Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt framlag sem miðist við að það nægi til reksturs hennar ásamt öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

Launagreiðslum til starfandi presta þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna hennar skal hagað samkvæmt því sem greinir í 60. gr.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur með höndum tengsl við þjóðkirkjuna af hálfu ríkisvaldsins að því er varðar fjárlagagerð. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur jafnframt yfirumsjón með því að ríkisvaldið veiti þjóðkirkjunni þann stuðning sem því ber að veita henni lögum samkvæmt og hefur umsjón með því að þjóðkirkjan og stofnanir hennar fari að lögum.

Um stöðu þjóðkirkjunnar sem opinbers trúfélags fer eftir I. kafla laga um [trúfélög, nr. 18/1975](#), eftir því sem við getur átt.

*Skipun biskups Íslands.*

9. gr.

**Forseti Íslands skipar biskup Íslands.**

*Kirkjuleg stjórnvöld.*

23. gr.

Stjórnvöld þjóðkirkjunnar og stofnana hennar fara með stjórnslu í öllum efnum, þar með talda ráðningu og lausn starfsmanna, og bera ábyrgð gagnvart kirkjuþingi.

Kirkjuþing skal sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

**Kirkjuþing getur haft frumkvæði að frumvörpum til laga um kirkjuleg málefni og beint þeim tilmælum til ráðherra að þau verði flutt á Alþingi.**

Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

*Sérþjónustuprestar.*

Almennt.

44. gr.

Þar sem almennri prestþjónustu verður ekki við komið, svo sem **á sjúkrastofnunum, við fangelsi og meðal heyrnarlausra**, skal kalla til presta sem að jafnaði hafa sérmenntun til starfans.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að ráðnir séu prestar á vegum stofnana og félagasamtaka. Teljast þeir prestar vera þjónandi prestar þjóðkirkjunnar, sbr. 33. gr.

Biskup Íslands setur sérþjónustuprestum ráðningarbréf, í samvinnu við þær stofnanir sem þeir eru ráðnir til, auk vígslubrúfs.

Prestar er starfa erlendis.

45. gr.

Biskupi Íslands er heimilt að samþykkja að prestar séu ráðnir til starfa meðal Íslendinga erlendis.

51. gr.

Þingvallaprestakalli gegni prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

## V. kafli.

### Launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

60. gr.

Ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófaste þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok **1996** skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir [lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992](#), með áorðnum breytingum, eða [lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986](#), með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

Launagreiðslur annarra starfsmanna þjóðkirkjunnar eru ríkinu óviðkomandi.

61. gr.

Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar, sem þiggja laun úr ríkissjóði, sbr. 60. gr., njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í [lögum nr. 70/1996](#), svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna, sbr. þó 12. og 13. gr.

Nánari ákvæði um réttarstöðu starfsmanna þjóðkirkjunnar skulu sett í starfsreglur, sbr. 59. gr.

## VI. kafli.

### Jarðeignir kirkna.

62. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu átta ár, upphæð er svarar til fastra árslauna eins sóknarprests.

## VII. kafli.

### Gildistaka og brottfall laga.

63. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

-----  
1. jan 1998 eru 244.893 í Þk en 1. jan. 2012 eru 245.456. Það eru því líklega jafn margar stöður sem greitt er fyrir og voru 1996 að því gefnu að það hafi ekki orðið meira en 5 þús í fjölgun milli 96 og 98.  
-----

LÖG UM SÓKNARGJÖLD O.FL.

1987 nr. 91 29. desember

---

[Ferill málsins á Alþingi.](#) [Frumvarp til laga.](#)

---

Tóku gildi 1. janúar 1988. BREYTT MEÐ [L. 124/1997](#) (tóku gildi 30. des. 1997), [L. 148/2001](#) (tóku gildi 1. jan. 2002), [L. 51/2002](#) (tóku gildi 1. júlí 2002), [L. 95/2002](#) (tóku gildi 31. maí 2002), [L. 129/2004](#) (tóku gildi 31. des. 2005), [L. 173/2008](#) (tóku gildi 1. jan. 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 20. gr.), [L. 70/2009](#) (tóku gildi 30. júní 2009 nema 1.–3. gr., 12.–26. gr. og brbákv. V og VI sem tóku gildi 1. júlí 2009, 4. gr. sem tók gildi 1. sept. 2009 og brbákv. IV sem tók gildi 16. júní 2009; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr., sbr. og [L. 97/2009](#) (tóku gildi 3. sept. 2009)), [L. 162/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011), [L. 164/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011 nema 2., 6., 22. og 26. gr. sem tóku gildi 31. des. 2010; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 29. gr.), [L. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011) og [L. 164/2011](#) (tóku gildi 30. des. 2011 nema 1.–2., 4.–5., 7., 15.–21., 24.–27., 29.–30. og 34.–39. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2012; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 40. gr.).

---

## I. KAFLI. [UM HLUTDEILD ÞJÓÐKIRKJUSAFNAÐA OG SKRÁÐRA TRÚFÉLAGA Í TEKJUSKATTI.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 70/2009, 25. gr.](#)

■ **1. gr.** [Þjóðkirkjusöfnuðir og skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög skulu eiga ákveðna hlutdeild í tekjuskatti álögdum samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt eftir því sem lög þessi ákveða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 70/2009, 22. gr.](#)

■ **2. gr.** [Ríkissjóður skal skila 15. hvers mánaðar, af óskiptum tekjuskatti, fjárhæð er rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga.]<sup>1)</sup> Fjárhæð þessi reiknast þannig að fyrir hvern einstakling, sem er **16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári**, greiðist ákveðin upphæð sem ákvarðast þannig:

1. [Á árinu 1997 skal gjaldið vera 400,24 kr. á einstakling á mánuði.]<sup>2)</sup>

2. ...<sup>2)</sup>

3. Á árinu [1998]<sup>2)</sup> og síðar ákvarðast gjaldið af endanlegri ákvörðun gjaldsins frá fyrra ári, að viðbættri hækkun er samsvarar þeirri hækkun er kann að verða á meðaltekjuskattsstofni einstaklinga á öllu landinu milli næstliðinna tekjuára á undan gjaldári.

Nú verða gerðar breytingar á útreikningi tekjuskattsstofns og skal þá taka tillit til þess við ákvörðun gjaldsins hverju sinni.

Hækkun á gjaldi samkvæmt þessari grein skal ákvarðast af [ráðherra]<sup>3)</sup> í samræmi við upplýsingar frá ríkisskattstjóra ...<sup>4)</sup> eigi síðar en 1. ágúst ár hvert. Þar til ákvörðun þessi liggur fyrir skal ráðherra ákveða uppgreiðslu gjaldsins fyrir mánuðina janúar til júlí ár hvert á grundvelli spár um tekjuþróun tveggja næstliðinna ára.

<sup>1)</sup>[L. 70/2009, 23. gr.](#) <sup>2)</sup>[L. 124/1997, 1. gr.](#) <sup>3)</sup>[L. 126/2011, 121. gr.](#) <sup>4)</sup>[L. 51/2002, 2. gr.](#)

■ **3. gr.** Gjald skv. 2. gr. skiptist þannig:

Vegna einstaklings, sem skráður er í þjóðkirkjuna, greiðist til þess safnaðar sem hann tilheyrir og miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.

---

Vegna einstaklings, sem tilheyrir skráðu trúfélagi samkvæmt [lögum nr. 18/1975](#), greiðist gjaldið til hlutaðeigandi trúfélags.

...<sup>1)</sup>

Vegna einstaklinga, sem eru í þjóðkirkjunni og eru **óstaðsettir á landinu** samkvæmt þjóðskrá, greiðist gjaldið til Jöfnunarsjóðs sókna, sbr. 5. gr.

Trúfélagsskráning miðast við 1. desember næst á undan gjaldári.

<sup>1)</sup>[L. 70/2009, 24. gr.](#)

■ **4. gr.** [Fjársýsla ríkisins]<sup>1)</sup> annast skiptingu gjaldsins skv. 3. gr.

<sup>1)</sup>[L. 95/2002, 7. gr.](#)

---

## II. KAFLI. UM JÖFNUNARSJÓÐ SÓKNA.

■ **5. gr.** Auk gjalds skv. 2. gr. ber ríkissjóði að skila **af tekjuskatti** gjaldi er nemur **18,5%** af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða skv. 2. og 3. gr. í sjóð er nefnist Jöfnunarsjóður sókna. Gjald þetta greiðist mánaðarlega.

■ **6. gr.** Hlutverk sjóðsins er:

- a. Að veita styrki til þeirra kirkna sem sérstöðu hafa umfram aðrar sóknarkirkjur.
- b. Að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem lögmæltar tekjur skv. 2. gr. laga þessara nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum að dómi sóknarnefndar og sóknarprests og að fenginni umsögn héraðsnefndar.
- c. Að auðvelda stofnun sókna í nýjum byggðahverfum.
- d. Að styrkja kirkjulega félags- og menningarstarfsemi.

Heimilt er að veita héraðssjóðum styrki til verkefna er undir þá falla, sbr. 8. gr.

■ **7. gr.** Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn Jöfnunarsjóðs sókna og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn er kynnt skal [ráðuneytinu]<sup>1)</sup> fyrir lok maímánaðar ár hvert. Áætlun skal einnig kynnt kirkjuþingi.

Reikningshald sjóðsins skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

<sup>1)</sup>[L. 162/2010, 114. gr.](#)

---

## III. KAFLI. UM HÉRAÐSSJÓÐI OG FRAMLÖG TIL ÞEIRRA.

■ **8. gr.** Héraðsfundi er heimilt að ákveða að allt að **5% af innheimtum sóknargjöldum** skv. I. kafla laga þessara renni í sérstakan sjóð, **héraðssjóð**, í vörslu prófests. Sjóðnum er ætlað að standa undir kostnaði af sameiginlegum kirkjulegum verkefnum innan prófastsdæmisins eftir ákvörðun héraðsfundar og héraðsnefndar. Jafnframt er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til einstakra sókna.

Ríkissjóði ber að greiða héraðssjóði þá fjárhæð er héraðsfundur ákveður, skv. 1. mgr., áður en sóknargjaldi er skipt milli sókna í hlutaðeigandi prófastsdæmi.

Stjórn héraðssjóðs er í höndum héraðsnefndar sem skipuð er þremur mönnum. Formaður hennar er prófastur, en héraðsfundur kýs tvo nefndarmenn, leikmann og prest, til fjögurra ára í senn og varamenn með sama hætti. Héraðsfundur kýs enn fremur tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins til fjögurra ára í senn og tvo til vara.

Héraðsnefnd ákveður úthlutanir úr sjóðnum á grundvelli samþykktu héraðsfunda og sér um reikningshald hans. Hún gerir grein fyrir starfsemi sjóðsins á héraðsfundi og leggur þar fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.

---

#### IV. KAFLI. STJÓRNVALDSREGLUR, GILDISTAKA OG BROTTFALLIN LÖG.

■ **9. gr.** [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari ákvæði um framkvæmd laganna að fengnum tillögum biskups og kirkjuráðs og að höfðu samráði við [ráðuneyti er fer með tekjuöflun ríkisins].<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 162/2010, 114. gr.](#) <sup>2)</sup>[Rg. 206/1991](#), sbr. [81/1999](#), [1130/2005](#) og [27/2010](#). [Rg. 865/2001](#), sbr. [1129/2005](#) og [150/2010](#). <sup>3)</sup>[L. 126/2011, 121. gr.](#)

■ **10. gr.** Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1988.

...

---

#### [ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA.

■ **I.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, sbr. [1. gr. laga nr. 124/1997](#), skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 566 kr. á mánuði árið 2002 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 148/2001, 7. gr.](#)

■ **II.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða, skráðra trúfélaga og Háskóla Íslands vera 855 kr. á mánuði árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 173/2008, 1. gr.](#)

■ **III.** Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 811 kr. á mánuði frá gildistöku laga þessara út

árið 2009 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári. Fyrir árið 2010 skal gjaldið vera 767 kr. á mánuði fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 70/2009, brbákv. VI.](#)

■ [IV. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 698 kr. á mánuði árið 2011 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 146/2010, 25. gr.](#)

■ [V. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. laganna, með síðari breytingum, skal gjald sem rennur til þjóðkirkjusafnaða og skráðra trúfélaga vera 701 kr. á mánuði árið 2012 fyrir hvern einstakling 16 ára og eldri í lok næstliðins árs á undan gjaldári.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 164/2011, 30. gr.](#)

---

1970 nr. 35 9. maí

<sup>1)</sup>Lagaheiti breytt með [l. 62/1990, 49. gr.](#)

*Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.*

Tóku gildi 1. júlí 1970. Breytt með [l. 4/1984](#) (tóku gildi 22. mars 1984), [l. 25/1985](#) (tóku gildi 14. júní 1985), [l. 62/1990](#) (tóku gildi 1. júlí 1990), [l. 137/1993](#) (tóku gildi 1. jan. 1994), [l. 78/1997](#) (tóku gildi 1. jan. 1998), [l. 162/2010](#) (tóku gildi 1. jan. 2011) og [l. 126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011).

I. KAFLI. UM SKIPUN PRESTAKALLA OG PRÓFASTSDÆMA.

■ 1.–4. gr. ...<sup>1)</sup>

1) [L. 62/1990, 49. gr.](#)

■ **5. gr.** Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. [Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 137/1993, 10. gr.](#)

■ 6.–10. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 62/1990, 49. gr.](#)

■ 11.–13. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 25/1985, 38. gr.](#)

■ 14.–17. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup>[L. 62/1990, 49. gr.](#)

II. KAFLI. UM KRISTNISJÓÐ.

■ **18. gr.** Stofna skal sjóð, er nefnist kristnisjóður.

■ **19. gr.** Stofnfé sjóðsins er:

a. Kirkjujarðasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

b. ...<sup>1)</sup>

c. Prestakallasjóður. Skal sá sjóður lagður niður og renna í kristnisjóð.

<sup>1)</sup>[L. 78/1997, 64. gr.](#)

■ **20. gr.** Tekjur kristnisjóðs skulu vera:

a. Arður af stofnfé kristnisjóðs.

b. ...<sup>1)</sup>



c. ...<sup>1)</sup>

d. Önnur framlög, sem ákveðin kunna að vera með lögum.

e. Frjáls framlög safnaða, einstaklinga og fyrirtækja.

<sup>1)</sup>[L. 78/1997, 64. gr.](#)

■ **21. gr.** Hlutverk kristnisjóðs skal vera:

1. Að launa aðstoðarþjónustu presta og guðfræðinga í víðlendum eða fjölmennum prestaköllum. Biskup gerir ráðstöfun um þessa þjónustu í samráði við hlutaðeigandi sóknarpresta og héraðsprófasta.

2. Að launa starfsmenn, sem ráðnir eru til **sérstakra verkefna** í þágu þjóðkirkjunnar samkvæmt ákvörðun kirkjuþings. Slíkir starfsmenn skulu ráðnir af biskupi með samþykki kirkjuráðs.

3. Að styrkja söfnuði, er ráða vilja starfsmenn til starfa á sínum vegum á sviði **æskulýðsmála, líknarmála** eða að öðrum mikilvægum verkefnum.

4. Að veita fátækum söfnuðum starfsskilyrði, einkum á þeim stöðum, þar sem prestaköll hafa verið sameinuð og kirkjuleg þjónusta er sérstökum erfiðleikum háð.

5. **Að kosta búferlaflutning guðfræðinga**, sem settir eru til þjónustu samkvæmt 1. tölul.

6. Að styrkja framhaldsnám guðfræðinga og annarra starfsmanna kirkjunnar til undirbúnings undir kirkjuleg störf.

7. Að styðja hvers konar starfsemi kirkjunnar til **eflingar kristinni trú og siðgæði með þjóðinni, svo sem útgáfu á hjálpargögnum í safnaðarstarfi og kristilegu fræðsluefni, enn fremur félög og stofnanir, sem vinna að mikilvægum verkefnum á kirkjunnar vegum.**

8. Að sinna að öðru leyti eftir þörfum þeim verkefnum, sem prestakallasjóður hefur gegnt til þessa.

■ **22. gr.** Fastir starfsmenn kirkjunnar, sem ráðnir eru til fullrar vinnu skv. 21. gr., skulu njóta réttinda og bera skyldur opinberra starfsmanna.

■ **23. gr.** Kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans. Kirkjuráð semur árlega fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn, og skal hún samþykkt af [ráðuneytinu].<sup>1)</sup> Reikningsleg endurskoðun skal framkvæmd af ríkisendurskoðuninni.

16. janúar 2013

## UPPLÝSINGABEIÐNI UM KIRKJUEIGNIR

Posted in [Lagabálkurinn](#), [Stjórnámál](#), [Trúmál](#), [Upplýsingabeiðnir](#) at 19:57 by Svavar Kjarrval

Þann 10. janúar 2013 sendi ég upplýsingabeiðni til fjármálaráðuneytisins og bað um ýmis gögn í krafti nýrra upplýsingalaga, aðallega um það sem gerðist 1907 og 1997 á milli ríkiskirkjunnar og ríkisins. Í dag fékk ég svar við henni og birti það hér. Beiðnin var í 4 liðum og svarað í jafnmörgum.

Beiðni #1:

Í krafti upplýsingalaga og annarra viðeigandi laga óska ég eftir því að fá eintak af lista yfir þær jarðir og kirkjueignir sem íslenska ríkið fékk við samning sinn við Þjóðkirkjuna sem undirritaður var 10. janúar 1997 og vísað er til í 63. gr. laga um stöðu Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Þá óska ég eftir verðmati jarðanna sem um ræðir, liggi það fyrir, eða öðrum áætlunum um verðmæti þeirra sem ríkið hefur gert á þeim.

Svar ráðuneytisins:

Benda má á samkomulag milli Íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar ásamt skýringum nefndarmanna. Samkomulagið var ritað 10. janúar 1997. Það er m.a. að finna í greinargerð laganna er urðu síðar að lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 (frekar aftarlega, auðkennt fylgiskjal I). Sjá: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0557.html>

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, urðu eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Við leit í skjalasafni ráðuneytisins fannst ekki yfirlit frá þessum tíma yfir þessar kirkjujarðir sem urðu eftir hjá ríkinu.

Enginn listi fannst í málaskrá yfir þær jarðir og kirkjueignir sem íslenska ríkið fékk við samning sinn við Þjóðkirkjuna sem undirritaður var 10. janúar 1997. Ekki er því hægt að skoða tilteknar eignir eða jarðir, hvorki verðmæti þeirra né hvort útbúið hafi verið sérstakt afsal frá Þjóðkirkjunni til Ríkissjóðs Íslands.

Næsta áratug á eftir, til október 2006, var síðan unnið áfram með þennan fjárhagslega aðskilnað Þjóðkirkjunnar og Ríkissjóðs Íslands. Þ.m.t. ákvörðun um afhendingu tiltekinna fasteigna og jarða til Þjóðkirkjunnar, sem höfðu verið skráðar á ríkissjóð.

Af svarinu að dæma vissi ríkið ekki hvaða jarðir það var að kaupa né hversu mikils virði þær voru.

Fjármálaráðuneytið hafði það hlutverk að meta fjárhagsleg áhrif frumvarpa og veita umsögn um þær. Slíkt mat á verðmæti jarða hefði talist eðlilegt, enda var um að ræða nokkuð stóran samning.

Beiðni #2:

Einnig óska ég eftir þeim skjölum, eða lista yfir þau skjöl, sem fjárlagastofa hafði undir höndum við vinnslu umsagnar sinnar við frumvarp er varð að lögum 78/1997, s.s. 301. mál á 121. löggjafarþingi.

Svar ráðuneytisins:

Fyrst og fremst er hér bent á frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar (lagt fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996–97). Sjá:

<http://www.althingi.is/altext/121/s/0557.html>

Í svari fjármálaráðherra á þinginu 1998–1999 við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar er farið yfir samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra. Sjá:

<http://www.althingi.is/altext/123/s/0432.html>

Í svarinu var sérstaklega bent á neðangreind fylgiskjöl og fylgdu þau með svarinu. (Hér er hægt að sækja þau skjöl sem notuð voru á tölvutæku formi á Alþingi.is).

**Fylgiskjal I.** Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi samning um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar. Dags. 4. september 1998.

Ásamt ítarlegum skýringum við einstakar greinar samningsins.

**Fylgiskjal II.** Kostnaðaryfirlit yfir kostnaðarliði.

**Fylgiskjal III.** Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997. En á fundinum var gert samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar.

Öll gögn, þ.m.t. vinnugögn málsins er stofnað var í kringum kostnaðarumsögnina í janúar 1997 voru ljósrituð og send á lögheimilið þitt [tekið út – heimilisfang]. Um er að ræða myndarlegan blaðabunka.

Eðlilega er pósturinn ekki kominn svo ég get ekki komið með athugasemdir um skjölin sjálf. En af ofangreindum lista að dæma virðist vera að einu gögnin sem lágu fyrir hafi verið téðir samningar og frumvarp sem samningurinn kveður á um að eigi að leggja fram.

Beiðni #3:

Þá óska ég eftir skjölum, samningum eða samkomulögum sem varða þær breytingar sem urðu á sambandi ríkisvaldsins og þjóðkirkju árið 1907 sem urðu til þess að lög nr. 46/1907 og lög nr. 50/1907 voru sett.

Svar ráðuneytisins:

Þessi gögn frá 1907 eru geymd hjá Þjóðskjalasafninu. Almennigur hefur aðgang að þeim gögnum sem sett hafa verið í geymslu hjá þeim. Þessi gögn eru ekki lengur í ráðuneytinu.

Nokkuð eðlilegt svar, enda gögnin gömul. Það sakaði þó ekki að spyrja.

Beiðni #4:

Í svari fjármálaráðherra á þskj. 432 á 123. löggjafarþingi er getið þess að mögulega verði gerð sérstök afsöl fyrir eignarhaldi og/eða ráðstöfunarrétti ríkisins á umræddum jörðum. Hafi verið gerð slík afsöl óska ég eftir afriti af þeim.

Svar ráðuneytisins:

Í svari fjármálaráðherra á þinginu 1998–1999 við fyrirspurn Ólafs Hannibalssonar er farið yfir samkomulag þjóðkirkju og kirkjumálaráðherra. Sjá:

<http://www.althingi.is/altext/123/s/0432.html>

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, urðu eign íslenska ríkisins, samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

Við leit í skjalasafni ráðuneytisins fannst ekki yfirlit frá þessum tíma yfir þessar kirkjujarðir sem urðu eftir hjá ríkinu.

Enginn listi fannst í málaskrá fjármála- og efnahagsráðuneytisins yfir þær jarðir og kirkjueignir sem íslenska ríkið fékk við samning sinn við Þjóðkirkjuna sem undirritaður var 10. janúar 1997. Ekki er því hægt að skoða tiltekna eignir eða jarðir, hvorki verðmæti þeirra né hvort útbúið hafi verið sérstakt afsal frá Þjóðkirkjunni til Ríkissjóðs Íslands.

Þetta má líklegast túlka þannig að ekkert sérstakt afsal hafi verið gert, enda lá ekki fyrir hvaða jarðir voru keyptar og líklegast engar deilur sem kröfðust þess að gert yrði sérstakt afsal.

## Greinaflokkur Brynjólfs

ÞRIGGJA GREINA UMFJÖLLUN BRYNJÓLFS ÞORVARÐARSONAR, BIRTAR Á VANTRÚ 4-6. MARS 2012.

### I. SAMNINGUR RÍKIS OG KIRKJU I : SAMNINGARNIR 1907 OG 1997



Einhver undarlegasti samningur sem íslensk ríkisstjórn hefur undirritað kemur upp til endurskoðunar nú á þessu ári, fimmtán árum eftir gildistöku. Fyrirtækið Biskupsstofa (kt. 460169-6909, VSK númer 028108)<sup>[1]</sup> og íslenska ríkið gerðu með sér samning árið 1997 um fastar greiðslur úr ríkissjóði í skiptum fyrir tiltekna eignir. Samningurinn er kaupsamningur, ríkissjóður kaupir fasteignir og greiðir fyrir þær með afborgunum.

Hér er auðvitað um að ræða samning um launagreiðslur presta Þjóðkirkjunnar og annarra starfsmanna Biskupsstofu sem undirritaður var 1997 og staðfestur með lagasetningu fyrir hönd Ríkisins með lagasetningu 1998<sup>[2]</sup>.

Í þessari þriggja þátta greinarröð verður stiklað yfir samningana, kirkjujarðirnar, forsendurnar og annað er tengist þessum versta samningi sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig við.

## KAUPSAMNINGUR EÐA LAUNASAMNINGUR?

Margir munu eflaust gera athugasemdir við þá skilgreiningu að hér sé um kaupsamning að ræða enda er það orð hvergi nefnt í gögnum um málið. En ekki er heldur rétt að tala um launasamning í hefðbundnum skilningi þótt auðvitað mætti færa fyrir því rök að samningurinn sé einmitt ekkert annað en launasamningur milli ríkissjóðs og tiltekins hóps embættismanna.

Afstaða seljanda mælir sterklega gegn þessari túlkun. Þjóðkirkjan leggur einmitt mjög ríka áherslu á þann skilning sinn að samningurinn fjalli um afhendingu eigna gegn greiðslu og ekkert annað. Á íslensku nefnist slíkt kaupsamningur.

Hvergi kemur fram í málavöxtum að ríkissjóður hafi farið fram á kaupsamning við Þjóðkirkjuna. Svo virðist sem áherslan á að túlka samninginn í því ljósi hafi fyrst og fremst verið Þjóðkirkjunnar og sá skilningur heyrir

oft endurtekinn úr því horni. En til að átta sig betur á eðli samningsins er gagnlegt að skoða nánar forsögu málsins.

## EIGNIR OG EIGENDUR

Eins og flestum er kunnugt átti kaþólska kirkjan um helming allra jarðeigna á Íslandi um siðaskipti. Allt athafnalíf, þar með talinn sjávarútvegur, var bundinn jarðeignum allt fram á 19. öld og því má segja að kirkjan hafi átt Ísland allt að hálfu<sup>[3]</sup>.

Eftir siðaskipti og allt fram á 19. öld tók konungur til sín sífellt fleiri fyrrum eignir kirkjunnar, trúlega síðast þegar Lambastaðir voru teknir af Geir Vídalín biskup 1806 eftir að hann varð gjaldþrota. Geir var fluttur nauðugur til Reykjavíkur og settur á framfærslu yfirvalda<sup>[4]</sup>.

Í sögu Geirs má sjá birtast þá samfélagslegu þróun sem gerði prestum sífellt erfiðara að lifa af hefðbundnum tekjustofni sínum, kirkjujörðunum. Kjör presta versnuðu sífellt, sumir voru í raun bláfátækir, og eftir miklar umræður á Alþingi og með lögum frá 1907 yfirtók ríkið eignir kirkjunnar (aðrar en prestsetur). Andvirði eignanna átti að renna í sérstaka sjóði sem úr skyldi greiða laun presta. Þarna er kominn fyrsti kaupsamningur ríkissjóðs og þjóðkirkju og hugsunin virðist hafa verið einföld: Prestar skyldu lifa af vaxtagreiðslum þar sem höfuðstóllinn fengist af söluandvirði eignanna. Jafnframt var prestum fækkað en þeim boðin föst laun og staða þeirra jöfnuð. Prestlaunasjóður skyldi greiða laun presta en Landsjóður greiða það sem uppá vantaði hverju sinni<sup>[5]</sup>.

Tenging eigna og launa var því ekki algjör samkvæmt lögnum þótt vissulega hafi sá skilningur ríkt að hér væri verið að tala um kaup kaups. Hallgrímur Sveinsson biskup studdi þennan skilning og var bjartsýnn á framtíðina hvað varðaði ávöxtun fjárens enda virðist hafa ríkt almennur uppgangstími á þessum árum. Þetta má einnig lesa úr lögnum sjálfum þar sem tekið er fram að andvirði seldra jarða skuli renna í sérstakan Kirkjujarðasjóð sem skuli ávaxta sem „óskerðanlegur höfuðstóll“ en vextirnir greiðast í Prestlaunasjóð „til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar“ en 5% vaxtanna áttu að verða eftir í Kirkjujarðasjóði og hafa væntanlega verið hugsað sem verðtrygging!<sup>[6]</sup>

En peningarnir voru ekki lengi í paradís. Samkvæmt lögum um laun embættismanna frá 1919 voru prestar settir á föst laun frá ríkinu enda sjóðirnir sem áttu að standa undir launum þeirra farnir endanlega á hausinn<sup>[7]</sup>. Hér hefðu menn getað látið gott heita og launasamningur ríkisins við Biskupsstofu væri í raun ekkert annað en launasamningur. Menn gætu þá þrætt um launaupphæðir, fjölda starfsmanna og annað sem tilheyrir slíkum samningi.

## „VIÐ EIGUM ENNÞÁ JARÐIRNAR!“

Það var Þjóðkirkjan sem gerði kröfu um nýjan samning sem kaupsamning, ekki launasamning. Kirkjan komst að þeirri niðurstöðu að yfirtaka ríkisins á kirkjujörðum 1907 hafi ekki verið lögleg eignataka. Kirkjan ætti því enn eignirnar þótt yfirráðarétturinn væri farinn annað. Þetta kemur skýrt fram í álitsgerð Kirkjueignanefndar frá 1984<sup>[8]</sup> sem kemst að þeirri niðurstöðu að varðandi eignarréttinn að jarðirnar með öllum ítökum séu enn í eigu kirkjunnar<sup>[9]</sup>.

Samningurinn sem fylgdi í kjölfarið 1997 staðfestir þessa túlkun kirkjunnar og það má því segja að í lagalegum skilningi hafi yfirtaka á eignum kirkjunnar ekki átt sér stað 1907 heldur 1997. Samningurinn spyrðir beint saman eignir og laun svo ekki verður um villst og ummæli kirkjunnar manna árétta þetta enn frekar. „Kirkjan afhenti ríkinu eignir sem höfðu verið í umsjá ríkisins í nær heila öld gegn ákveðinni skuldbindingu af hálfu ríkisins við greiðslu launa presta. Ef ríkið stæði ekki við þessa skuldbindingu þá gerði kirkjan efallítið strax tilkall til eignanna sem ríkið hefur annað hvort selt eða ráðstafað með öðrum hætti í nær heila öld“ að mati Þorvalds Karls Helgasonar biskupsritara<sup>[10]</sup>.

Það virðist vera eindóma mat þeirra sem að málum koma að samningurinn 1997 hljóði upp á eignir gegn greiðslu. Þetta kemur enda skýrt fram í samningnum. Í fyrstu grein er tiltekið að jarðeignir kirkjunnar séu eign íslenska ríkisins. Í annarri grein skuldbindur íslenska ríkið sig „á þeim grundvelli sem að framan greinir“ til að

greiða laun presta. Í BA ritgerð um lagalegan grundvöll þjóðkirkjunnar er þetta enn áréttað: „Í [samkomulaginu] segir ... að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir, að frátöldum prestssetrum, séu eign íslenska ríkisins. Íslenska ríkið skuldbindur sig á móti til þess að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Í samkomulaginu segir einnig að það sé skuldbinding um fullnaðaruppgjör þessara aðila vegna verðmætanna sem ríkissjóður tók við árið 1907 – sem eru kirkjujarðirnar.“<sup>[11]</sup>

Niðurstaðan er því ótvíæð. Samningurinn frá 1997 er ekki launasamningur í hefðbundnum skilningi heldur kaupsamningur, reyndar með óhefðbundnum greiðsluákvæðum. Þessi túlkun er að kröfu kirkjunnar sjálfar og hefur verið áréttuð aftur og aftur, m.a. með fullyrðingum um að ef til aðskilnaðar myndi koma þyrfti ríkið að skila eignunum aftur til kirkjunnar! Þannig segir t.d. Ólafur Skúlason biskup: „Það er alveg ljóst að kirkjan myndi ekki vilja láta hlunnfara sig“ og hann er viss um að stjórnvöld séu sama sinnis enda hafi þeim verið „mikið í mun að kirkjan næði sínu fram og gengi ekki með skertan hlut frá borði.“<sup>[12]</sup>

## SAMANTEKT

Samningurinn er kaupsamningur þar sem ákveðnar eignir eru afhentar gegn greiðslu. Í [næstu grein verður gerð grein fyrir kaupverði](#), því sem greitt er fyrir eignirnar og í [þriðju grein](#) skoðum við hvert hið raunverulega verðmæti eignanna gæti verið.

[Heimildaskrá]

Brynjólfur Þorvarðarson

## II. SAMNINGUR RÍKIS OG KIRKJU II : LÁNTAKA, VERÐTRYGGING OG KAUPVERÐ



Í [síðustu grein](#) sáum við að samningur um launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 1997 var kaupsamningur í öllum skilningi, bæði samkvæmt orðanna hljóman í samningnum sjálfum en ekki síst í þeim ummælum sem kirkjunnar menn hafa látið falla um samninginn. Þetta skoðum við nánar í þessari og [næstu grein](#),

En kaupsamningur felur í sér greiðslu fyrir eignir og til að gera sér grein fyrir hvort rétt verð hafi verið greitt þarf að bera saman greiðsluverð annars vegar og mat á raunvirði eignanna hins vegar.

## ÞAÐ SEM ÞJÓÐIN BORGAR

Í öllum kaupsamningum er um að ræða afhendingu verðmæta gegn öðrum verðmætum. Sá samningur sem við erum að fjalla um hér gengur út á afhendingu fasteigna gegn greiðslum í reiðufé og telst, hvað það varðar, vera dæmigerður viðskiptasamningur. En þegar betur er að gáð vantar ýmislegt upp á góða viðskiptahætti. Samningurinn gerir hvergi grein fyrir andvirði hins selda né er gerð tilraun til að meta heildargreiðslu eða vexti svo dæmi séu tekin. Í raun er kaupsamningurinn gerður til allrar eilífðar.

Eina sem liggur fast í samningnum er að hina árlegu afborgun skuli reikna út samkvæmt ákveðnum forsendum. En út frá þeim upplýsingum sem við höfum má reyna að átta sig á því sem upp á vantar. Lán til fasteignakaupa er nokkuð sem við þekkjum flest af eigin raun ef ekki afspurn. Lán þessi eru gjarnan með innbyggðri verðtryggingu og bera að auki raunvexti. Mánaðarleg afborgun stendur undir vöxtum en nær samt að greiða niður höfuðstól. Ef lán er tekið til 40 ára má, út frá mánaðarlegri greiðslu hverju sinni ásamt vöxtum, reikna sig fram til þeirrar upphæðar sem upphaflega var fengin að láni.

Samningur ríkissjóðs og Biskupsstofu er samningur um kaup á fasteignum. Í stað þess að taka lán fyrir kaupverðinu greiðir ríkissjóður árlega afborgun beint til fyrri eiganda. Það má því með réttu segja að kaupverðið hafi verið fengið að láni hjá seljanda. Þótt slíkt sé ekki algengt á fasteignamarkaði er það ekki óþekkt og í viðskiptum er slíkt fyrirkomulag algengt.

Þó lánsupphæðin sé ekki nefnd í samningnum má finna hana að þremur forsendum gefnum: Afborgun, lánstíma og vöxtum. Lánstíminn er hér ótakmarkaður sem þýðir að afborgunin er hrein vaxtagreiðsla. Um vextina má gera sér einhverjar hugmyndir um hvað teldust eðlilegir vextir í viðskiptum af þessari stærðargráðu.

## VÍSITÖLUTRYGGÐ LÁNTAKA

Fyrst þarf þó að skera úr um hvor lánið sé vísitölutryggt. Samkvæmt tölum frá Ríkisendurskoðun<sup>[13]</sup> breytist greiðslan ár frá ári, úr 1200 milljónum árið 1999 og náði mest 1605 milljónum árið 2008 (báðar tölur á verðlagi 2008<sup>[14]</sup>) en það jafngildir 3,33% hækkun á ári umfram verðbólgu. Á árunum 2009 til 2011 hafa greiðslurnar hins vegar lækkað að krónutölu á milli ára og þó þeirri þróun sé nú snúið við með fjárlögum þessa árs þá er afborgunin 2012 lægri að raungildi en árið á undan og ekki nema 85% af raunvirði greiðslunnar 1999 sem samsvarar lækkun um 1,3% að jafnaði á ársgrundvelli<sup>[15]</sup>.

Verðbólga á sama tíma liggur á um 5,8% að jafnaði á ársgrundvelli<sup>[16]</sup> þannig að þó greiðslurnar hafi lækkað að raunvirði þá hafa þær þó legið mun nær því að vera vísitölutryggðar en ekki. Án vísitölutryggingar hefði greiðslan nú í ár verið nær 700 milljónum en þeim 1,4 milljarði sem greiddur verður.

Við getum því ályktað að um vísitölutryggt lán sé að ræða. Afborgun þessa árs nemur 1,4 milljarði<sup>[17]</sup> en hvað vexti áhræfir getum við litið til þess sem almennt gengur í viðskiptum af þessari stærðargráðu – við erum hér að ræða um fjárhæðir sem ekki standa til boða í bönkum almenningi til handa. Skoðum samt fyrst hvað venjulegu íslensku fyrirtæki stendur til boða. Almennir verðtryggðir útlánsvextir bankastofnana eru rétt tæplega 4% á ársgrundvelli nú um stundir<sup>[18]</sup> og miðað við þá vexti myndi 35 milljarða höfuðstóll einmitt greiða af sér 1,4 milljarði á ári að raunvirði (greiðslan og höfuðstóllinn myndu hækka ár frá ári í samræmi við vísitölu).

Slík lántaka er þó varla raunhæf, enginn færir að taka 35 milljarða (öfga) langtíma lán á 4% vöxtum umfram verðbólgu. Slíkir vextir eru gott betur en meðal hagvöxtur iðnrænna ríkja. Hagvöxtur Bretlands var að jafnaði 2% á ári 1830-2008, Bandaríkjana frá stofnun til okkar dags um 3,75% á ári (og slær öllum öðrum hagkerfum langan ref fyrir rass hvað varðar langtíma hagvöxt) en raunhæfur undirliggjandi hagvöxtur í núverandi hagkerfi er talinn 2%. Ef við lítum á þann bizzness sem Biskupsstofa stundar þá var hagvöxtur alls heimsins frá fæðingu Krists og fram til okkar daga ekki nema 0,3% að jafnaði ár hvert<sup>[19]</sup>. Ef við beinum sjónum til framtíðar þá eru hagfræðingar margir furðu svartsýnir á hagvöxt og telja að hann verði minni á heimsvísu á þessari öld en þau 3% sem giltu að meðaltali á 20. öldinni<sup>[20]</sup>.

Ef við viljum fá raunhæfari samanburð á vaxtakjörum þegar í hlut eiga ríkisstofnanir og lán upp á tugi ef ekki hundruði milljarða væri nærtækast að líta til Landsvirkjunar sem gerir sér vonir um að fjárfesta fyrir 28 milljarði á þessu ári<sup>[21]</sup> og skuldaði árið 2010 nettó um 335 milljarði króna á 4% nafnvöxtum<sup>[22]</sup>. Skuldirnar eru í dollurum en verðbólga í Bandaríkjunum liggur að jafnaði um 2,5% þessi árin<sup>[23]</sup>. Raunvextir eru því ekki nema 1,5% og höfuðstóll sem þyrfti að standa undir 1,4 milljarði á ári að raunvirði reiknast þá 94 milljarðar.

## GOTT BETUR EN VERÐTRYGGT

Þegar samningurinn er skoðaður kemur reyndar í ljós að hann er gott betur en verðtryggður. Afborganir reiknast ekki út frá höfuðstól, vöxtum og afborgunartíma eins og gildir um önnur lán heldur af launagreiðslum tiltekins hóps embættismanna sem fær laun ákvörðuð af kjararáði. Í sögulegu samhengi hafa laun almennt hækkað umfram verðbólgu og jafnvel eilítið umfram hagvöxt<sup>[24]</sup>. Þannig var meðalvöxtur vergra þjóðartekna 1,5% á árunum 1995-2010 á meðan raunhækkun launa var 1,9% á ári á sama tíma<sup>[25]</sup>.

Til samanburðar við fyrri tölur um hækkun og/eða lækkun á afborgunum vegna samningsins þá hækkuðu greiðslurnar um 3,33% á ári umfram verðbólgu í góðærinu 1999 til 2008. Laun hækkuðu á sama tíma um 2,9% að jafnaði á ári. Sé hallærið tekið með í reikninginn lækkuðu greiðslur til Biskupsstofu um 1,3% á ári að jafnaði en laun hækkuðu um 1,2% á ári að jafnaði<sup>[26]</sup>. Hér var það ríkisstjórnin sem greip inn í launagreiðslur presta og lækkaði þær einhliða með tímabundinni ákvörðun. Slíkt gerist varla aftur enda verður vonandi ekki endurtekning á efnahagshörmungum nýliðinna ára. Kjararáð tekur aftur við taumunum og búast má við að hækkanir verði þá aftur eitthvað umfram almenna launaþróun – og trúlega gott betur, viðmið Kjararáðs hafa ekki breyst og embættismenn þeir sem hér um ræðir hafa með einhliða tímabundinni aðgerð ríkisins dregist langt aftur úr samanburðarhópum.

Hér kemur enn betur í ljós hversu illa samninganefnd ríkisins samdi af sér. Langtíma lán af þessari stærðargráðu fást einfaldlega ekki með raunvöxtum umfram hagvöxt og rauntekjur hækka að jafnaði enn meira. Það er því ekki hægt að lifa til langs tíma af fjármagnsvöxtum og halda sömu viðmiðunarkjörum. Þar sem samningurinn gengur einmitt út á að viðhalda viðmiðunarkjörum ákveðins hóps embættismanna hefur ríkið skuldbundið sig til lántöku á vöxtum umfram langtíma hagvöxt, sannkölluðum okurvöxtum. Samninganefnd Þjóðkirkjunnar hefði kannski átt að kíkja í bók nokkra þar sem segir: „elskið óvini yðar, og gjörið gott og lánið án þess að vænta nokkurs í staðinn“ (Lúkas 6:35).

---

## HVERT ER ÞÁ KAUPVERÐIÐ?

Eins og kom fram í annarri grein þá væru raunhæfir vextir sambærilegir við þá sem Landsvirkjun greiðir af svipuðum upphæðum þannig að um 100 milljarði þyrfti til að gefa af sér afborgun þessa árs. En dæmið er flóknara en svo eins og kemur fram í umfjöllun um hina innbyggðu hækkun umfram hagvöxt.

Hefðu lækkanir síðustu þriggja ára ekki komið til heldur greiðslan staðið í stað að raungildi frá 2008 hefði útborgun 2012 farið hátt í tvo milljarði. Fram að 2008 hækkaði greiðslan að raunvirði um 3,3% á ári og hefði sama þróun haldið áfram værum við að tala um rúma tvo milljarði<sup>[27]</sup>. Sé miðað við síðari töluna þyrfti höfuðstóllinn að vera 140 milljarðir til að tryggja fasta raunupphæð á hverju ári með engri innbyggðri hækkun fram á við.

Þróun síðustu þriggja ára er auðvitað afbrigðileg en við skulum samt halda okkur við þá 1,4 milljarði sem greiddir verða út á þessu ári. Við þurfum engu að síður að taka tillit til hinnar innbyggðu hækkunar sem enn er fullgildur hluti samningsins og skilaði sér að svo sannarlega fyrstu tíu ár samningstímans og mun væntanlega gera það áfram að kreppe yfirstaðinni.

Segjum sem svo að ríkið ætti upphæð X sem það lánar út á almennum viðskiptakjörum sem nú eru 4% vextir á verðtryggðum útlánum banka. Af vöxtunum ætlar ríkið að greiða laun presta og jafnframt að taka tillit til árlegrar raunhækkunar greiðslna upp á 3%. Það þýðir að fyrstu 3 vaxtaþrúsentin þurfa að renna inn í höfuðstól hverju sinni en laun presta reiknast af því eina prósentu sem eftir stendur. Höfuðstóll þyrfti þá að vera 140 milljarðir.

Þar sem við erum að tala um ríkið sem greiðanda er ekki óeðlilegt að gera ráð fyrir langtímavöxtum sem samsvara hagvexti en með óbreyttri skattþrúsentu ætti hagvöxtur að samsvara raunvexti skatttekna. Ef laun presta hækka ekki umfram hagvöxt þyrfti höfuðstóllinn að standa í 140 milljörðum til að geta greitt laun í 100 ár og ekki lengur.

Raunhæf ávöxtun umfram hagvöxt sést kannski best með því að skoða öruggustu langtímajárfestingar 20. aldarinnar en þar ber hæst bandarísk ríkisskuldbréf sem gáfu 0,9% raunvexti að jafnaði.

Verðbréfamarkaðurinn bandaríski skilaði aðeins meiru, Dow Jones vísitalan hækkaði að jafnaði um 5,3% á



ári, nokkuð sem Warren Buffett telur ólíklegt að gerist á 21. öldinni. Verðbólga mældist á sama tíma að jafnaði um 3% þannig að raunávöxtun verðbréfamarkaðarins var 2,3% á 20. öldinni<sup>[28]</sup>.

## SAMANTEKT

Kaupsamningur sá sem ríkið gerði við Þjóðkirkjuna gerir sem sagt ráð fyrir kaupverði af stærðargráðunni 100 milljarðir – sem er varlega áætlað eins og kemur fram í þriðju og síðustu greininni. Þar munum við einnig reyna að gera okkur grein fyrir hvert raunverulegt verðmæti hins selda er og hvort samræmi er milli þessara tveggja talna.

[Heimildaskrá]

Brynjólfur Þorvarðarson

### III. SAMNINGUR RÍKIS OG KIRKJU III : AFBORGANIR FRAM AÐ ENDALOKUM



Í fyrri tveimur greinum komumst við að þeirri niðurstöðu að [launasamningur ríkis og kirkju](#) er dæmigerður kaupsamningur og að kaupverðið, það sem ríkið greiðir, mætti áætla af [stærðargráðunni 100 milljarðir](#). Í þessari þriðju og síðustu grein reynum við að gera okkur grein fyrir því hvort um raunhæft verð sé að ræða fyrir þær eignir sem ríkið fékk í sína hönd.

## HÍÐ KEYPTA ER ÞAÐ SEM ENGINN VEIT

Efitt hefur reynst að fá tölu á fjölda eða verðmæti þeira jarða sem kirkjan afhenti ríkinu árið 1907. Heyrst hafa tölur á borð við 700 jarðir<sup>[29]</sup> og tölunni 15% hefur verið fleygt fram í umræðu. Það kann að virðast undarlegt að ekki skuli liggja fyrir nákvæmlega hvaða jarðir um ræðir né heldur hvert verðmæti þeirra hafi verið. Ekki svo að skilja að þessar upplýsingar séu ekki aðgengilegar þeim sem vilja og mega.

Það merkilegasta er þó að svo virðist sem mikill óvilji ríki meðal kirkjunnar manna og jafnvel hjá ríkisvaldinu að gefa nokkuð upp í þessu samhengi og hefur því jafnvel verið haldið fram að „í raun eru engir útreikningar til um virði kirjujarðanna annars vegar og skuldbindingar ríkisins hins vegar“<sup>[30]</sup>. Þessi fullyrðing er frá 2010 en þá höfðu þegar birst greinar eftir mig, meðal annars hér á Vantrú, þar sem tilraun var gerð til að reikna þetta út – og bent á að það væri Kirkjunni og ríkisvaldinu í lófa lagið að komast að því rétta í málinu ef vilji væri til<sup>[31]</sup>.

En eitthvað hafa menn þó reiknað þótt ekki fari það hátt. Að vísu ekki „nákvæmlega“ að mati Þorvalds Karls Helgasonar, biskupsritara, menn hafi talið að „því fylgdi óhemju vinna, mjög flókin.“ Engu að síður hafði samninganefnd Kirkjunnar gert „heiðarlega tilraun“ og lagt fram „ítarlega úttekt á þessum eignum, sem ekki var mótmælt af hálfu ríkisins þótt ýmsir hafi hrokkið í kút þegar þeir lásu skýrsluna.“<sup>[32]</sup>

Þessi skýrsla samninganefndar kirkjunnar hefur aldrei verið birt þó um opinbert plagg sé að ræða<sup>[33]</sup>. Varla getur Þorvaldur átt við álitserð Kirkjueignanefndar frá 1984, hún var ekki unnin af samninganefnd kirkjunnar. Í álitserðinni er þó að finna mjög ýtarlega úttekt á eignum kirkjunnar og gæti hún að því leyti átt við. En jafnvel þar strandar málið, opinberlega er aðeins hægt að nálgast fyrri hluta skýrslunnar en í honum er boðað að í síðari hluta hennar verði birt nákvæmt yfirlit um „seldar kirjujarðir og ráðstöfun andvirðis þeirra“ enda sé

von á útreikningum þess efnis úr tveimur áttum: Könnun Ólafs Ásgeirssonar á kirkjujörðum og ráðstöfun þeirra, og sjálfstæð „bókhaldsleg og lögfræðileg endurskoðun“ á vegum Landbúnaðarráðuneytisins.

Það er því ljóst að margar „tilraunir“ hafa verið gerðar og sumar ýtarlegri en aðrar. En það virðist furðu lítil áhugi á að birta neitt af þessu og ítrekað gera menn því skóna að engir slíkir útreikningar séu til. Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri kirkjunnar, hélt því fram árið 2008 að hér á landi sé arður af kirkjueignum greiddur í gegnum ríkið þó að það „hafi ekki verið reiknað niður í kjölinn“ – kannski aðeins niður að ballest?<sup>[34]</sup>

## VIÐ REYNUM NÚ SAMT

Það er þó spurning hversu nákvæmir útreikningar þurfa að vera til að geta gert samanburð á debit og kredit hlið samningsins illræmda. Útgjaldaliður ríkissjóðs er síbreytilegur, að vísu innan nokkuð skýrs ramma, og það má vel með góðum vilja reyna að gera sér grein fyrir tekjuliðnum í þessu samhengi, því sem ríkið keypti og á að standa undir greiðslunum.

Það má nálgast þessa útreikninga eftir mörgum leiðum og það er rétt að taka fram að engin „rétt“ leið er til í þessu samhengi. Jarðirnar eru það margar og verðmæti þeirra hefur breyst það mikið í gegnum tíðina að allir útreikningar hljóta að byggja á einhvers konar mati á aðstæðum og samhengi hlutanna. En fyrst skulum við reyna að átta okkur á því hversu margar jarðirnar voru.

Stuttu fyrir aldamótin 1700 hefur verið áætlað eignafyrirkomulag jarða á Íslandi, reiknuð eftir verðmæti (jarðahundraði), þannig að í einkaeign voru 52% jarða, konungseign um 16% og afgangurinn í eigu kirkjunnar með einum eða öðrum hætti eða um þriðjungur jarða. Þar af áttu kirkjur og bændakirkjur um 11%. Árið 1861 var skiptingin þannig (enn eftir verðmæti jarða) að í einkaeigu voru 74%, konungseigu 11% og undir liðnum „annað“ voru 15%<sup>[35]</sup>.

Jarðirnar sem runnu til ríkisins árið 1907 voru kirkjujarðir aðrar en prestsetur. Kirkjan hélt eftir mörgum bestu jörðunum enda viðbúið að prestsetrin hafi oftast en ekki verið á bestu jörðinni í eignasafni hverrar kirkju. Allar jarðir í eigu kirkjunnar heyrðu undir liðinn „annað“ árið 1861 og voru því að hámarki 15% af verðmæti jarða á Íslandi. Fjöldi lögbýla árið 2006 var um 6500<sup>[36]</sup> og því gætum við verið að tala um 975 jarðir sem er nokkru meira en þær 700 jarðir sem framkvæmdastjóri Kirkjuráðs hefur haldið fram<sup>[37]</sup>.

Til að fara bil beggja skulum við reikna með tölunni 14% að verðmæti og 700 að fjölda, prestsetrin sem enn eru í eigu kirkjunnar skýra þá að einhverju leyti mismræmi og hugsanlega hafa kirkjujarðir verið verðmætari að jafnaði en aðrar jarðir. En hvernig getum við fundið verðmæti jarðanna á núvirði? Til þess eru nokkrar leiðir færar. Við skulum byrja á því að skoða söluverð nokkurra jarða þar sem tölur liggja fyrir.

## KRAFTAVERK KIRKJUNNAR?

Samkvæmt tölum frá 1997 voru á árunum 1984-1996 seldar 20 jarðir fyrir samtals um 160 milljónir á núverandi gengi, eða 8 milljónir fyrir hverja jörð að meðaltali<sup>[38]</sup>. Frá sama ári úrskurðar Matsnefnd Eignarnámsbóta um jörðina Smyrlabjörg að hún sé 11 milljóna króna virði á núverandi gengi<sup>[39]</sup>. Ef við göngum út frá 10 milljónum króna að meðaltali fyrir bújörð í rekstri þá reiknast kirkjujarðirnar allar á 7 milljarði króna eða einn tuttugasta af því sem þyrfti til að standa undir greiðslum!

Samkvæmt fasteignamati er góð prestsetursjörð á Snæfellsnesi metin á 40 milljónir, þar af ítök í laxveiði og dúntekju á 4,5 milljónir og jörðin sjálf á 5,5 milljónir, samtals 11 milljónir. Í okkar samanburði er viðgandi að miða aðeins við þessa síðari tölu, öll uppbygging húsakosts er kostuð af rekstri jarðarinnar eftir 1907<sup>[40]</sup>. Hér fæst líka ágætis mynd af landbúnaði sem fyrirtæki í fullum rekstri en jörð og ítök leggjast á 1/4 af fasteignamati og húsakostur sem afgangurinn.

Ef við nálgumst dæmið út frá þessum hugsanahætti, þar sem litið er á landbúnað sem fyrirtækjarekstur, þá væru bókfærðar eignir fasteignirnar húsakostur, tækjakostur og framleiðsluréttur að frádregnum skuldum. Söluverðmæti fyrirtækis í rekstri má reikna út frá eignastöðu og rekstrartekjum. Segjum sem svo að kirkjan

hefði haldið öllum jörðum sínum og stundað á þeim búskap eins og á öðrum jörðum. Verðmæti eignanna mætti þá áætla út frá þumalputtareglu um söluverð fyrirækja í rekstri.

Eignarstaða landbúnaðar á Íslandi var í heild 61,5 milljarðir árið 2010 á núverandi verðlagi. Vergar þjóðartekjur voru 1300 milljarðir og hlutur landbúnaðar í þjóðarframleiðslu 6,6% eða 86 milljarðir á núverandi verðlagi. Þumalputtareglur um söluverðmæti fyrirtækja eru margar en ein er t.d. tveggja ára tekjur, eða eignir plús eins árs tekjur. Ef við miðum við tveggja ára tekjur fáum við 192 milljarði í heild og 14% af því gerir 24 milljarði.

Eða með öðrum orðum, ef kirkjan hefði ekki afhent jarðirnar og stundað á þeim hefðbundinn búskap gætu þær núna reiknast á 24 milljarði. En á móti hefði kirkjan ekki haft nema sáralitlar tekjur afgang. Í raun afhenti kirkjan ríkinu allar jarðirnar á einu bretti fyrir rúmum hundrað árum síðan og getur því ekki gert tilkall til þeirrar uppbyggingar og ræktunar sem átt hefur sér stað síðan. Eins og við sáum áðan gæti jörðin sjálf og ítök numið 1/4 af heildarverðmæti bújarðar og þá erum við komin niður á 6 milljarði í heildarverðmæti jarðanna frá 1907.

Þetta eru sláandi tölur, svo virðist sem raunvirði eignanna nái varla að dekka 1/10 af greiddu verði. Prestastéttin er kannski ekki sú sleipnasta þegar kemur að stærðfræði en eflaust þykja þeir eiga tilkall til kraftaverka á borð við Jesú og fiskana – og sjá, þeir hafa verið bænheyrðir.

---

## SÍFELLT VERSNAR ÞAÐ

Allt eru þetta frekar einfeldningslegir útreikningar en því betur sem að er gáð því verri verður niðurstaðan fyrir hönd kirkjunnar. Ríkið yfirtók 700 jarðir á einu bretti árið 1907 en gat auðvitað ekki selt þær áfram um leið. Ef við göngum út frá þeirri hugsun sem kirkjan heldur fram, að jarðirnar séu höfuðstóll og launin greidd af arði, þá er ljóst að ríkið hefði frá upphafi, og á hverjum tíma, þurft að lána höfuðstólnum andvirði þeirra jarða sem ekki voru seldar. Við þyrftum þá að fara að reikna inn fjármagnskostnað vegna þessarar innri lánastarfsemi ríkissjóðs ofan í allt annað!

Til skýringar gætum við gengið út frá því að kirkjan ætti í dag 700 jarðir í fullum rekstri og skuldlausar (mikil bjartsýni!). Þessar jarðir ætla kirkjan að selja og lifa af vöxtunum. Til að fá fullt verð þýðir ekki að reyna að selja of mikið í einu en segjum sem svo að seldar séu 20 jarðir á ári (enn meiri bjartsýni). Ef við segjum 50 milljónir á jörð fæst milljarður í kassann fyrsta árið sem dugar ekki fyrir launum það ár. Vextir af þessum eina milljarði gætu numið nokkrum tugum milljóna, kannski nóg handa biskupi og einum eða tveimur prestum. Til að dekka núverandi launagreiðslur prestastéttar þyrfti að fara í lánökur í þeirri von að þegar jarðirnar allar væru seldar myndu þær standa undir launum og greiða niður lánin. En þetta er einmitt sú staða sem kom upp árið 1907, nema þá var það ríkið sem tók á sig að selja jarðirnar – og var enn að selja níutíu árum síðar!

---

## SÆNSKA LEIÐIN

Sá misskilningur virðist útbreiddur meðal kirkjunnar manna að sænska þjóðkirkjan lifi af arði af tekjum. Þetta kemur t.d. fram í grein í Markaðnum 2008 og í blogg færslu hjá séra Baldri Kristinssyni nokkru síðar. Hið rétta er þó að sænska kirkjan fær tekjur í gegnum skattheimtu ríkisins með svipuðum hætti og íslenska systurkirkja hennar. Sænska kirkjan er þó að fullu skilin frá ríkinu með lagasetningu árið 2000. Ríkið innheimtir sóknargjöld hennar gegnum skattkerfið og greiðir að auki upphæð sem er ákvörðuð af fjölda meðlima hverju sinni. Þetta gildir um öll skráð trúfélög í Svíþjóð. Að auki greiðir ríkið kostnað af viðhaldi kirkna<sup>[41]</sup>.

Sjálfsgagt á þessi misskilningur rætur að rekja til þess að sænska kirkjan á talsverðar eignir, eða sem nemur 36 milljörðum sænskra króna (samsvarar 680 milljörðum íslenskra króna). Rekstrarkostnaður kirkjunnar nemur 19 milljörðum sænskra króna (360 milljörðum íslenskra) á ári og af því má strax sjá að arður af eignum gætu aldrei staðið undir rekstri<sup>[42]</sup>.

Ef við yfirferum þessar tölur yfir á íslenska höfðatölu (svíar eru 30 falt fleiri en Íslendingar) fæst eignastaða upp á 22,5 milljarði og rekstrarkostnaður 12 milljarðir. Til samanburðar er rekstrarkostnaður íslensku þjóðkirkjunnar og kirkjugarða ekki nema 4,5 milljarður<sup>[43]</sup>.

Munurinn felst í því að sænska kirkjan gerði aldrei eignaskiptasamning við ríkið eins og gert var hér á landi. Í staðinn hélt kirkjan eignunum og fær að auki valfrjálsan 1% tekjuskatt sem 70% Svía kjósa að greiða. Það virðist því sem að það sé ekki bara íslenska ríkið sem hafi samið illa af sér 1997!

Í okkar samhengi er athyglisvert að skoða eignastöðu sænsku kirkjunnar sem svarar til þess sem sú íslenska hefði átt ef ekki hefði komið til afhendingar jarða 1907. Núverandi eignastaða íslensku kirkjunnar nemur um 7 milljörðum á verðlagi 2012<sup>[44]</sup> og jarðirnar 700 ættu þá að verðleggjast á 15,5 milljarði til að ná 22,5 milljarða eignum sambærilegum við sænsku kirkjuna. Þetta er tvöfalt hærri upphæð en reiknuð var út eftir nokkrum leiðum hér að ofan en þar var ekki tekið tillit til húsakosts á jörðum.

Það mætti því gera því skóna að ef kirkjan hefði haldið eignunum og sinnt þeim með eðlilegum hætti væru þær núna af stærðargráðunni 15 milljarðir. Tekjur hefðu auðvitað ekki orðið neinar sem máli skiptir.

---

## NIÐURSTAÐA

Af ofansögðu má vera ljóst að ríkið samdi illa af sér í samningunum árið 1997 og svo virðist sem það sama megi segja um kirkjuna strax frá 1907 þegar gengist var undir kaupsamninginn. Kirkjan væri miklu betur sett ef hún hefði fylgt sænsku leiðinni og sama mætti segja um ríkissjóð sem gæti þvegi ð hendur sínar af kirkjunni í eitt skipti fyrir öll.

Nú þegar endurskoðun samningsins stendur fyrir dyrum má ljóst vera að það væri allra hagur að fleygja honum eins og hann leggur sig og taka upp fullan aðskilnað ríkis og kirkju í fjármálum sem á öðrum sviðum og gera öllum trúfélögum kleift að afla tekna gegnum valfrjálsa skattheimtu upp á t.d. 0,5% af skattskyldum tekjum sem þó myndi skila kirkjunni meira en hún fær í dag.

[[Heimildaskrá](#)]

[Brynjólfur Þorvarðarson](#)

---

# BALDUR KRISTJÁNSSON

<http://blog.pressan.is/baldurkr/2013/01/07/soknargjoldfelagsgjold/>

Mánudagur 07.01.2013 - 15:49

## SÓKNARGJÖLD/FÉLAGSGJÖLD?

Menn þrætta um það hvort að svokölluð sóknargjöld séu félagsgjöld eða framlag ríkisins til kirkjunnar. Sóknargjöld eiga sér lagastoð frá 1909. Þá leysa ný lög af hólmi lög um tíund. Fram til 1988 eru sóknargjöldin innheimt af sóknamefndunum sjálfum. Með lögum frá áraótum 1987/88 tekur ríkið að sér að innheimta sóknargjöld með þeim hætti að þau verða hlutdeild í tekjuskatti. Föst upphæð sem skyldi verðtryggð skv. ákveðinni formúlu. Ráðherrar sem ég hef rætt við frá þessum tíma segja mör að tilgangur laganna hafi verið sá að gera kirkjunni gott eitt til, treysta stöðu hennar en innheimta sóknargjalda gekk oft brösulega í höndum sóknamefndanna sjálfra. Kirkjan á þeim tíma og síðar leit þannig á að ríkið væri að taka að sér þessa innheimtu og tryggja þannig stöðu kirkjunnar og annarra trúfélaga, en væntanlega hafa önnur trúfélög eflst við það að fá innheimtuna á hreint.

Engin leynd yfir því að með þessum lögum batnaði fjárhagur trúfélaga verulega. Fjárhagslegur uppgangstími hófst í Þjóðkirkjunni og veitti ekki af því að uppbygging í þéttbýlinu hafði verið hæg.

Ekki var annað að sjá en að upphæðin í lögnum frá 1988 væri trygg. Hins vegar er búið þannig um hnúta í íslenskum lögum að fjárlög geta hnekkst upphæðum sem gert er ráð fyrir í almennum lögum. Menn fóru enda fljótt að skerða þessi framlög í fjárlögum og var Ólafur Ragnar fyrsti fjármálaráðherrann sem stóð fyrir slíku um 1990. Síðan ráðherrar af og til þ.a.m. ráðherrar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins. Þetta var samt ekki mikil skerðing og kirkjan undi nokkuð glöð við sitt.

Eftir hrun, þegar hver króna verður dýrmæt skerða stjórnvöld sóknargjaldið verulega mörg ár í röð. Eðlilega fer að hvína í kirkjunnar mönnum sem bæði voru skuldsettir og buðu upp á öflugt og gott starf. Um rétt ráðherra efast nú enginn lengur en kirkjunni finnst réttilega að miðað við sögu þessa gjalds, eðli þess og tilgang sé óeðlilegt að ríkið skerði það að vild. Sögulega séð er þetta félagsgjald þ.e. gjald innheimt af þeim sem eru í trúfélaginu þó að í hagræðingarskyni hafi gjaldið verið sett upp sem hlutfall af tekjuskatti.

Hitt er rétt að þetta er ekki félagsgjald í hefðbundnum skilningi. Það er t.d. bara innheimt af þeim sem borga tekjuskatt. Og...ef þetta er félagsgjald.... hvers vegna er það þá innheimt af þeim sem ekki eru í neinu trúfélagi. Gjald slíkra rann til Háskólans skv. lögnum frá 1987 en síðan 2009 beint í ríkissjóð. Spyrja má: Ef þetta er félagsgjald, með einhverjum hætti, sem það óneitanlega er, er þá ekki ríkið að skattleggja þá sem ekki eru í neinu trúfélagi umfram hina? Það er mismunun!! Mismunun á ekki að líð hvorki í þessum efnum né öðrum. Mannréttindanefnd Sameinuðu Þjóðanna hefur gert athugasemd við þetta og finnst mér og hef sagt áður og segi enn að íslensk stjórnvöld eigi að taka mark á slíkum athugasemdum.

Niðurstaða mín er sú að sóknargjald sé félagsgjald í eðli sínu en með lögnum frá 1987 í röngum búningi og í raun ólölögmætum og vísa ég þá til stöðu þeirra sem ekki eru í neinu trúfélagi. Báðir aðilar hafa því nokkuð til síns máls.

Vilji menn hins vegar ræða um framlög til kirkjunnar ættu þeir að skoða framlög í Jöfnunarsjóð sókna(lög frá 1988) Kirkjumálasjóð (frá 1993). Þetta eru upphæðir upp á ca. 500 milljónir sem Þjóðkirkjan nýtur umfram

önnur trúfélög. Ekki má gleyma því að báðir þessir sjóðir eyða miklu fé í viðhald menningarverðmæta og kirkjan sjálf, saga hennar og tilvist er hluti af sögu og tilvist þjóðar og allt það, en til þess að jafnræði ríki milli trúfélaga(og lífsskoðunarfélaga þess vegna)mætti þetta fé renna til slíkra í samræmi við höfðatölu etv. að teknu tilliti til þeirrar efnislegu sögu sem kirkjan varðveitir t.d. í formi gamalla kirkna.

Ritað sjálfum mér til glöggvunar. Athugasemdir velkomnar á facebook.

## HÖFUNDUR



### Baldur Kristjánsson

Höfundur er með Th.M gráðu í guðfræði með aðaláherslu á siðfræði frá Harvard University. Er B.A. í Þjóðfélagsfræðum frá H.Í. og hefur leiðsögumannspróf frá EHÍ. Höfundur er sóknarprestur í Ölfusi, kirkjubingsmaður og sérfræðingur í ECRI skipaður af íslenskum stjórnvöldum. Hefur haldið úti vefsíðu frá 2001.

Aðeins athugasemdir sem bæta einhverju gagnlegu við færsluna samþykktar.

**TAFLA – SAMANBURÐUR Á KJÖRUM ÞJÓÐKIRKJU, ANNARRA TRÚFÉLAGA OG VERALDLEGRA LÍFSSKOÐUNARFÉLAGA**

	Sóknargjöld	Laun presta og skrifstofu	Jöfnunarsjóður sókna (1987). 18.5% ofan á sóknargj.	Kirkjumálasjóður (1993) 14.3% ofan á sóknargj. (frá 2006)	Kristnisjóður	Sérframlög, t.d. í viðhald sérstakra kirkna.	Samtals:
Þjóðkirkjan	Já 1604 millj	Já 1405 millj. kr.	Já 297 millj.kr.	Já 229 millj. kr.	Já 74 millj. kr.	Já 35 millj. kr.	3662 millj. kr.
Önnur trúfélög	Já 250 millj	Nei	Nei	Nei	Nei	Afar sjaldan	250 millj. kr.
Veraldleg lífsskoðunarfélög	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei	Afar sjaldan	0 kr.





## UM SÓKNARGJALD

Sóknargjald, sem manna á meðal er oft **kallað kirkjuskattur** eða félagsgjöld trúfélaga, er **eiginlega nefskattur** sem gjaldskyldir menn greiða. Samkvæmt lögum nr. 91/1987 er kveðið á um að þjóðkirkjan og skráð trúfélög eigi ákveðna hlutdeild í tekjuskatti. Sóknargjaldið reiknast fyrir hvern þann sem orðinn er **16 ára** hinn 31. desember árið áður en gjaldár hefst. Gjald einstaklings sem skráður er í þjóðkirkjunni rennur til þess safnaðar sem hann tilheyrir. Gjald einstaklings sem tilheyrir skráðu trúfélagi rennur til hlutaðeigandi trúfélags. Gjald einstaklinga, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né skráðu trúfélagi, rann til skamms tíma til Háskóla Íslands. Það hefur nú verið fellt niður og þess í stað fær Háskóli Íslands bein framlög frá ríkissjóði.

Fjárhæð sóknargjaldsins á árinu 2012 er **701 kr.** á mánuði.

## HVAÐ ER ÞJÓÐKIRKJAN?

Vefur þjóðkirkjunnar: <http://www2.kirkjan.is/hvad-er-thjodkirkjan>

## SJÁLFSTÆTT TRÚFÉLAG MEÐ SKYLDUM VIÐ ÞJÓÐINA ALLA

Þjóðkirkjan er frjálst og sjálfstætt trúfélag. **Allir landsmenn geta tilheyrt henni.** Þéttriðið net sókna um land allt tryggir að þjónusta kirkjunnar nái til landsmanna allra. Hver sá er tilheyrir þjóðkirkjunni greiðir sóknargjald til þeirrar sóknar þar sem lögheimili hans er og hefur öll réttindi innan hennar. **Þjóðkirkjan er opin öllum, allir eiga aðgang að þjónustu hennar og eru ekki krafðir um trúarafstöðu.**

## SÓKN OG SAMFÉLAG

Sóknarkirkjurnar um land allt hafa í þúsund ár vitnað um Jesú Krist og markað eyktir mannlífsins og signt krossgötur ævinnar. Með helgihaldi sínu, fræðslu og kærleiksþjónustu vill þjóðkirkjan stuðla að uppeldi í trú og bæn, greiða veg kærleika í verki, veita leiðsögn kristninnar trúar og siðar á daglegri för, huggun í sorg og mótlæti, og búa látnum legstað sem tjáir virðingu fyrir einstaklingnum og sögu hans. Þjónusta þjóðkirkjunnar er samfélagsmótun og efling, þar sem við finnum okkur hluta samhengis sem ber okkur uppi og blessar.

### Félagsleg ábyrgð

Þjóðkirkjan hefur með höndum margskonar félagslega þjónustu, kærleiksþjónustu safnaða og neyðaraðstoð innanlands og þróunar og neyðarhjálp á alþjóðavettvangi um farveg Hjálparstarfs kirkjunnar. Prestar og djáknar í sóknum og á stofnunum veita fólki stuðning, ráðgjöf, sálgæslu auk leiðsagnar í andlegum eignum. Stuðningur við fólk í hjúskaparerfiðleikum er umtalsverður þáttur í starfi presta og með Fjölskylduþjónustu kirkjunnar er veitt dýrmæt þjónusta til stuðnings fjölskyldum.

- [Hjálparstarf kirkjunnar](#)
- [Fjölskylduþjónusta kirkjunnar](#)

### Siðgæði

Með fræðslustarfi safnaðanna, barnastarfi, fermingarfræðslu og æskulýðsstarfi vill þjóðkirkjan greiða veg kristnu siðgæði og veita leiðsögn og stuðning í siðgæðislegum eignum. Í ljósi kærleiksboða Krists og gullnu reglunnar vill hin opna þjóðkirkja stuðla að samtali, umburðarlyndi, virðingu fyrir manngildinu og lotningu fyrir lífi.

### Kyrrð – íhugun

Kyrrð er munaðarvara í nútímanum. Sóknarkirkjan býður kyrrð og rými til bænar og íhugunar hverjum þeim sem eftir leitar, iðkun hennar og athafnir beina sjón til þess helga og háa.

## Samhengi sögunnar

Engin stofnun á Íslandi getur sýnt fram á annað eins samhengi í Þjóðarsögunni og kirkjan. Þjóðkirkjan stendur vörð um það, um leið og hún vill mæta trúarþörf samtíma síns með næringu fagnaðarerindisins. Þjóðkirkjan er víðtækasta mannræktarhreyfing þessa lands og hefur víðari snertiflöt við heimili og stofnanir samfélagsins en nokkur stofnun.

## Menning

Íslensk menning er runnin af rótum vestrænnar, kristinnar hámenningar. Þjóðkirkjan hefur miklu hlutverki að gegna að hlú að grunnstoðum íslenskrar þjóðmenningar en styður jafnframt að frjórri menningarstarfsemi, ekki síst drottningu listanna, tónlistinni.

## Aðrar kirkjur og trúfélög

Þjóðkirkjan er íslensk, stendur djúpum rótum í íslenskri sögu og þjóðarhefð, en jafnframt er hún hluti alþjóðlegs samhengis og tekur virkan þátt í samstarfi kirkna heimsins. Þjóðkirkjan vill stuðla að góðum samskiptum við aðrar kristnar kirkjur og trúarsamfélög í landinu og vinna að skilningi og virðingu fyrir öðrum trúarbrögðum sem festa rætur hér á landi.

## Aðild að þjóðkirkjunni

Aðild að þjóðkirkjunni er staðfest með skráningu í Þjóðskrá. Um 300 sóknir um land hafa innan sinna vébanda tæplega 80% þjóðarinnar. Meðlimagjöld, svonefnd sóknargjöld, eru reiknuð sem hlutfall af tekjuskatti. Með sama hætti innheimtir ríkið meðlimagjöld annarra trúfélaga. Sóknargjöld þjóðkirkjufólks greiðast hins vegar beint til heimasóknar viðkomandi einstaklings og standa undir rekstri og viðhaldi kirkjuhússins og margháttaðri safnaðarstarfsemi. Með aðild að þjóðkirkjunni er stutt við eina styrkustu kjölfestu íslensks þjóðfélags og menningar. Þar munar um hvern og einn. Ef þú ert óviss um það hvort þú ert skráð(ur) í Þjóðkirkjuna geturðu haft samband við Þjóðskrá eða sóknarprestinn.

- [Skráning í þjóðkirkjuna](#)
- [Hvaða áhrif hefur úrsögn úr þjóðkirkjunni?](#)

## Fjármál þjóðkirkjunnar

Tekjur Þjóðkirkjunnar byggja á lögum og samningum við ríkið á grundvelli kirkjueigna. Einnig innheimtir ríkið sóknargjöld fyrir kirkjuna sem og önnur trúfélög. Þjóðkirkjan er sjálfstæð stofnun og jarðeignir sem voru í eigu kirkjunnar stóðu áður beint undir launum og rekstri embættanna og viðhaldi kirknanna.

- [Fjármál kirkjunnar](#)

## FJÁRMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Með lögum sem tóku gildi 1. janúar 1998 um stöðu, stjórn og starfshætti kirkjunnar var stjórnarsýsla Þjóðkirkjunnar aukin og styrkt til muna. Þjóðkirkjan ræður að mestu starfi sínu og mótar eigin starfshætti innan þess ramma sem löggjafinn hefur markað.

Tekjur Þjóðkirkjunnar byggja á lögum og samningum við ríkið á grundvelli kirkjueigna. Einnig innheimtir ríkið sóknargjöld fyrir kirkjuna sem og önnur trúfélög. Þjóðkirkjan er sjálfstæð stofnun og jarðeignir sem voru í eigu kirkjunnar stóðu áður beint undir launum og rekstri embættanna og viðhaldi kirknanna.

Árið 1907 eru sett lög um sölu kirkjujarða þar sem samkomulag var gert við ríkið um að afhenda kirkjujarðirnar. Í staðinn skyldi ríkið greiða laun presta og þannig verður ríkið vörsluaðili eigna fyrir kirkjuna. **Á þeim tíma átti kirkjan verulegar fasteignir.**

Í janúar 1997 er fest í samkomulagi milli Þjóðkirkjunnar og íslenska ríkisins að kirkjan afhendi jarðirnar gegn greiðslum frá ríkinu vegna launa 138 presta og prófesta, tveggja vígslubiskupa og biskupsembættisins. Árið eftir var svo gerður fjárhagssamningur sem var útfærsla á kirkjujarðasamkomulaginu. Í október 2006 lauk samningum milli ríkis og kirkju um uppgjör og afhendingu prestssetranna til Þjóðkirkjunnar.

Tilgangur sjóða sem settir hafa verið á stofn er að bæta kirkjunni að hluta tekjumissi sem kirkjan varð fyrir þegar ríkið tók yfir kirkjueignirnar og arð af þeim árið 1907. Helstu sjóðirnir eru Kristnisjóður, Jöfnunarsjóður sókna og Kirkjumálasjóður og fer Kirkjuráð með stjórn þeirra.

Greiðslur í Kristnisjóð grundvallast á lögum nr. 35/1970. Tekjur Kristnisjóðs renna í Kirkjumálasjóð þar sem veitt eru framlög til starfsemi kirkjunnar. Er þetta liður í einföldun umsýslu Kirkjuráðs.

Árið 1987 er Jöfnunarsjóður sókna settur á stofn með lögum nr. 138/1993. Tekjustofn Jöfnunarsjóðs sókna miðast við 18,5% ofan á sóknargjöld til Þjóðkirkjusafnaða. Árlega úthlutar Kirkjuráð til kirkna með sérstöðu, til að jafna aðstöðu sókna og til að auðvelda stofnun nýrra sókna. 15% af tekjum sjóðsins renna árlega í Kirkjumálasjóð þar sem úthlutað er til kirkjulegs félags- og menningarstarfs.

Árið 1993 er Kirkjumálasjóður stofnaður með lögum nr. 138/1993. Sjóðurinn kostar rekstur prestsetra, tónlistarfræðslu kirkjunnar, Kirkjuráðs, Kirkjubings, prestastefnu, þjálfun prestsefna, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar o.fl. Í kjölfar samnings um prestssetrin var framlag í Kirkjumálasjóð hækkað úr 11,3% af sóknargjöldum í 14,3%. Á móti féllu niður liðir vegna rekstrarkostnaðar einstakra verkefna á fjárlögum.

Ríkið innheimtir sóknargjöld fyrir Þjóðkirkjuna um leið og skattana samkvæmt lögum nr. 91/1987. Sóknargjald greiðir hver einstaklingur sem er eldri en 16 ára og er í Þjóðkirkjunni. Gjald þetta hækkar í hátt við tekjur í landinu. Önnur trúfélög njóta sömu þjónustu frá ríkinu.

Kirkjugarðar landsins fá fjárveitingu á grundvelli reiknilíkans. Greiðslur til kirkjugarða miðast við fjölda greftrana næstliðins árs og stærð kirkjugarða. Hluti af kirkjugarðsgjöldum rennur í Kirkjugarðasjóð. Meginmarkmið sjóðsins er að jafna aðstöðu kirkjugarða.

Sjá nánar um fjármál í grein um grundvöll fjármála Þjóðkirkjunnar.

---

Fylgiskjöl

Stærð

[Yfirlit um greiðslur til Þjóðkirkjunnar 1999 - 2013](#) 10.05 KB

## GJALDSKRÁ UM GREIÐSLUR FYRIR AUKAVERK PRESTA ÞJÓÐKIRKJUNNAR, NR. 668/2003.

### 1. GR.

Prestum ber greiðsla fyrir aukaverk frá þeim sem verk er unnið fyrir samkvæmt gjaldskrá þessari.

Greiðslur fyrir aukaverk skal miða við ákveðinn fjölda eininga. Hver eining jafngildir 1/10 hluta gjalds fyrir borgaralega hjónavígslu á hverjum tíma, samkvæmt gildandi lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Þó er dóms- og kirkjumálaráðherra heimilt að ákveða aðrar fjárhæðir á grundvelli endurskoðunar, sem og ef forsendur breytast verulega af einhverjum ástæðum á gildistímanum eða ef einhver aukaverk verða felld út úr gjaldskránni.

### 2. GR.

Greiðslur fyrir eftirtalin aukaverk eru sem hér segir:

1. Skírn	3.500 kr.
Ef skírt er við guðsþjónustu er skírinn ókeypis	
2. Ferming	9.300 kr.
3. Hjónavígsla	6.500 kr.
4. Greftrun með ræðu	13.900 kr.
5. Kistulagning	4.000 kr.
6. Greftrun án ræðu	5.000 kr.
7. Fyrir embættisvottorð	650 kr.

### 3. GR.

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestsins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna, þó eigi fyrir lengri vegalengd en 10 km. Við kistulagningu og greftrun reiknist þessi vegalengd tvöföld.

### 4. GR.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslna barna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda.

Presti er ennfremur skylt að gefa hlutaðeigandi ókeypis vottorð um skírn og hjónavígslu, enda sé þeirra vitjað eigi síðar en viku eftir að athöfn fór fram.

### 5. GR.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta. Gildir hún frá 1. október 2003 til og með 30. september 2013. Við gildistöku gjaldskrárinnar falla úr gildi gjaldskrá nr. 80 frá 24. febrúar 1993 og auglýsing nr. 136 frá 27. febrúar 2003 um breytingu fyrir aukaverk presta.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. september 2003.

Björn Bjarnason

## ÞINGSÁLYKTUN UM FJÁRMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Númer:

2

Ár:

2011

Kirkjuþing 2011 afgreiðir ársreikninga þjóðkirkjunnar fyrir árið 2010 um einstaka sjóði, stofnanir og viðfangsefni þjóðkirkjunnar athugasemdalaust.

Farið hefur verið yfir fyrirliggjandi endurskoðunarskýrslu til kirkjuþings frá Ríkisendurskoðun. Kirkjuþing staðfestir að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða fyrir árið 2010 hafi hlotið fullnægjandi endurskoðun.

Rekstraráætlun fyrir árið 2012 um helstu viðfangsefni þjóðkirkjunnar, er í samræmi við megináherslur kirkjuþings með hliðsjón af þeim fjárhagsramma sem þjóðkirkjan býr við.

Kirkjuþing vekur athygli á því að sóknargjöld hafa lækkað um 20% frá árinu 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafa greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Nú er svo komið að ekki er unnt að halda úti grunnstarfi í mörgum sóknum víðsvegar um landið, þar sem rekstrarkostnaður og fjármagnskostnaðar hefur hækkað verulega á þessu tímabili.

Kirkjuþing lýsir þungum áhyggjum af þessari þróun. Sóknargjöld eru félagsgjöld og grundvöllur kirkjustarfsins í heimabyggð. Skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin verði 919 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninga og fjárhagsáætlanir þjóðkirkjunnar, stofnanir hennar og sjóði. Nefndin fékk glöggt yfirlit um fjárhagsstöðu kirkjunnar, kröfur ríkisvaldsins um hagræðingu á kostnaði vegna slæmrar stöðu ríkissjóðs og tillögur kirkjuráðs um lækkun framlaga á ýmsum sviðum til þess að mæta hagræðingarkröfu ríkisins.

Sérstaklega var farið yfir fjárhagsáætlun þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar. Nefndin þakkar skýra framsetningu reikninga og áætlana og yfirgripsmikil yfirlit og skýringar á öllum rekstri sem undir þjóðkirkjuna heyra. Nefndin fór yfir endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar, en í skýrslunni er fjallað um ársreikninga embætta, sjóða, stofnana og fyrirtækja þjóðkirkjunnar. Nefndin hafði til umfjöllunar samantekt ársreikninga sókna fyrir árið 2010, yfirlit unnið úr ársreikningum héraðssjóða fyrir árið 2010 og skýrslu um úthlutanir styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna á árunum 1995 – 2012.

Eins og Ögmundur Jónasson, innanríkisráðherra, staðfesti í ræðu sinni við setningu kirkjuþings 2011 hefur þjóðkirkjan sætt meiri niðurskurði en stofnanir innanríkisráðuneytisins. Sóknargjöld hafa lækkað um 20% frá árinu 2008 að teknu tilliti til úrsagna úr þjóðkirkjunni. Á sama tíma hafa greiðslur til stofnana innanríkisráðuneytisins hækkað vegna verðlagsbóta um 5%. Nú er svo komið að ekki er unnt að halda úti grunnstarfi í mörgum sóknum víðsvegar um landið, þar sem rekstrarkostnaður og fjármagnskostnaðar hefur hækkað verulega á þessu tímabili.

Fjárhagsnefnd lýsir þungum áhyggjum af þessari þróun. Sóknargjöld eru félagsgjöld og grundvöllur kirkjustarfsins í heimabyggð. Skorað er á ríkisstjórn og Alþingi að beita sér fyrir því að sóknargjöldin verði leiðrétt til samræmis við þróun fjárveitinga til stofnana innanríkisráðuneytisins þannig að sóknargjöldin verði 919 kr. á mánuði fyrir hvern gjaldanda á árinu 2012.

Nefndin fékk á sinn fund Svein Arason, ríkisendurskoðanda, Inga K. Magnússon, sviðsstjóra, og Kristínu Kalmansdóttur, sviðsstjóra. Þau svöruðu spurningum nefndarfólks um skýrslu um endurskoðun kirkjustofnana 2010 og skýrslu um Biskupsstofu, sóknir og sjóði kirkjunnar. Einnig komu fulltrúi stjórnar Prestafélags Íslands (PÍ), Magnús Magnússon kjaramálafulltrúi og Þorvaldur Karl Helgason, biskupsritari á fund nefndarinnar. Rætt var um **lækkun á skrifstofukostnaði til presta, námsleyfi, rekstur prestssetursjarða og hlunnindi**. Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, ásamt Þorvaldi Karli Helgasyni komu og ræddu framtíð **Skálholtsskóla**. Ragnhildur Benediktsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu, kom og svaraði spurningum nefndarmanna um áhrif niðurskurðar á starfsemi Biskupsstofu. Jón Helgi Þórarinnsson, formaður stjórnar **Tónskóla Þjóðkirkjunnar**, og Björn Steinar Sólbergsson, skólastjóri, gerðu grein fyrir stöðu tónlistarmála Þjóðkirkjunnar. Hjalti Hugason kom á fund nefndarinnar og ræddi starfsþjálfun prests- og djáknaefna.

Fjárhagsnefnd beinir eftirfarandi til kirkjuráðs og biskups Íslands:

1. Að gerður verði formlegur samningur við ríkið um framtíðarskipan og innheimtu sóknargjalda.
2. Að farið verði að tilmælum Ríkisendurskoðunar um að **sjóðakerfi kirkjunnar verði einfaldað og gert gegnsærra**.
3. Að leitað verði leiða til að **efla fjárhagslegt eftirlit og ráðgjöf til sókna** þjóðkirkjunnar.
4. Að fjárhagsáætlun verði gerð til næstu þriggja ára með það að markmiði að jafnvægi ríki í fjármálum kirkjunnar. Áætlun taki mið af þeim skipulagsbreytingum sem unnið er að.
5. Að hvatt verði til þess að sóknir og/eða prófastsdæmi sameinist um verkefni eins og aðstæður leyfa til hagræðis og sparnaðar t.d. í reikningshaldi og innkaupum.
6. Að kirkjuráð hafi forystu um að fulltrúar sókna **upplýsi alþingismenn** um alvarlega fjárhagsstöðu sóknanna og mikilvægi þess að sóknargjöld verði leiðrétt. Þannig verði fylgt eftir fundi fulltrúa kirkjuráðs með fjárlaganefnd Alþingis fyrr í nóvember 2011.

Í BÓKINNI RÍKI OG KIRKJA EFTIR **SIGURJÓN ÁRNA EYJÓLFSSON** SEGIR:

„Samkvæmt skoðun þýska guðfræðingsins Karl-Fritz Daibers er hugtakið motað um þann kristindóm sem hefur eftirfarandi einkenni:

1. Stór hluti þjóðarinnar væntir andlegrar leiðsagnar kirkjunnar og
  - a. hún veitir einstaklingum og fjölskyldum þeirra samfylgd í lífinu
  - b. Hún snertir líf þeirra á helstu tímamótum
  - c. og tengir það með athöfnum...
  - d. Hún styður manninn á gleði- og sorgarstundum
2. Hátíðir kirkjuársins (jól, páskar og hvítasunna) móta þá sem tengjast þjóðkirkjunni
  - a. kirkjuárið setur líf manna skorður
    - i. Hefðartengsl
    - ii. Meðvitaður og ómeðvitaður stuðningur kirkjunnar
3. Þjóðkirkjan setur þeim sem í henni eru engar fastar reglur eða aðrar hömlur.
  - a. Ekki krafist meðvitaðrar og opinberrar játningar af þeim.
  - b. Kirkjan tengist fólki sínu miklu fremur í menningu og hefðum samfélagsins
4. Loks gegnir þjóðkirkjan mikilvægu hlutverki við mótnun þess gildismats sem þar ríkir.

Öll þessi atriði sem Daiber telur upp eiga sér sögulegar rætur“. bls. 18.

Svo vitnar hann í Hans-Rudolf Muller-Schwefe: „Sú afstaða að fagnaðarerindið sé ætlað öllum rífur því niður þá múra sem gætu auðveldlega lokað inni lítinn trúarsöfnuð. Boðunarhlutverk safnaðarins sem felst í þeim skilningi að fagnaðarerindið sé fyrir fólkið er meginstoð þjóðkirkjuhugtaksins.“

Eilert Herms: „Aðaleinkenni hennar felast í því að hún starfar fyrir þjóðina, sama hversu stór eða lítil hún er.“

Á bls 13 segir hann um fríkirkjur:

„Fræðimenn skilja því á milli hugtakanna „þjóðkirkja“ og „fríkirkja“. Í þjóðkirkju er mikið lagt upp úr tengslum við samfélagið, að kirkjan sé opin og ungbarnaskírinn sitji í fyrirrúmi og gildi fortakslaust. Fríkirkja er fremur bundin við afmarkaðan hóp og í henni er játningin notuð til þess að gera skýran greinarmun á kirkju og samfélagi. Augljóst er að þessi aðgreining á varla við um íslensku fríkirkjurnar, þær eru samkvæmt skilgreiningunni fyrst og fremst þjóðkirkjur.“

### Mótrök:

Þjóðkirkjan er nú 76.8% af landsmönnum. Hún er því ekki að veita öllum landsmönnum þjónustu eins og hún gerði þegar trúfrelsi var ekki við lýði í landinu. (fyrir 1874).

Vissulega tengjast margir frídagar kristninni og margt í menningu þjóðarinnar en það er arfleifð trúarlegra yfirráða og hentar misvel íbúum landsins í dag. Þessir hlutir bera vott um áhrif hinnar Evangelísk-lúthersku kirkju (ELK) en gera hana ekki að þjóðkirku.

Þó að þjóðkirkjan krefjist ekki trúarjátninga og sé opin kristnum gerir það ekki hana að þjóðkirkju.

Boðunarhlutverk ELK greinir hana ekki frá öðrum trúfélögum og gerir ekki heldur að þjóðkirkju.

Þjóðkirkjan getur heitað áfram þjóðkirkja en ríkisrekin þjóðkirkjuskipan á ekkert erindi í lýðræðisþjóðfélag jafnræðis og mannréttinda.

---



# ÞINGSÁLYKTUN UM STAÐFESTINGU Á BREYTINGU Á SAMÞYKKTUM UM INNRI MÁLEFNI ÞJÓÐKIRKJUNNAR

<http://kirkjuthing.is/gerdir/2010/20>

**Númer:**

20

**Ár:**

2010

Kirkjubing 2010 ályktar að staðfesta breytingar á „Samþykktum um innri málefni þjóðkirkjunnar“, sem staðfestar voru á kirkjubingi 2009 þannig:

1. IX. kafli samþykktanna **Hjónavígsla** *Hjónavígsla, hjónaband* orðist svo:

Kirkjuleg hjónavígsla er helgiathöfn þar sem tveir einstaklingar, karl og kona, eða tveir karlar eða tvær konur, heita hvor öðrum ævitryggðum, að eiga, njóta og þiggja saman önn sem yndi lífsins, gleði og sorgir.

Hjónavígslan er tjáning gleði og fagnaðar, samstöðu, ábyrgðar og vonar á þessum vegamótum lífsins sem hjónin standa á. Söfnuðurinn umlykur hjónin fyrirbæn sinni ásamt kirkjunni allri og vill með Jesú Krist sem fyrirmynd sýna því samfélag hinnar gagnkvæmu þjónustu og þörf allra fyrir samfélag við Guð og náungann utan hrings fjölskyldunnar.

Návist Guðs í hjónabandinu veitir hjónunum hjálp til að lifa saman í kærleika og umhyggju og vera vottar þess í umhverfi sínu.

Hjónin játast hvort öðru opinberlega fyrir Guði og söfnuðinum, heita því að vera hvort öðru trú, elska og virða hvort annað. Guð sameinar þau, þau tvö verða eitt. Presturinn minnir þau á skuldbindingar og ábyrgð og fyrirheit hjónabandsins, og lýsir þau hjón og leggur blessun Guðs yfir hjúskap þeirra. Viðstaddir biðja fyrir þeim og heimili þeirra.

2. X. kafli samþykktanna falli brott.

3. Núverandi XI. kafli verður X. Kafli og breytist númer annarra kafla er á eftir koma til samræmis við það.

4. Breyting þessi taki gildi þegar í stað.

## I. TRÚ, JÁTNING OG KENNING ÞJÓÐKIRKJUNNAR

### Grundvöllurinn

Starf og boðun hinnar evangelísk-lútersku þjóðkirkju á Íslandi ber vitni um trú, játningu og kenningu hennar. Kenning þjóðkirkjunnar er tjáð í Heilagri ritningu, játningum trúarinnar, hefð og arfi kirkjunnar, í Handbók og Sálmaþók kirkjunnar og samkirkjulegum samþykktum sem þjóðkirkjan hefur gerst aðili að.

Þjóðkirkjan gengur út frá því að þau sem koma fram fyrir hennar hönd játi kristna trú og leitist við að lifa kristnu trúarlífi.

Í samfélagi kirkjunnar leitast sérhver kristinn maður, jafnt karl sem kona, við að lifa sig inn í leyndardóma trúarinnar og gera sér vitnisburð trúarinnar og köllun sína ljósa. Með helgihaldi, kærleiksþjónustu, fræðslu og boðunarstarfi vill þjóðkirkjan bjóða öllum að eignast samfélag í trúnni og hlutdeild í lífi hennar. Hún vill efla fólk á öllum aldri til þátttöku í starfi kirkjunnar og til kristins vitnisburðar með lífi og breytni á vettvangi dagsins.

Kenning evangelísk lúterskrar kirkju er sett fram og túlkuð með íhugun guðfræðinnar um trú og játningu í lífi manns og heims.

### Játningar

Þjóðkirkjan játar trú á heilaga þrenningu, einn Guð, föður, son og heilagan anda. Þjóðkirkjan játar Guð föður, skaparann, sem elskar og verndar sköpun sína. Þjóðkirkjan játar Jesú Krist sem Drottin og frelsara og fagnaðarerindi hans sem kraft Guðs til hjálpraðis þeim sem trúa.

Þjóðkirkjan játar heilagan anda, lífjafann og hjálparann, sem kallar hana, upplýsir og helgar með gjöfum sínum.

Þjóðkirkjan viðurkennir heilaga ritningu Gamla og Nýja testamentisins sem orð Guðs og sem uppsprettu og mælikvarða boðunar, trúar og lífs.

Þjóðkirkjan játar postullegu trúarjåtninguna, Níkeujátninguna og Aþanasúsar- játninguna sem sanna skilgreiningu trúar heilagrar almennrar kirkju.

Evangelísk-lútersk kirkja viðurkennir Ágsborgarjåtninguna 1530 og Fræði Lúthers minni sem sannan vitnisburð um fagnaðarerindi Jesú Krists og um það hvernig trú hinnar almennu kirkju var túlkuð sem svar við spurningum siðbótartímans.

### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Ákvæði 62. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins um þjóðkirkjuna eru byggð á Konungalögum 1665, Norsku lögum, 1687, II. bók, 1. kafli og Kirkjurítúalinu, 1685.
- Erindisbréf biskupa, 1746, 43. gr.
- Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, 1. gr.
- Handbók kirkjunnar, 1981
- Stjórnarskrá Lúterska heimssambandsins, 1947
- BEM-skýrslan, Skírn, máltíð og þjónusta, 1984
- Porvoo-samkomulagið, 1995

## II. GRUNNEINING KIRKJUNNAR

### Sókn og söfnuður

Sóknin er grunneining þjóðkirkjunnar og vettvangur þjónustu hennar á hverjum stað. Sóknin er félag þess fólks innan þjóðkirkjunnar sem myndar söfnuð, þar sem

fagnaðarerindið er boðað og sakramenti um hönd höfð og fólk leitast við að lifa samkvæmt boði Krists.

Söfnuðurinn er kirkjan. Þegar söfnuðurinn safnast saman um orð Guðs og sakramenti, þá birtist þar kirkja Krists öll, líkami Krists á jörðu, samfélag heilagra. „Hvar sem tveir eða þrír eru samankomnir í mínu nafni þar er ég mitt

á meðal þeirra,“ segir Kristur (Matt.18.20). Og í 7. grein Ágsvorgarjótningarinnar segir: „Ennfremur kenna þeir: Ein, heilög kirkja mun ávallt vera til, en kirkjan er söfnuður heilagra, þar sem fagnaðarerindið er kennt hreint og sakramentunum er veitt rétt þjónusta.“ Söfnuðurinn boðar návist Guðs í lífi fólks og að náð Guðs stendur öllum til boða. Söfnuðurinn veitir skilyrði til vaxtar og þroska í trú, von og kærleika í daglegu lífi og störfum. Skipulag Þjóðkirkjunnar birtir að hún er líkami Krists og farvegur návistar hans meðal manna. Hún er send til að biðja, boða og þjóna. Það er sameiginleg ábyrgð allra skírðra sem kirkjunni tilheyrir. Kristur, upprisinn, sendir lærisveina sína að gera allar þjóðir að lærisveinum og heitir að vera með þeim alla daga, ávallt. Prestar og forystufólk sóknanna bera sameiginlega ábyrgð á samfélagi trúarinnar í söfnuðinum. Sóknaskipan Þjóðkirkjunnar felur í sér að kirkjan á erindi við þjóðina alla og enginn er þar undan skilinn.

Með sérþjónustu kirkjunnar, svo sem á sjúkrastofnunum og í fangelsum, leitast kirkjan við að sinna þeirri kirkjulegu þjónustu sem vart er unnt að veita á vettvangi sóknanna.

### Þjónustan

Frumskylda sóknar er helgihald, kærleiksþjónusta og fræðsla sem nærir og eflir trú sem starfar í kærleika.

Sérhvert sóknarbarn á að eiga kost á guðsþjónustu hvern helgan dag.

Sóknin skal leitast við að hafa reglubundið helgihald og fjölbreytt guðsþjónustulíf til að ná til fólks á ýmsum aldurs skeiðum, og nýta þau tækifæri sem athafnir á kross- götum ævinnar veita til boðunar og sál gæslu.

Þar sem ekki er unnt að halda uppi reglubundnu helgihaldi, svo sem vegna fámennis, geta sóknir í sama prestakalli, eða á sama þjónustusvæði, sameinast um helgihald og aðra meginþætti safnaðarstarfs.

Heimilisguðræki og bænarlíf einstaklinga og fjölskyldna er óaðskiljanlegur þáttur í guðsþjónustu og trúarlífi og ber söfnuðinum að hlúa að því eftir megni.

Sóknin hlýni að samfélagi umhyggju og kærleika, láti sér annt um að vernda mannlífið á ólíkum skeiðum þess, og bera þannig vitni um hina kristnu von og kærleika með líknarþjónustu, svo og með aðild að hjálparstarfi og kristniboði kirkjunnar.

Sóknin sjái til þess að sóknarbörn njóti sál gæslu, umhyggju og stuðnings á lífs- göngunni og eigi aðgang að sál gæslu í samtali, prédikun, sakramenti og fyrirbæn. Sókninni ber að veita fræðslu í kristinni trú og sið og styðja þannig heimilin í trúaruppeldi þeirra með barnastarfi, fermingarundirbúningi og æskulýðsstarfi. Með því skal séð til þess að þau sem skírð eru fái kristið uppeldi og fræðslu, læri að biðja og verða handgengin Heilagri ritningu og hljóti leiðsögn, uppörvun og stuðning til að lifa trú sína í daglegu lífi og starfi.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Skilgreining á sókninni er að finna í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar, í starfsreglum, í Stefnuótun safnaðaruppbyggingar, í Stefnu og starfsáherslum 2004-2010 og víðar.
- Lög um leysing á sóknarbandi nr. 9/1882
- Lög um umsjón og fjárhald kirkna nr. 22/1907
- Lög um skráð trúfélög nr. 108/1999
- Tilskipun um húsvitjanir, 1746

## III. HELGIHALD

### Guðsþjónusta

Fyrsti dagur vikunnar, sunnudagurinn, er Drottins dagur, helgaður Kristi sem reis upp frá dauðum. Það er Kristur sem kallar lýð sinn saman til helgrar þjónustu. Messan er hjartsláttur trúarlífsins þar sem söfnuðurinn mætir Drottni í orði og sakramentum.

Í messunni fær trúin næringu til vaxtar og þroska fyrir boðun fagnaðarerindisins, samneyti heilagrar kvöldmáltíðar altarisins og samfélagið í bæn og beiðni og þakkargjörð. Frá messunni er söfnuður Krists sendur út með blessun hans. Þjóðkirkjan er hvarvetna sýnileg í athöfnum sínum og trúariðkun. Guðsþjónusta Þjóðkirkjunnar stendur öllum opin. Guðsþjónustan er gjöf og köllun kirkjunnar allrar og þar birtist hinn almenni prestsdómur allra skírðra. Guðsþjónustan er verk safnaðarins, þjónusta lýðsins.

Orðið messa merkir útsending. Söfnuður Krists þiggur dagskipun hans til að fara út í hversdaginn til að vitna um fagnaðarerindið og vinna verk kærleikans.

Presturinn, djákninn, meðhjálparinn, hringjarinn, organistinn og söngfólkið og aðrir sem koma með beinum hætti að helgihaldinu eru þjónar safnaðarins í samfélagi heilagrar kirkju. Vígður þjónn kirkjunnar veitir guðsþjónustunni forstöðu í Krists stað og í umboði heilagrar kirkju hans. Sóknarprestur og sóknarnefnd bera ábyrgð á því að guðsþjónusta standi jafnan sóknarbörnum til boða. Sérhver sá sem til kirkju kemur og þaðan fer innir af hendi dýrmæta þjónustu hins almenna prestsdóms.

#### Helgihald þjóðkirkjunnar

1. Helgihald þjóðkirkjunnar felst í almennri guðsþjónustu, messu, barna- og fjölskylduguðsþjónustu, tíðagjörð, fyrirbænauguðsþjónustu, kyrrðarstund, helgistund, skírn, altarisgöngu, fermingu, hjónavígslu, staðfestingu samvistar, útför.
2. Helgihald þjóðkirkjunnar er opinbert og opið öllum. Þeir sem tilheyra þjóðkirkjunni eiga rétt á að taka þátt í helgihaldi sóknar sinnar og athöfnum samkvæmt því sem Handbók kirkjunnar mælir fyrir um.
3. Sóknarbörn eiga rétt á að sækja helgihald og prestsþjónustu utan sóknar sinnar ef svo ber undir. Frumskylda presta þjóðkirkjunnar er við eigin sóknarbörn.
4. Í hverri sókn skal að jafnaði halda almenna guðsþjónustu hvern helgan dag og á hátíðum kirkjuársins. Þar sem aðstæður krefjast geta fleiri en ein sókn í prestakalli eða á samstarfssvæði sameinast um almenna helgidagaguðsþjónustu og annað helgihald.
5. Almenna helgidagaguðsþjónustu skal halda í samræmi við Handbók kirkjunnar.
6. Sóknarprestur ber ábyrgð á helgihaldi sóknarkirkju sinnar. Sóknarprestur eða sá prestur sem annast guðsþjónustu safnaðarins í umboði hans, ákveður í samráði við organista sálma og lög sem sungin skulu.
7. Messu sóknarinnar skal einungis prestur leiða. Djákni getur og leitt guðsþjónustu sóknarinnar í umboði og á ábyrgð sóknarprests. Leikmaður getur leitt guðsþjónustu sóknarinnar í umboði og á ábyrgð sóknarprests með sérstöku leyfi biskups.
8. Einungis sá sem hlotið hefur prestsvígslu má hafa um hönd sakramenti kirkjunnar. Í neyðartilvikum, þegar ekki næst til prests, getur þó sérhver skírður karl eða kona annast skemmri skírn. Ber að tilkynna hana sóknarpresti svo fljótt sem auðið er.
9. Skírn, fermingu, hjónavígslu, staðfestingu samvistar og útför skal jafnan undirbúa með samtali þess prests sem athöfnina annast og aðstandenda. Prestur ber ábyrgð á eftirfylgd við hlutaðeigendur að athöfn lokinni.
10. Ef prestur er beðinn um að annast guðsþjónustu eða helga athöfn í kirkju utan sóknar sinnar skal hann ávallt leita leyfis þjónandi prests viðkomandi helgidóms.
11. Sóknarprestur og sóknarnefnd bera sameiginlega ábyrgð á helgidóminum.
12. Kirkja er vígð, frátekin fyrir helga iðkun, bæn, prédikun orðsins og þjónustu sakramentanna.
13. Ekki skal nota kirkju til annarra athafna en þeirra sem teljast samrýmast tilgangi hennar og stöðu sem vígðs helgidóms þjóðkirkjunnar, svo sem borgaralegra athafna eða athafna á vegum annarra trúfélaga en kristinna.
14. Þess skal jafnan gætt að annast sé um muni kirkju og búnað með virðingu fyrir helgidóminum og að búnaður, skrúði og helgimunir séu ætíð hreinir og þeim vel við haldið.
15. Að jafnaði skal ekki vera annað á altari en það sem viðkemur helgi-þjónustunni: hvítur dúkur, líndúkur, stjakar fyrir lifandi ljós, Biblía, Handbók og Sálmaþéttabók.
16. Tendra skal ljós á altari þegar guðsþjónusta fer fram eða aðrar helgiathafnir. Á föstudaginn langa eru ekki kveikt ljós á altari.
17. Eigi skal tendra altarisljós á tónleikum, samkomum eða fundum sem ekki teljast til helgiathafna.

## Prédikunin

18. Guðsþjónusta helgidagsins er tími sem helgaður skal boðun fagnaðar- erindisins.
19. Meginskylda prests er samkvæmt vígsluheiti „að prédika Guðs orð hreint og ómengað eins og það er að finna í hinum spámannlegu og postullegu ritum og í anda vorrar evangelísk-lútersku kirkju.“
20. Prédikun er útlekking orða Ritningarinnar, heimfærsla merkingar þeirra og gildir fyrir samtímamann.
21. Prédikun helgidagsins skal að jafnaði styðjast við þá ritningartexta sem deginum eða tilefningu tilheyrir samkvæmt Handbók kirkjunnar.
22. Af vígsluheiti leiðir að prestur er óheimilt að prédika nokkuð það sem stríðir gegn játningagrundvelli kirkjunnar. Eins verður prestur að gæta almenns velsæmis í orðum. Þetta á eins við þann sem prestur fær til að boða orðið í almennri guðsþjónustu safnaðarinnar.
23. Láti prestur öðrum eftir að prédika, þá ber hann ábyrgð á því að það sé í samræmi við boðskap og trú kirkjunnar.

## Afnot kirkju

24. Sóknarprestur ákvarðar um notkun helgidómsins til kirkjulegrar þjónustu, guðsþjónustu og annarra kirkjulegra athafna þjóðkirkjunnar og ber ábyrgð á að ekkert fari þar fram sem ekki samrýmist vígðum helgidómi þjóðkirkjunnar.
25. Sóknarnefnd með samþykki sóknarprestis ákveður um notkun kirkju til annarra hluta en áskilið er í 12. gr.
26. Sóknarprestur veitir í samráði við sóknarnefnd leyfi til að lána eða leigja kirkju til guðsþjónustu og helgiathafna annarra kristinna trúfélaga.
27. Verði ágreiningur um afnot kirkju skal biskup Íslands skera úr. Þeim úrskurði verður ekki áfrýjað.
28. Biskup Íslands og vígslubiskupar hafa rétt til að nota sóknarkirkjur og aðra helgidóma þjóðkirkjunnar til helgihalds og biskupsverka.

## Ákvæði um messuskyldu

29. Í sókn með 2000 sóknarbörn eða fleiri skal haldin almenn guðsþjónusta hvern helgan dag, um 60 guðsþjónustur á ári.
30. Í sóknum með 750-2000 sóknarbörn að lágmarki annan hvern sunnudag auk hátíða, ekki sjaldnar en 25 sinnum á ári.
31. Í sóknum með 300-750 sóknarbörn að lágmarki einu sinni í mánuði auk hátíða, ekki sjaldnar en 15 sinnum á ári.
32. Í sóknum með 100-300 sóknarbörn að lágmarki 8 sinnum á ári, auk hátíða.
33. Í sóknum með 50-100 sóknarbörn, að lágmarki 6 sinnum á ári.
34. Í sóknum með færri en 50 sóknarbörn er messað eftir aðstæðum.
35. Heimilt er með leyfi biskups að taka tillit til annarra þátta en fjölda sóknarbarna, svo sem staðhátta, hefðar og hlutverks kirkjunnar í sókninni eða á svæðinu.

## Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar, 1275
- Kirkjuordinatía Kristjáns IV, 1607
- Tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins 29. maí 1744
- Erindisbréf handa biskupum, 1746
- Bréf kansallísins um tilhögun á kirkjuhurðum, 1828
- Reglugerð um sunnudaga og helgidagahald hjer á landi 28. marz 1855 og opið bréf um sama efni 26. september 1860
- Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytis nr. 69 7. apríl 1970

- Handbók kirkjunnar, 1981
- Sálmaþók kirkjunnar, 1972 (með síðari breytingum)
- Leiðbeiningar um samstarf þjóðkirkjunnar og Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi um afnot af kirkjum, 2008

## IV. HANDBÓK KIRKJUNNAR OG SÁLMAÞÓK

### Hlutverk handbókar og sálmaþókar

Handbók kirkjunnar er einingarband og vitnisburður um samstöðu í tjáningu trúar og siðar á grundvelli játninga evangelísk-lúterskrar kirkju. Handbók kirkjunnar veitir leiðbeiningar um guðsþjónustu og helgihald.

Messan og helgiathafnir kirkjunnar endurspeglar í senn hefð kirkjunnar og endurnýjuð form sameiginlegrar tilbeiðslu almennrar kirkju. Jafnvægi hefðarfestu, sveigjanleika og margbreytileika reynslunnar gefur vísbendingu um einingu í fjölbreytni helgi- haldsins.

Textaraðir kirkjuársins geyma þá texta sem lesnir eru og útlagðir í helgihaldi kirkjunnar. Í orði Ritningarinnar er grundvöllur trúar, játninga og kenningar kirkjunnar. Í textum helgihaldsins hljómar Guðs orð sem fyrir heilagan anda verður lifandi orð þeim sem heyrir og þiggur í trú. Í og fyrir þetta orð mætir hinn upprisni Kristur kirkju sinni.

Sálmaþók kirkjunnar geymir í senn sálma og bænámál guðsþjónustunnar og trúarlífs einstaklinga og fjölskyldna. Í sálum og bænum Sálmaþókarinnar er fjársjóður trúar- arfsins. Þar er að finna reynsluheim trúarinnar, reynslu einstaklinga og safnaðar af samleið sinni með Guði.

### Handbók og Sálmaþók

1. Í Handbók kirkjunnar og Sálmaþók er að finna grundvallaratriði kenningar og trúarlífs heilagrar, almennrar kirkju samkvæmt vitnisburði evangelísk- lúterskar kirkju í játningum hennar.
2. Textar og fyrirmæli Handbókar skulu gilda um helgihald kirkjunnar.
3. Sálmaþók kirkjunnar skal notuð við guðsþjónustur og helgihald kirkjunnar.
4. Nota má sálma utan Sálmaþókar ef prestur og organisti eru sammála um það.

Sama gildir um veraldlega tónlist og texta. Verði ágreiningur milli prests og organista í þessum efnunum skal prestur ráða.

5. Prestar skulu að jafnaði fylgja textaröðum kirkjuársins samkvæmt Handbók kirkjunnar í þeirri röð sem biskup Íslands mælir fyrir um.
6. Kollektur þær sem Handbók kirkjunnar tilgreinir fyrir hvern dag kirkjuársins skulu fluttar í hinni almennu guðsþjónustu.
7. Almenn kirkjubæn skal fylgja fyrirmynd Handbókar kirkjunnar í því að beðið er í hinni almennu helgidagaguðsþjónustu fyrir kirkjunni, þjóð og landi, stjórnvöldum og atvinnuvegum, sjúkum og sorgmæddum, kristniboði og hjálparstarfi, friði á jörðu.

### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Lög um Kirkjuráð nr. 21/1931
- Handbók kirkjunnar, 1981
- Sálmaþók kirkjunnar, 1972 (með síðari viðaukum)
- Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, 2004

## V. SKÍRN

### Heilög skírn

Sakramenti evangelísk-lúterskrar kirkju eru tvö, skírn og kvöldmáltíð. Sakramenti eru fyrirheit Drottins um fyrirgefningu, líf og sálhjálp, bundin jarðneskum táknum. Skírnin er heilög athöfn sem Jesús Kristur hefur stofnað og heitir návist sinni og náð. Skírn er ætíð í vatni og í nafni föður og sonar og heilags anda. Í skírninni endurfæðist maðurinn fyrir vatn og heilagan anda inn í ríki Guðs þar sem er fyrirgefning syndanna, líf og sálhjálp.

Skírnin gerist í eitt skipti fyrir öll. Þríeinn Guð tekur oss í samfélag sitt og leiðir inn í ríki sitt og söfnuð kirkju sinnar. Þess vegna fer skírnin ætíð fram í kristnum söfnuði, hvort heldur hún fer fram í kirkju, heimahúsi eða á

sjúkrastofnun. Presturinn og guðfeðgin, skírnavottar, eru fulltrúar samfélags heilagrar, almennrar kirkju og ábyrg fyrir því að barnið fræðist um Jesú Krist og fagnaðarerindi hans.

Skírnavottarhöfnin er öðrum þæði þakkargjörð fyrir lífið og bæn fyrir barninu og heimili þess. Barnsskírningin er dýrmætur tengiliður milli Þjóðkirkjunnar og heimilanna. Skírningin markar lífsleið manns. Dag hvern fær hinn skírði að lifa í skírni sinni og ganga gegnum dauða til lífs, frá helsi til frelsis. Fyrir skírningina öðlast maðurinn náð Guðs sem ber gegnum líf og dauða til eilífs lífs.

Hlutverk kirkjunnar er að ná til allra með tilboð Krists um skírni í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda, fræðslu um það sem Kristur hefur kennt, og vitund um návist hans alla daga allt til enda veraldar. Það er verkefni sóknarinnar að sjá til þess að skírðir séu fræddir í grundvallaratriðum kristinnar trúar og leiddir inn í samfélag trúarinnar. Fermingin er mikilvægur þáttur í því.

#### Skírnavottarhöfnin

1. Skírnt er í nafni föður og sonar og heilags anda, í hreinu vatni. Vatni er ausið þrisvar yfir höfuð skírnavotta um leið og nafn hans er nefnt. Þjóðkirkjanviðurkennir hverja skírni sem þannig er framkvæmd og eins niðurdýfingarskírni sé hún framkvæmd í nafni heilagrar þrenningar.
2. Skírni skal barn ef þess er óskað af foreldri eða forsjáraðila, sem þar með tekst á hendur ábyrgð á því að barnið sé alið upp í kristinni trú.
3. Foreldrar sem hafa sameiginlega forsjá barns taka ákvörðun sameiginlega um skírni. Foreldrum ber að hafa samráð við barn sitt eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til. Hafi barn náð 12 ára aldri skal leita álits þess.
4. Prestur sem skírni skal ætíð ræða við foreldra (forsjáraðila) barnsins fyrir athöfnina og fara yfir skírnavottarhöfnina og merkingu hennar.
5. Skírni er í eitt skipti fyrir öll og verður ekki endurtekin.
6. Fullvaxinn einstakling má skírni ef hann hefur ekki verið skírður áður en óskar þess að skírast til kristinnar trúar og vill lifa í kristnum söfnuði í samfélagi við Jesú Krist. Skírni fulltíða manns skal jafnan undirbúin með fræðslu um grundvallarþætti kristinnar trúar og siðar.
7. Fylgt skal atferli Handbókar kirkjunnar nema þegar um skemmri skírni er að ræða (sjá 10.-11. gr. hér að neðan).
8. Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar annast skírni. Skírni sem aðrir vígðir prestar (prestar sem ekki eru í embætti) annast skal vera á ábyrgð og í umboði sóknarprests sem sér til þess að færa hana til bókar og gera skýrslu um hana til Þjóðskrár.
9. Skírnavatni skal hellt í mold eða kirkjugrunn eftir notkun, aldrei í niðurfall.

#### Skemmri skírni

10. Sérhver skírður einstaklingur getur skírnt skemmri skírni ef líf er í hættu og ekki næst til prests.
11. Sá sem annast skemmri skírni skal þegar í stað tilkynna það sóknarpresti sem gengur úr skugga um að skírningin hafi farið fram í nafni föður, sonar og heilags anda, og skal færa það til bókar og tilkynna til Þjóðskrár.

#### Skírnavottarfræðsla

12. Sóknin skal bjóða sóknarbörnum fræðslu í grundvallaratriðum trúarinnar. Slík fræðsla skal ætíð standa foreldrum skírnavottara til boða og skal vera skilyrði fyrir því að fulltíða maður hljóti skírni.

#### Skírnavottar - guðfeðgin

13. Skírnavottar eru vottar að athöfninni og fulltrúar kristins safnaðar sem ábyrgist að barnið hljóti uppfræðslu í trú og bæn kirkjunnar. Skírnavottarnir biðja fyrir barninu og leitast við að styðja foreldra og söfnuð í trúaruppeldi þess.
14. Skírnavottar, guðfeðgin, skulu vera minnst tveir eða tvö, mest fimm og ekki yngri en um fermingu.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kristinréttur Árna biskups Þorlákssonar, 1275, 8. kap.
- Tilskipun um húsaðann á Íslandi 3. janúar 1746, 2. gr.
- Tilskipun 27. júlí 1771 um heimaskírni barna
- Kirkjurítúalið 1685 og tilskipun 1746 um guðfeðgin
- Handbók kirkjunnar, 1981
- BEM-skýrslan, Skírni, máltíð og þjónusta, 1984
- Barnalög nr. 76/2003
- Fræðslustefna kirkjunnar, 2004

## VI. HEILÖG KVÖLDMÁLTÍÐ

Heilög kvöldmáltíð

Sakramenti evangelísk-lúterskrar kirkju eru tvö, skírni og kvöldmáltíð. Sakramenti eru fyrirheit Drottins um fyrirgefningu, líf og sálhjálp, bundin jarðneskum táknum. Heilög kvöldmáltíð, altarisganga, samfélagið um Guðs borð, er sakramenti sem Jesús Kristur hefur stofnað. Hún er máltíð í brauði og víni þar sem kirkjan og einstaklingurinn sameinast Kristi og þeim sem hann játa á öllum öldum um víða veröld, á himni og á jörðu. Í heilagri kvöldmáltíð er Jesús Kristi minnst, fórnardauða hans á krossi og upprisu hans frá dauðum. Kristur er raunverulega nálægur og gefur sjálfan sig í brauði og víni altarisgöngunnar. Sá sem þiggur í trú fær hlutdeild í því sem Jesús Kristur gaf lærisveinum sínum, fyrirgefningu syndanna og eilíft líf. Altarissakramentið er hátíðarmálsverður og leyndardómur trúarinnar sem tjáir þakkar- gjörð og innilegt samfélag. Samfélagið í heilagri kvöldmáltíð er tákni þeirrar sýnilegu einingar sem kirkjan er kölluð til og þeirrar sáttargjörðar og einingar heimsins sem hún biður fyrir og vill stuðla að. Hlutdeildin í hinu eina brauði sem við brjótum og bikar blessunarinnar sem við blessum er tákni og áminning um að við deilum með okkur gjöfum lífsins heiminum og náunganum til heilla. Sjónum okkar er beint til þess er hátíðin fullnast í máltíðinni á himni.

Kvöldmáltíðarborð þjóðkirkjunnar er opið öllum sem skírðir eru í nafni föður, sonar og heilags anda og vilja mæta Jesús Kristi við borð hans.

Vígður prestur annast þjónustu að heilagri kvöldmáltíð, í samfélagi safnaðarins og í einrúmi, svo sem við sjúkrahæð eða húsvitjun.

Altarisgangan

1. Heilög kvöldmáltíð, altarissakramentið, er veitt með lestri innsetningarorðanna og neyslu brauðs og víns sem blessað er.
2. Sérhver sá sem skírður er í nafni föður, sonar og heilags anda og vill mæta Jesús Kristi við borð hans er velkominn að kvöldmáltíðarborði þjóðkirkjunnar.
3. Heimilt er að taka ófermd börn til altaris, en þá aðeins í fylgd eða með samþykki foreldris eða forsjáraðila.
4. Sá einn sem hlotið hefur prestsvígslu í þjóðkirkjunni eða kirkju sem þjóðkirkjan hefur borðssamfélag við getur veitt altarissakramentið í þjóðkirkjunni.
5. Ef djákni aðstoðar við útteilingu útteili hann víninu.
6. Hver sá sem er skírður og tilheyrir þjóðkirkjunni eða söfnuðum sem hún er í borðssamfélagi við getur aðstoðað við útteilingu altarissakramentisins með því að útteila víninu.
7. Heilög kvöldmáltíð, altarissakramentið, skal veitt í samfélagi safnaðarins í vígðum helgidómi. Ef sérstakar ástæður krefja er leyfilegt að hafa altarissakramentið um hönd annars staðar, svo sem við sjúkrahæð eða húsvitjun.
8. Fylgt skal atferli Handbókar kirkjunnar um heilaga kvöldmáltíð.
9. Frumregla er að kropsið sé við gráðurnar við bergingu en heimilt er að meðtaka sakramenti standandi. Gæta skal þess að fatlaðir og hreyfihamlaðir geti með- tekið sakramentið.



10. Meginregla er að bergt sé af kaleiknum. Nota má sérbikara, þó ekki einnota. Heimilt er að leggja brauðið í lófa og að því sé dýft í kaleikinn.

Um brauð og vín

Nota skal ósýrt brauð, oblátur, við kvöldmáltíðina. Heimilt er að nota venjulegt (helst ósýrt) brauð, svo og glútenfrítt brauð.

11. Meginregla er að nota við heilaga kvöldmáltíð vín, rautt eða hvítt. Blanda má það með vatni. Heimilt er að nota áfengisskert (óáfengt) vín. Sé ekki notað venjulegt vín eða alkóhólskert, til dæmis vegna takmarkaðs geymsluþols, er unnt að nota sérrí eða púrtvín, sem blanda má vatni. Heimil er notkun óáfengs þrúgusafa í altarisgöngunni.

12. Vanda ber alla meðferð og umhirðu hinna helgu efna og kaleiks og patínu. Kaleik á undantekningarlaust að þvo eftir altarisgöngu.

13. Prestar gæti þess að umframefna sé neytt að lokinni altarisgöngu, ef unnt er. Geyma má helgað brauð í sérstöku skríni. Afgangsvíni skal hellt í mold, eða kirkjugrunn, aldrei í niðurfall.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Tilskipun 27. maí 1746
- Sálmaþók, 1972 (með síðari breytingum)
- Handbók kirkjunnar, 1981
- BEM-skýrslan, Skírn, máltíð og þjónusta, 1984
- Þorvoo-samkomulagið, 1995

## VII. SKRIFTIR

Iðrun og fyrirgefning

Í skriftum þiggur sá er játar synd sína fyrirgefningu Guðs. Í skriftum játar maður hlutdeild sína í lífi sem er frásnúið Guði og vilja hans. Í skriftum eru bæði játuð einstök brot og ófullkomleiki sem sá sér og skynjar sem speglar líf sitt í fullkomnum kærleika Guðs.

Skriftir fela í sér tvennt: Játningu synda og aflausn í nafni Jesú Krists. Í synda-játningunni, sem borin er fram í orðum eftir samtal, játar sá sem skriftar synd sína og sekt. Í aflausninni þiggur hann fyrirgefningu Guðs. Jesús Kristur tekur á sig byrðar þess sem játar synd sína.

Í skriftum fær sá sem játar synd sína að vaxa í trú og lífi og nálgast æ meir þann leyndardóm sem lífið í Kristi er. Kristur veitir ekki aðeins fyrirgefningu sína, heldur kallar til fylgdar og felur þeim sem þiggur að miðla öðrum fyrirgefningu, miskunn- semi, náð og sáttargjörð.

Sá sem hlýðir skriftum er bundinn þagnarskyldu. Um þagnarskylduna segir Lúther að skriftir „eiga sér ekki stað í áheyrn minni heldur Krists, úr því að hann bregst ekki trúnaðarskyldunni geri ég það ekki heldur.“

Skriftir

1. Skriftir fara fram í einrúmi og felast í því að skriftaþegi játar synd sína og að presturinn boðar fyrirgefningu syndanna í Jesú nafni.
2. Þjónandi prestur í þjóðkirkjunni skal hlýða skriftum. Skriftamál eru bundin trúnaðarskyldu.

Almenn syndajátning

3. Almenn syndajátning fer fram í samfélagi safnaðarins og er mikilvægt tákni um einingu hans. Prestur leiðir syndajátningu safnaðarins eftir fyrirmælum Handbókar kirkjunnar og að því loknu skal hann með upplyftri hægri hendi boða söfnuðinum fyrirgefningu syndanna í Jesú nafni.
  - Norsku lög 1685, II. bók
  - Handbók kirkjunnar, 1981

- Barnaverndarlög 2002, 17. gr.

## VIII. FERMING

### Fermingin

Ferming er staðfesting. Hún er staðfesting þess að viðkomandi er skírður og vill játast gjöf og köllun skírnarinnar og staðfesting kirkjunnar á því að hinn skírði hafi hlotið uppfræðslu í grundvallaratriðum trúarinnar.

Það er hlutverk foreldra, guðfeðgina og safnaðarins að uppfræða hinn skírða í kristinni trú og líferni.

Fermingarathöfnin er játning, bæn og blessun og altarisganga. Fermingarbarnið þiggur fyrirbæn og handayfirlagningu sem tákni návistar heilags anda í lífi þess og að það er sent út í heiminn sem samverkamaður Guðs í ríki hans.

Ferming stendur öllum til boða sem vilja játa trú sína á Krist í samfélagi kirkjunnar.

### Inntak fermingarinnar

1. Fermingin felur í sér fræðslu um meginatriði trúarinnar, þátttöku í guðs- þjónustulífi safnaðarins, svo og fermingarguðsþjónustu þar sem beðið er fyrir fermingarbarninu með handayfirlagningu er það hefur játað trúna. Fermingarbarnið er falið fyrirbæn safnaðarins, tekið til altaris og sent út í heiminn sem samverkamaður Guðs í ríki hans.

### Skilyrði fermingar

2. Sá sem skírður er í nafni heilagrar þrenningar og óskar þess skal fermdur.

Almennt skal miðað við að börn á 14. aldursári séu fermd. Heimilt er að ferma yngri börn ef sérstakar ástæður krefjast og sóknarprestur metur svo. Enginn skal fermdur án þess að hafa hlotið fræðslu sbr. 5. grein.

3. Ferming er safnaðarathöfn sem jafnan ætti að fara fram í almennri guðs- þjónustu helgidagsins.

4. Heimilt er að ferma í sérstakri athöfn og á virkum degi ef sérstakar aðstæður krefjast. Þess skal gætt að slíkar athafnir komi ekki í stað almennrar guðs- þjónustu helgidagsins.

5. Fermingarfræðsla fylgi námskrá sem biskup Íslands setur og kirkjuþing staðfestir. Sérhver sá sem fermdur er skal kunna bæn Drottins, postullegu trúarjátninguna, boðorðin tíu, tvöfalda kærleiksboðorðið, signinguna og blessunarorðin. Einungis skulu gerðar undantekningar frá þessum grundvallar-skilyrðum ef sérstaklega stendur á.

### Ábyrgð og umsjá

6. Sóknarprestur ber ábyrgð á skírnarfræðslu og fermingarundirbúningi.

7. Þegar prestur tekur við barni til fermingar, en það hefur hlotið uppfræðslu annars staðar, skal gæta þess að fyrir liggji vottorð viðkomandi prests um að það hafi lokið tilskilinni fermingarfræðslu.

8. Fermingu er ætlað að leiða inn í trúarlíf kirkjunnar. Þar skipar altaris-sakramentið mikilvægan sess.

9. Heimilt er að taka ófermd börn til altaris á fermingarfræðslutímanum, í fylgd eða með samþykki forráðanda.

### Handbók kirkjunnar, 1981

- Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins confirmation og staðfesting í hans skírarnáð 13. janúar 1736
- Konungsbréf til biskupanna um confirmation 29. maí 1744
- Tilskipan um ferminguna 25. maí 1759
- Konungsbréf 14. nóv. 1832 veitir biskupum vald til að veita undantekningar frá aldursmörkum
- Námskrá fermingarstarfanna, 1999
- Fræðslustefna kirkjunnar, 2004
- Bréf biskups og helgisiðanefndar, 2005

---

## IX. HJÓNAVÍGSLA

### Hjónvígsla, hjónaband

Kirkjuleg hjónavígsla er helgiathöfn þar sem karl og kona heita hvort öðru ævi- trygðum, að eiga, njóta og þiggja saman önn sem yndi lífsins, gleði og sorgir. Hjónavígslan er tjáning gleði og fagnaðar, samstöðu, ábyrgðar og vonar á þessum vegamótum lífsins sem þau tvö standa á. Kirkjan umlykur þau fyrirbær sinni og vill með Jesú Krist sem fyrirmynd sýna brúðhjónunum samfélag hinnar gagnkvæmu þjónustu og þörf allra fyrir samfélag við Guð og náungann utan hrings fjölskyldunnar. Návist Guðs í hjónabandinu veitir hjónunum hjálp til að lifa saman í kærleika og umhyggju og vera vottar þess í umhverfi sínu.

Hjónin játast hvort öðru opinberlega fyrir Guði og söfnuðinum, heita því að vera hvort öðru trú, elska og virða hvort annað. Guð sameinar þau, þau tvö verða eitt. Presturinn minnir þau á skuldbindingar og ábyrgð og fyrirheit hjónabandsins, og lýsir þau hjón og leggur blessun Guðs yfir hjúskap þeirra. Viðstaddir biðja fyrir þeim og heimili þeirra.

### Hjónavígsluathöfnin

1. Hjónavígsla er guðsþjónusta sem skal fara fram samkvæmt Handbók kirkjunnar. Hún felur í sér ritningarlestur og bæn, heitorð brúðhjónanna um tryggð, ást og virðingu, yfirlýsingu um að þau séu hjón ásamt bæn kirkjunnar og blessun.
2. Hjónavígsla skal ætíð fara fram í viðurvist tveggja votta (svaramanna) sem eru lögráða.
3. Prestur sem annast hjónavígslu ber ábyrgð á því að tónlist og annað sem fram fer við athöfnina samrýmist tilefninu og helgi stundarinnar.
4. Prestur skal jafnan gæta þess að undirbúa hjónavígslu með samtali við hjónaefni um þær skuldbindingar sem í henni felast.
5. Hjónavígslu annast prestur sem rétt hefur sem vígslumaður skv. hjúskaparlögum, að undangenginni könnun hjúskaparskilyrða sem löggiltur könnunarmaður annast. Presti ber að gæta vel allra formsatriða og skilyrða, svo sem fyrir er mælt í hjúskaparlögum. **Prestar þjóðkirkjunnar eru vígslumenn að lögum einungis þegar annað hjónaefna eða bæði tilheyra þjóðkirkjunni.** Vígsluréttur er einungis gildur í íslenskri lögsögu.
6. Sóknarprestur skal sjá til þess að hjónavígsla sé færð til kirkjubókar og skýrsla þar að lútandi sé send þjóðskrá.

### Blessun hjónabands

7. Hjón sem gengið hafa í borgaralegt hjónaband geta fengið blessun yfir heitorð sín og samlíf við athöfn í kirkjunni. Slík guðsþjónusta getur farið fram meðsvipuðum hætti og hjónavígsla, nema að einungis er spurt seinni spurningarinnar. Sama á við um hjón sem vilja endurnýja hjúskaparheit sín.
8. Prestur sem annast blessun borgaralegs hjónabands ber ábyrgð á því að tónlist og annað sem fram fer við athöfnina samrýmist tilefninu og helgi stundarinnar.

### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Hjúskaparlög nr. 31/1993
- Reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, 1996 (með síðari breytingum)
- Handbók kirkjunnar, 1981
- Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, 2004
- Fjölskyldustefna kirkjunnar, 2006

---

## X. STAÐFESTING SAMVISTAR

## Staðfest samvist

Staðfesting samvistar í kirkju er helgiathöfn þar sem tveir einstaklingar af sama kyni heita hvor öðrum ævitrýggðum, að eiga, njóta og þiggja saman önn sem yndi lífsins, gleði og sorgir. Kirkjan umlykur parið fyrirbæn sinni og vill með Jesú Krist sem fyrirmynd sýna því samfélag hinnar gagnkvæmu þjónustu og þörf allra fyrir samfélag við Guð og náungann utan hrings fjölskyldunnar. Návist Guðs á heimili og í fjöl- skyldulífi veitir parinu hjálp til að lifa saman í kærleika og umhyggju og vera vottur þess í umhverfi sínu.

Staðfesting samvistar fer fram eftir þar til ætluðu formi og felur í sér ritningarlestur og bæn, heitorð parsins um tryggð, ást og virðingu, yfirlýsingu um að parið sé í staðfestri samvist, ásamt bæn kirkjunnar og blessun.

Prestum þjóðkirkjunnar er heimilt að blessa sambúð þeirra sem staðfest hafa samvist sína og skuldbindingar fyrir borgaralegum vígslumönnum.

## Athöfnin

1. Staðfesting samvistar fer fram samkvæmt þar til ætluðu formi.
2. Staðfesting samvistar annast prestur sem rétt hefur sem vígslumaður skv. lögum um staðfesta samvist að undangenginni könnun skilyrða fyrir stað- festing samvistar sem löggiltur könnunarmaður annast. Presti ber að gæta vel allra formsatriða og skilyrða, svo sem fyrir er mælt í lögum um staðfesta sam- vist. Prestar þjóðkirkjunnar eru vígslumenn að lögum einungis þegar annar aðili eða báðir tilheyra þjóðkirkjunni. Vígsluréttur er einungis gildur í íslenskri lögsögu.
3. Staðfesting samvistar skal ætíð fara fram í viðurvist tveggja votta (svara- manna) sem eru lögráða.
4. Prestur skal jafnan gæta þess að undirbúa staðfesting samvistar með samtali við parið um þær skuldbindingar sem í staðfestri samvist felast.
5. Prestur sem annast staðfesting samvistar ber ábyrgð á því að tónlist og annað sem fram fer við athöfnina samrýmist tilefninu og helgi stundarinnar.
6. Sóknarprestur skal sjá til þess að staðfest samvist sé færð til kirkjubókar og skýrsla þar að lútandi sé send Þjóðskrá.

## Blessun staðfestrar samvistar

7. Blessun staðfestrar samvistar fer fram samkvæmt þar til ætluðu blessunar- formi.
8. Prestur sem annast blessun staðfestrar samvistar ber ábyrgð á því að tónlist og annað sem fram fer við athöfnina samrýmist tilefninu og helgi stundarinnar.

## Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 með síðari breytingum
- Tónlistarstefna þjóðkirkjunnar, 2004
- Fjölskyldustefna kirkjunnar, 2006

---

## XI. ÚTFÖR

### Útförin

Útför er guðsþjónusta þar sem aðstandendur í samfélagi hins kristna safnaðar kveðja hinn látna og fela hann miskunn Guðs á hendur. Útförin tjáir sorg og söknuð þeirra sem eftir lifa og er játning hinnar lifandi vonar fyrir upprisu Jesú Kristis frá dauðum. Kirkjan játar og trúir að Jesús Kristur hafi með dauða sínum borið synd og dauða jarðarbarna og með upprisu sinni sigrað dauðann og opnað veginn til eilífs lífs. Útför tjáir í senn alvöru dauðans og sorgarinnar og birtu upprisuvonarinnar. Hún er einnig áminning til þeirra sem eftir lifa um að gefa gaum að dýrmæti lífsins og fallvaltleik.

Í lífi sérhvers manns og í fagnaðarerindi krossins má sjá hve dauði og líf, ljós og myrkur, takast á. Þetta setur svipmót sitt á útförina en sorgin og dauðinn fá nýjan svip þegar það er borið uppi af ómi upprisunnar og hins himneska lofsöngs.

Moldin sem ausið er á kistuna er tákn þess að við erum af moldu runnin og til moldar stefnt, eins og allt sem lifir, en

er ætlað að rísa upp, eins og hveitikornið. Signt er yfir kistu sem fyrirbæn og til áminningar þess að hinn krossfesti og upprisni frelsari hefur sigrað dauðann fyrir oss, náð hans og friður umvefur okkur í lífi og í dauða.

#### Athöfnin

1. Útför felur í sér ritningarlestur, vitnisburð um fagnaðarerindi upprisunnar, fyrirbæn og moldun, þar sem líkkistan er ausin moldu þrisvar með þeim orðum sem Handbók kirkjunnar mælir fyrir um við þá athöfn.
2. Varðandi útfararathöfn skal leitast við að uppfylla óskir hins látna og/eða aðstandenda, enda séu þær í samræmi við reglur og venjur þjóðkirkjunnar.
3. Í kirkju skal kista snúa þannig að ásjóna hins látna horfi við altari.
4. Prestur sem annast útförina ber ábyrgð á því að tónlist og annað sem fram fer við athöfnina samrýmist tilefninu og helgi stundarinnar.
5. Heimilt er að molda í kirkju, en molda skal við gróf þegar þess er kostur.
6. Óheimilt er að nota annað en mold við moldun (svo sem blóm).
7. Hringja má klukku þegar lík er borið til kirkju. Hringt skal klukku fyrir útför og eins þegar borið er út úr kirkju. Hringt skal klukku þegar lík er borið til grafar í kirkjugarði verði því viðkomið.
8. Prestur annast útför. Prestur sem ekki er í þjónustu getur annast útför á ábyrgð sóknarprests sem sér til þess að athöfnin sé skráð í kirkjubækur.
9. Kistulagningu og húskveðju getur djákni eða leikmaður annast.
10. Að jafnaði skal prestur eða djákni annast jarðsetningu duftkers. Ætíð ber að tilkynna jarðsetninguna viðkomandi sóknarpresti sem sér um að skráð sé í legstaðaskrá.

#### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kristniréttur Árna biskups Þorlákssonar, 1275
- Kirkjuordinatía Kristjáns IV, 1607 (kirkjuskipan Kristjáns fjórða hinni norsku frá 1607, löggilt hér á landi 1629)
- Handbók kirkjunnar, 1981
- Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993
- Reglugerð um kirkjugarða, 1934
- Reglugerð um dreifingu ösku utan kirkjugarðs, 2003
- Reglugerð um kistu, duftker og líkbrennslu, 2005
- Reglugerð um útfararþjónustu, 2006

## XII. VÍGSLA TIL ÞJÓNUSTU

### Hin vígða þjónusta

Þjónustan, embættið, í kirkjunni er köllun til þjónustu í söfnuði Krists. Frá öndverðu og til þessa dags er þjónustan afhent með vígslu. Þar lýsir kirkjan því yfir að hún lifir í sambengi postulanna og þjónn hennar, vígsluþeginn, er sérstaklega kallaður og frá-tekinn til að varðveita trúna á þeim grundvelli.

Kirkjan er líkami þar sem limir hennar hafa mismunandi hlutverk og náðargáfur. Í kirkjunni hefur Guð sett postula, spámenn og kennara til að leiða og næra hjörð sína. Þeir bera fagnaðarerindið áfram með orðum og verkum, þjónustu sakramentanna og í þjónustunni við náungann, umfram allt við nauðstadda og sjúka. Þannig er hin vígða þjónusta ein þeirra leiða sem Drottinn notar til að halda áfram verki sínu, að tala og verka á jörðu.

Hin vígða þjónusta er ein þótt mismunur sé á verkefnum og umboði biskups, prests og djákna. Við vígslu vinnur vígsluþegi heit þar sem hann lýsir sig fúsan að inna þjón-ustu sína af hendi af trúmennsku við trú og játningar kirkjunnar og vitna um kærleika Guðs með lífern sínu. Með handayfirlagningu og bæn um leiðsögn heilags anda er vígsluþegi frátekinn til hins sérstaka hlutverks. Kirkjan umlykur vígsluþega fyrirbæn sinni og sendir hann til að boða Krist í orði og verkum og vera sendiboði hans. Hinn vígði þjónn fær styrk af því í daglegu lífi sínu að vera sendur með erindi kirkjunnar.

## Vígslan

1. Vígsla til þjónustu í þjóðkirkjunni felur í sér heit vígsluþegans, fyrirbæn og handayfirlagningu biskups.
2. Vígsluþeginn heitir því að inna þjónustu sína af hendi í samræmi við trú og skipan þjóðkirkjunnar. Áminningar og heit vígslunnar eru skuldbindandi fyrir líf og þjónustu vígsluþega.
3. Vígsla hefur í för með sér að vígsluþegi lýtur tilsjón biskups Íslands.
4. Til að hljóta vígslu í þjóðkirkjunni þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum: vera skírður, tilheyra þjóðkirkjunni og uppfylla að öðru leyti skilyrði laga og starfsreglna um embættisgengi og starfsþjálfun.
5. Biskup Íslands annast vígslur til kirkjulegrar þjónustu og vígslubiskupar í umboði hans.

## Biskupsvígsla

6. Biskup Íslands vígir biskupa.
7. Biskupsvígsla fer fram í dómkirkju.

## Prestsvígsla

8. Biskup Íslands annast prestsvígslur eða vígslubiskup í umboði hans. Að lok- inni prestsvígslu gefur biskup Íslands út vígslubréf sem birt skal þeim söfnuði (söfnuðum, stofnunum) sem prestur er vígður til.
9. Prestsvígsla fer fram í dómkirkju.

## Djáknavígsla

10. Biskup Íslands annast djáknavígslur eða vígslubiskup í umboði hans. Að lok- inni djáknavígslu gefur biskup Íslands út vígslubréf sem birt skal þeim söfnuði (söfnuðum, stofnunum) sem djákni er vígður til.
11. Djáknavígsla fer fram í dómkirkju.

Vígsla til þjónustu utan þjóðkirkjunnar

12. Biskupi er heimilt, sé eftir því leitað, að vígja til þjónustu prest eða djákna innan hinna evangelísk-lútersku fríkirkjusafnaða sem starfa á sama játninga- grundvelli og þjóðkirkjan.
13. Biskupi er heimilt, sé eftir því leitað, að vígja til prests- eða djáknaþjónustu innan kirkna sem þjóðkirkjan er í samfélagi við á grundvelli hefðar og samkirkjulegra samþykktar.

## Vígsla kristniboða

14. Biskupi er heimilt að vígja prests- eða djáknavígslu kristniboða sem kallaðir eru á vegum kristniboðsfélaga eða kirkjulegra aðila til starfs á kristniboðs- akrinum. Að lokinni vígslu gefur biskup Íslands út vígslubréf sem tilgreinir starfsvettvang og umboð kristniboðans.

## Vígsla annarra trúfélaga

15. Biskupi er heimilt að viðurkenna prests- eða djáknavígslu í öðru kristnu trú- félagi sem gilda til þjónustu í þjóðkirkjunni. Að undangenginni slíkri ákvörðun skal biskup hafa prófað viðkomandi og handsalað heit að játningu og skipan þjóðkirkjunnar. Ákvörðun biskups verður ekki áfrýjað.

## Afturköllun umboðs vígslunnar

16. Biskup Íslands getur að undangenginni þeirri málsmeðferð sem lög og starfsreglur kveða á um afturkallað tímabundið eða að fullu umboð vígslunnar og fellt vígslubréf úr gildi ef vígður þjónn kirkjunnar:

- a) óskar þess að umboð vígslunnar sé afturkallað
- b) er sviptur embætti með dómi
- c) segir sig úr þjóðkirkjunni eða evangelísk-lúterskum fríkirkjusöfnuði
- d) hefur opinberlega hafnað játningum evangelísk-lúterskar kirkju
- e) hefur brotið af sér í starfi, t.d. rofið þagnarskyldu, eða orðið uppvís að hegðun eða atferli sem stríðir gegn vígsluheitum.

17. Við afturköllun umboðs vígslunnar telst viðkomandi óheimilt að gegna þeim störfum sem vígðum þjóni kirkjunnar er ætlað og að bera embættisklæði þjóðkirkjunnar.

18. Ákvörðun biskups um að afturkalla umboð vígslunnar verður ekki áfrýjað.

19. Biskup Íslands getur gefið út vígslubréf að nýju til þess sem sviptur hefur verið vígslumboði sínu telji biskup skilyrðum fullnægt.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kirkjuordinatía, 1537
- Konungsbréf um afsetta presta 7. okt. 1740
- Konungsbréf um uppreist presta sem vikið hefur verið frá embætti, 1756
- Erindisbréf handa biskupum, 1746
- Handbók kirkjunnar, 1981
- BEM-skýrslan, Skírn, máltíð og þjónusta, 1984
- Þorvoo-samkomulagið, 1995
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996

## XIII. TILSJÓN

Tilsjónin

Til að styrkja boðun, samfélag og einingu kirkjunnar er sérstök skipan á tilsjón, episkope, með sóknnum, söfnuðum, vígðum þjónum og stofnunum kirkjunnar. Innan biskupsdæmis Íslands er tilsjónin iðkuð af biskupi Íslands, og vígslubiskupum og próföstum fyrir hans hönd. Vísitásiur eru mikilvægasti þáttur tilsjónarinnar.

Sá sem vígist til embættis prests eða djákna vinnur biskupi heit um að inna þjónustu sína af hendi á grundvelli játninga og skipanar kirkjunnar. Á grundvelli þess er hinum vígða þjóni veitt ábyrgð á grundvallarþáttum í þjónustu þjóðkirkjunnar og hann sendur með það umboð. Sérhverjum þeim sem gegnir vígðri þjónustu er því gert að svara fyrir það hvernig þjónustan er rækt og hvernig ákvæðum vígsluheitis og vígslubréfs er sinnt, og gefa þær skýrslur sem biskup eða prófastur óska eftir og varðar það sem tilsjónin nær til. Sóknarborn geta leitað umsagnar prófasts og biskups um þjónustu sóknar og prests.

Framkvæmd tilsjónarinnar

1. Tilsjón er ráðgjöf, stuðningur, uppörvun og hjálp sérstaklega hvað varðar játningu, kenningu kirkjunnar, guðsþjónustu og sakramenti og aðrar kirkjulegar athafnir. Svo og um mál sem skipað er með lögum og starfsreglum, og með stefnumótun kirkjunnar.
2. Tilsjón er eftirlit með því hvernig vígðir þjónar, prestar og djáknar, rækja embætti sín og sinna þjónustu orðs og sakramenta samkvæmt vígsluheitinu sínu.
3. Í tilsjón felast úrskurðir um hæfi til að gegna embætti í þjóðkirkjunni.
4. Tilsjón er eftirlit með því hvernig söfnuðir, starfsmenn og stofnanir þjóðkirkjunnar sinna skyldum sínum í ljósi trúar, játninga kirkjunnar, laga og reglna.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kirkjuordinatía, 1537
- Erindisbréf handa biskupum, 1746
- Handbók kirkjunnar, 1981

- BEM-skýrslan, Skírn, máltíð og þjónusta, 1984
- Porvoo-samkomulagið, 1995
- Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997
- Starfsreglur um presta nr. 735/1998
- Starfsreglur um djákna nr. 738/1998
- Starfsreglur um biskupafund nr. 964/2006
- Starfsreglur um vígslubiskupa nr. 968/2006
- Starfsreglur um prófesta nr. 966/2006

## XIV. INNSETNING Í EMBÆTTI OG STARFSLOK

### Innsetning, starfslok

Með innsetningu í embætti er hinn vígði þjónn kynntur söfnuði sínum eða starfs- vettvangi í guðsþjónustu. Í guðsþjónustunni staðfestir söfnuðurinn eða stofnunin vilja sinn til að fylgja köllun sinni eftir og umlykur hinn vígða fyrirbæn sinni. Eins fer vel á því að óvígðir starfsmenn safnaða séu settir inn í starf, svo sem organistar, með- hjálparar, starfsfólk við barnastarf og öldrunarstarf og sóknarnefndarmenn, við guðs- þjónustu safnaðarins.

Þegar vígður þjónn lýkur störfum vegna aldurs eða annarra orsaka, skal hann kvaddur í guðsþjónustu safnaðarins við athöfn þar sem bæn er fram borin og blessun lýst yfir hann.

### Ýmis ákvæði

- Prófastur annast að jafnaði innsetningu presta og djákna í embætti.
- Biskup Íslands setur prófesta inn í embætti.
- Ef vígslubiskup tekur við embætti biskups Íslands skal hann settur í embætti í dómkirkjunni. Biskup Íslands eða vígslubiskup í umboði hans annast inn- setningu biskups í embætti.
- Þegar prestakall, eða einstaka sóknir prestakalls sameinast öðru prestakalli, skal sú breyting jafnan mörkuð með innsetningu sóknarprests í embætti.
- Þegar vígður þjónn lýkur störfum fyrir aldurs sakir eða hverfur til annarra starfa, skal sá kvaddur í guðsþjónustu safnaðarins við athöfn þar sem honum er beðið blessunar.
- Þegar biskup lætur af biskupsstarfi skal hann kvaddur í dómkirkju með sérstakri athöfn sem markar starfslok hans.

### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Handbók kirkjunnar, 1981

## XV. VÍGSLUR OG BLESSANIR

### Vígslur og blessanir

Allir hlutir helgast fyrir orð Guðs og bæn. Að vígja kirkju felur í sér að söfnuðurinn með lestri Guðs orðs, bæn og heilagri kvöldmáltíð tekur helgidóminn í notkun og allt sem ætlað er til notkunar við helga þjónustu. Helgidómurinn er frátekinn sem staður tilbeiðslu og lofgjörðar, helgur staður friðar og kyrrðar og tákn himinsins. Kirkjugarður er vígður með lestri Guðs orðs og bæn, frátekinn sem helgur kyrrðar- og hvíldarreitur. Kirkjugarður er helgidómur er ber vitni um virðingu við minningu og sögu hins látna og hina lifandi von fyrir upprisu Jesús Krists frá dauðum. Með greftrun sinni hefur hann helgað alla jörð og hverja gróf. Fyrir upprisu hans er okkur veitt vonin um upprisu mannsins og eilíft líf.

### Vígslur

1. Vígsla felur í sér lestur Guðs orðs og bæn og yfirlýsing um að húsið, staðurinn, hluturinn, sé frátekið til helgrar notkunar.

### Kirkjuvígsla

2. Nýbyggð kirkja eða kapella skal vígð. Eins ef helgidómur er tekinn í notkun að nýju eftir gagngerðar



viðgerðir eða breytingar. Biskup annast kirkjuvígslu.

Þegar kirkjuhelgi er aftekin

3. Þegar kirkja eða kapella er ekki lengur notuð til helgrar þjónustu skal afleggja hana með guðspjónustu þar sem því er lýst að hún sé ekki lengur vígður helgi- dómur. Biskup annast slíka athöfn, eða prófastur eða prestur í umboði hans.
4. Muni aflagðrar kirkju eða kapellu, skróða og annað það er að helgri þjónustu lýtur skal prófastur skrá sérstaklega og koma í vörslu Þjóðminjasafnsins eða til annarra kirkna að höfðu samráði milli forstöðumanns Fornleifaverndar ríkisins, þjóðminjavarðar og biskups eða prófests.

Vígsla kirkjugarðs

5. Kirkjugarð eða viðbót við kirkjugarð skal vígja með sérstakri athöfn sem prófastur annast eða prestur í umboði hans.
6. Heimilt er að lögum að taka frá óvígðan reit innan kirkjugarðs.

Helgir munir og tæki kirkju (ornamenta et instrumenta)

7. Þegar teknir eru í notkun helgir munir og búnaður kirkju, orgel, kirkjuklukkur, altarisstafla, skírnarsár, kaleikur, skróði, fer vel á að þess sé minnst í upphafi messu með ritningarlestri og bæn.

Blessun húsnæðis

8. Safnaðarheimili eða þjónustuhús við kirkjur skulu ekki vígð, heldur blessuð.

Prestur annast að jafnaði slíka blessun og skal fara eftir atferli Handbókar um blessun húsnæðis eftir því sem við getur átt. Sama á við ef óskað er eftir blessun yfir hús eða mannvirki önnur sem ekki eru ætluð til kirkjulegra nota.

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Kristniréttur Árna biskups Þorlákssonar, 1275
- Þjóðminjalög, 2001
- Handbók kirkjunnar, 1981
- Lög um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 36/1993

## XVI. KIRKJUÁRIÐ

Hrynjandi kirkjuársins

Kirkjuárið hefst með fyrsta sunnudegi í aðventu. Það er byggt upp kringum stórhátíðir kirkjunnar, jól, páska og hvítasunnu, og setur fram minningu meginatburða hjálp- ræðissögunnar. Sérhver dagur og tímabil kirkjuársins hefur sitt meginstef út frá guðspjalli dagsins og sem er tjáð í textum og sálum sem deginum tilheyra. Sérhver hátíð hefur sinn undirbúningstíma, föstutíma, og tíma eftirfylgdar.

Með hrynjandi kirkjuársins fær kirkjan og sérhver kristin manneskja tækifæri til að njóta atburða á ævi Jesú Krists og lifa þá og meginatriði boðskapar hans. Með því að tengjast og íklæðast hinum margvíslegu árstíðabundnu og menningarbundnu sið- venjum, tónlist, hefðum og helgisiðum fáum við að reyna og sjá hvernig Jesús Kristur vitjar kirkju sinnar og lífs sérhvers einstaklings árið um kring.

Samkvæmt fornri hefð gengur helgin í garð klukkan 18 á aðfangadegi jóla, páska og hvítasunnu.

Um guðspjónustur og helgihald kirkjuársins fer eftir Handbók kirkjunnar og ákvörðun biskups og kirkjulegra stjórnvalda.

Helgar og hátíðir

1. Á helgum og hátíðum kirkjuársins skal haldin almenn guðsþjónusta:

- Sunnudagar
- aðfangadagskvöld jóla
- jóladagur
- annar jóladagur
- gamlárskvöld
- nýársdagur (áttidagur jóla)
- skírdagur
- föstudagurinn langi
- páskadagur (fyrsti sunnudagur eftir fullt tungl eftir vorjafndægur)
- annar páskadagur
- uppstigningardagur (fjörutíu dögum eftir páska)
- hvítasunnudagur
- annar hvítasunnudagur
- þrenningarhátíð (sunnudagur eftir hvítasunnu).

2. Sunnudagar sem eru helgaðir ákveðnum málefnum:

- 2. sunnudagur í níuviknaföstu, Biblíudagurinn
- 5. sunnudagur í föstu, Boðunardagur Maríu
- 5. sunnudagur eftir páska, Hinn almenni bænadagur
- 13. sunnudagur e. þrenn., Dagur kærleiksþjónustunnar
- 1. sunnudagur í mars, Æskulýðsdagur kirkjunnar
- 1. sunnudagur í júní, Sjómannadagurinn, ef ekki ber upp á hvítasunnu, þá sunnudagurinn á eftir
- síðasti sunnudagur í október, Siðbótardagur
- 1. sunnudagur í nóvember, Allra heilagra messa
- 2. sunnudagur í nóvember, Kristniboðsdagur
- sunnudagur næst 20. júlí, Þorláksmessu á sumri, Skálholtshátíð
- sunnudagur í 17. viku sumars, Hólahátíð.

Aðrir helgidagar og minningardagar

3. Aðrir helgidagar og hátíðir sem ekki hvílir messuskylda á:

- 6. janúar, Birtingarhátíð Drottins, þrettándi dagur jóla
- 18. janúar, Pétursmessa. Upphaf samkirkjulegrar bænaviku.
- 25. janúar, Pálmessa postula
- 2. febrúar, Kyndilmessa
- öskudagur, miðvikudagur í sjöundu viku fyrir páska
- 1. föstudagur í mars, Alþjóðlegur bænadagur kvenna
- 16. mars, Gvendardagur
- 25. mars, Boðunardagur Maríu (sé ekki messað þann dag skal hann haldinn 5. sunnudag í föstu)
- Sumardagurinn fyrsti
- 23. apríl, Jónsmessa Hólabiskups um vorið, ártíð Jóns biskups helga.
- 17. júní, Lýðveldishátíðin, 17. júní, Þjóðhátíðardagur Íslendinga.
- 24. júní, Jónsmessa
- 29. júní, Pétursmessa og Páls (Tveggja postula messa)
- 2. júlí, Vitjunardagur Maríu (Þingmaríumessa)

- 20. júlí, Þorláksmessa á sumri
- 22. júlí, Maríumessa Magdalenu
- 25. júlí, Jakobsmessa postula
- 24. ágúst, Bartólómeusarmessa postula
- 29. ágúst, Höfuðdagur (dánardagur Jóhannesar skírara)
- 14. sept., Krossmessa
- 21. sept., Mattheus postuli. Alþjóðlegur friðardagur
- 29. sept., Mikjálsmessa og allra engla
- 18. okt., Lúkasarmessa guðspjallamanns
- 27. okt., Hallgrímsmessa (ártíðardagur Hallgríms Péturssonar)
- 1. des., Fullveldisdagurinn
- 23. des., Þorláksmessa
- 27. des., Jóhannes postuli og guðspjallamaður
- 28. des., Barnadagurinn
- Kirkjudagur, vígsludagur kirkjunnar

Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Tilskipun um helgidagahald 29. maí 1744
- Tilskipun 8. marz 1855
- Lög um helgidagafrið nr. 32/1997
- XVII. Embættisklæði og skróði presta og djákna

## XVII. SKRÚÐI OG EMBÆTTISKLÆÐI

Við helgiathafnir kirkjunnar kemur prestur fram sem þjónn og í umboði heilagrar kirkju. Prestur skal ætíð bera einkennisbúning eða skróða þegar hann annast helgar athafnir, líka utan kirkju.

Embættisklæðnaður þjóðkirkjupresta er einkennisbúningur stéttarinnar. Embættis- klæðnaður presta þjóðkirkjunnar er svört, skósíð hempa ásamt pípukraga. Til embættisbúnings vígðra þjóna kirkjunnar heyrir og prestaskyrta og flibbi.

Skrúði er klæði, sem vígður þjónn notar við helgiathafnir. Til skróða teljast rykkilín, alba, stóla, hökull og biskupskápa.

Reglur um notkun skróða og liti kirkjuársins er að finna í Handbók kirkjunnar. Heimilt er að bera hempuna eina við helgiathafnir kirkjunnar, en mælt er með notkun rykkilíns og stólu við þær allar.

Hempa

1. Hempa ásamt pípukraga er embættisbúningur presta íslensku þjóðkirkjunnar og ber að nota hana þegar prestum er gert að mæta í embættisnafni við at- hafnir, svo sem embættistöku forseta Íslands, við upphaf synodus, við kirkju- vígslu eða innsetningu prests í embætti í prófastsdæminu.
2. Við skírn, hjónavígslu, útför, kistulagningu, minningarathafnir og blessun hús- næðis skryðist prestur rykkilíni og stólu yfir hempu. Við útför skal stóla vera fjólublá eða svört, við skírn eða hjónavígslu utan messu má stóla vera hvít. Að öðru leyti ráða litir kirkjuársins.
3. Heimilt er að nota hempuna eina við ofantaldar athafnir.
4. Prestur má klæðast hempunni einni undir prédikun og eftir prédikun, ef ekki fer fram altarisganga. Best fer þó á því, að hann skryðist þá rykkilíni og stólu, þar eð rykkilín og stóla er skróði.

Prestaskyrta

5. Þegar vígður þjónn kirkjunnar kemur fram í embættisnafni getur hann klæðst skyrtu og flibba. Prestar að öllu jöfnu svörtum, gráum, bláum eða hvítum, djáknar grænum, biskupar rauðum eða fjólubláum.

#### Alba

- Ölbu, með linda eða án, má nota í stað hempu og rykkilíns við kirkjulegar at- hafnir.
- Alba er aldrei borin ein, heldur aðeins með stólu eða stólu og hökli eftir atvikum.
- Við kistulagningu má prestur eða djákni bera ölbu og fjólubláa eða svarta stólu. Eins má hann bera ölbu og stólu í litum kirkjuársins við blessun húsnæðis.

#### Rykkilín

- Rykkilíni skryðist prestur utan yfir hempu. Heimilt er að bera rykkilín og stólu við allar athafnir.

#### Stóla

- Stóla er aðeins höfð utan yfir rykkilín eða ölbu. Hún breytist eftir litum kirkju- ársins. Prestur getur skryðst stólu við allar athafnir.
- Við útför má prestur skryðast fjólublárra eða svartri stólu eða klæðast hemp- unni einni.

#### Hökull

- Hökull er messuklæði eingöngu og á ekki að nota hann við aðrar athafnir en messuna. Ef prestur afskrýðist hökli fyrir prédikun skryðist hann höklinum eftir prédikun einungis ef altarisganga er.
- Við annað helgihald, svo sem morgunsöng, aftansöng og prédikunarguðs- þjónustu, skírn og hjónavígslu, skryðist prestur ekki hökli, heldur aðeins rykkilíni eða ölbu og stólu.
- Við athafnir í heimahúsum notar prestur ekki hökul, heldur hempuna eina ásamt rykkilíni eða ölbu og stólu.
- Þegar fleiri en einn prestur þjóna að messunni, ber aðeins einn prestur hökul, sá sem þjónar, en aðrir prestar séu skryddir rykkilíni eða ölbu og stólu. Sá sem þjónar fyrir altari og ber hökul, byrjar dýrðarsöng, biður kollektu, les guðspjall, fer með þakkargjörðina við máltíð Drottins, útteilir brauðinu og lýsir blessun í lokin.

#### Skrúði djákna

- Skrúði djákna er alba ásamt stólu sem borin er á vinstri öxl og skáhallt yfir á hægri mjöðm.

#### Biskupsskrúði og embættisklæði

- Embættisbúningur biskups er svört silkihempa með flauelsborðum.
- Biskupskápa er skruði biskups við biskupsathafnir.
- Ef biskup notar mítur ber hann það í skruðgöngu til og frá kirkju og leggur á altari hægra megin við sig um leið og hann gengur fyrir það.
- Biskupsstaf, bagal, ber biskup í vinstri hendi í skruðgöngu og leggur við altari eða gráður þegar í kirkju er komið.
- Þegar biskup lýsir blessun heldur hann bagli í vinstri hendi og lýsir blessun með þeirri hægri.
- Við athöfn þar sem biskup er viðstaddur í embættisnafni lýsir hann ætíð blessun í lok hennar.

#### Lög, reglur og aðrar réttarheimildir

- Samþykkt kirkjuþings, 1989

---

## XVIII. KIRKJUKLUKKUR

#### Klukkan og hringingar

Samkvæmt fornri venju skal vera klukka eða klukkan í hverri kirkju.

Hljómur kirkjuklukkanna er vitnisburður um lifandi Guð. Klukkurnar minna á návist hans, kalla til bænar og

tilbeiðslu, lýsa friði Guðs yfir byggð og land, og marka eyktir mannlífsins. Samhringing kirkjuklukkna er sigurhljómur og hátíðar-, þakkaróður og vitnisburður um Drottins nægð og náð. Því er aðeins samhringt á sunnudögum og hátíðum kirkjuársins, áramótum og þegar stórhátíðir eru hringdar inn. Ekki er hringt klukkum á föstudaginn langa. Líkhringing er sorgarhljómur og samúðar-, og vitnis- burður um forgengileika lífsins. Bænaslög, þegar hringd eru þrisvar sinnum þrjú slög, eru hljómur signingarinnar, sem felur stund og stað föður, syni og heilögum anda og heilagri návist hans.

#### Klukkur í kirkju og kirkjugarði

1. Í hverri sóknarkirkju skulu vera kirkjuklukkur, ein eða fleiri.
2. Í kirkjugarði skal vera klukka, í sáluhliði eða klukknaporti.
3. Við hverja sóknarkirkju skal vera hringjari, sem gæta skal þess að klukkum sé hringt í samræmi við reglur þessar og góða staðarhefð og venju. Sérhverri sóknarnefnd er skylt að sjá til þess að svo sé.

#### Um messuhringingar

4. Hringt er til hvernar almennrar guðsþjónustu. Fyrst er hringt hálfri stundu fyrir messu einni klukku. Stundarfjórðungi fyrir messu er hringt stærri klukkunni, ef þær eru tvær, en miðklukkunni ef þær eru þrjár, sex sinnum þrjú slög. Á heila tímanum er samhringt tveim klukkum (handvirkt) níu sinnum þrjú slög. Séu klukkur tvær er þeim báðum hringt samtímis, ef klukkur eru þrjár er að öllu jöfnu hringt tveim hinum stærri.
5. Þegar hringing er rafstýrð er hringt einni klukku hálfri stund fyrir messu í þrjár mínútur. Stundarfjórðungi fyrir er hringt einni klukku eða tveim, eftir heildar- fjölda klukkanna, í eina mínútu. Samhringt er í þrjár til fimm mínútur fyrir upphaf messu öllum klukkum.
6. Vel fer á að hringja bænaslög, 3×3 slög, í lok samhringingar, áður en messa hefst og eins í messulok
7. Ekki er hringt til messu á föstudaginn langa.
8. Í þéttbýli skal hringja inn stórhátíðir kl. 18 á aðfangadag jóla, páska og hvíta- sunnu. Samhringt er í fimm mínútur hið minnsta.
9. Í þéttbýli er á áramótum samhringt öllum klukkum, eigi skemur en fimm mínútur.

#### Hringingar á virkum dögum og við athafnir

10. Við athafnir á virkum dögum er aldrei samhringt.
11. Hringja má kirkjuklukkum þegar brúðhjón ganga úr kirkju að lokinni hjóna- vígslu.
12. Við útför skal hringja einni klukku aðeins, og þeirri klukku sem dýpstan tóninn hefur. Líkhringing er eitt slag í senn og líður nokkur stund á milli slaga.
13. Þar sem tíðkast hefur að hringd sé líkhringing þegar kista er borin til kirkju fyrir útför skal viðhalda þeim sið.
14. Við upphaf útfararathafnar er hringt einni klukku að minnsta kosti 3×3 slög.
15. Ávallt skal hringd líkhringing þegar kista er borin úr kirkju.
16. Í kirkjugarði skal hringja líkhringingu þegar kista er borin í garð verði því viðkomið.
17. Við sérstaka atburði í samfélaginu í gleði og sorg er klukkum hringt sam- kvæmt hefð og venju á hverjum stað, og eins eftir sérstökum tilmælum biskups.

#### GREINARGERÐ

Íslenska þjóðkirkjan er sjálfstætt trúfélag á evangelísk-lúterskum grunni. Þjóðkirkjan byggir á játningum frumkirkjunnar og játar postullega trú heilagar, almennrar kirkju innan evangelísk-lúterskrar hefðar í ljósi Ágsgönguþáttingarinnar frá 1530.

Allt frá því að kristni kom í landið hefur fólk safnast til guðsþjónustu og helgrar iðkunar á krossgötum ævinnar. Í kjölfar kristnitökunnar var kirkjan skipulögð á grundvelli rómversks kirkjuréttar og var því verki að mestu lokið á 13. öld. Á sextánda öld varð kirkjan á Íslandi aðskilin rómversku kirkjunni og endurskipulögð í samræmi við forsendur lútersku siðbótarinnar. Vald konungs í kirkjumálum jókst og varð algert með einveldinu sem lauk með stjórnarskránni 1874. Þar er hin evangelísk- lúterska kirkja skilgreind sem „þjóðkirkja á Íslandi“. Allt frá setningu stjórnarskrár 1874 hefur verið unnið að endurskipulagningu kirkjunnar. **Hinn 1. janúar 1998 gengu í gildi þau lög sem marka sjálfstæði hennar og frelsi.**

Líf og starf kirkjunnar hefur tekið miklum breytingum í aldanna rás, en meginþráður- inn, þjónusta orðs og sakramenta, hefur verið órofinn gegnum allar sviptingar og umbyltingar. Skipulag og starfshættir hafa tekið breytingum, samskipti ríkisvalds og kirkju hafa verið með ýmsu móti, fjárhagur kirkna og safnaða margvíslegur, en hér hefur alltaf verið til staðar kirkja sem þjónað hefur þjóðinni allri, kirkja á grundvelli postulanna og almennrar kirkju. Játningar kirkjunnar eru sameign almennrar kirkju. Með guðfræðilegri iðkun og íhugun, samtali við aðrar hefðir og kirkjur, í guðs- þjónustu og boðun, miðlar og þroskar þjóðkirkjan trú sína og erindi á hverri tíð.

## TILGANGUR SAMÞYKKTANNA

Megintilgangur samþykktanna er að styrkja einingu kirkjunnar og samfélag sóknarfólks, safnaða og kirkjustjórnar, innra og ytra samhengi þjóðkirkjunnar og hinnar almennu, alþjóðlegu kirkju. Þessar samþykktir eiga að vera samstöðugrunnur, til að styrkja sjálfsmynd og samstöðu um meginatriði og gera grein fyrir forsendum starfshátta og hefða.

Skipan innri mála þjóðkirkjunnar hlýtur að vera í stöðugri endurskoðun til þess að kirkjan geti sem best sinnt skyldum sínum, aðlagast breyttum aðstæðum og eflst á grundvelli köllunar sinnar. Samþykktirnar gefa ekki tæmandi mynd af trú og lífi þjóð- kirkjunnar. Regluverkið og löginn eiga umfram allt við um stofnunina. Önnur mikil- væg atriði í lífi og trú, játningu og boðun þjóðkirkjunnar og safnaðarfólks er ekki þar að finna.

**Evangelísk-lútersk kirkja hefur mikið frelsi** til að skipa málum sínum út frá því sem best þjónar markmiðum fagnaðarerindisins á hverri tíð. Í þessum samþykktum er fólgið margt sem ekki er beinlínis nauðsynlegt vegna einingar kirkjunnar en þegar þjóðkirkjan hefur samþykkt ákvarðanir í ýmsum eignum er mikilvægt að þeim sé fylgt eftir til þess að varðveita eininguna og sátt um niðurstöðuna.

Samþykktir um innri málefni kirkjunnar byggjast á þeim sögulega arfi sem þjóðkirkjan ber með sér og félagslegu og sögulegu hlutverki hennar í íslensku samfélagi. Skipulag og tjáningarform kirkjunnar tengja hana því þjóðfélagi og umhverfi sem hún á að þjóna. Jafnframt verða ákvarðanir um innri mál kirkjunnar, lög og starfsreglur að vera í samhljómi við trú, játningu og kenningu evangelísk-lúterskrar kirkju.

## INNRI MÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

Með **gildistöku laga um Kirkjuráð nr. 21 9. júní 1931** fékk þjóðkirkjan sjálf „samþykktaratkvæði og ákvörðunarrétt um guðsþjónustur kirkjunnar, veitingu sakramenta og kirkjulegar athafnir og helgisiði ...“ Þar með hlaut kirkjan sjálf **forræði sinna innri mála**, sem áður var á hendi konungs. Þetta var staðfest með lögum um kirkjuþing sem tóku gildi 1958 og enn frekar í núgildandi lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóð- kirkjunnar, nr. 78/1997. Þar er hin evangelísk lúterska þjóðkirkja á Íslandi **skilgreind sem sjálfstætt trúfélag sem ber ábyrgð á eigin trúargrundvelli, helgisiðum og kenningu.** Með þessari breytingu færðust nánast öll verkefni sem áður heyrðu undir ráðherra kirkjumála til kirkjuþings. **Atbeini ríkisvaldsins að innri málum kirkjunnar er þar með að öllu leyti horfinn frá Stjórnarráðinu til kirkjunnar sjálfar.**

Samkvæmt lögum nr. 78/1997 hefur kirkjuþing „æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Málefni, er varða kenningu kirkjunnar og agavald, heyra þó undir biskup Íslands, sbr. 10., 11., 19.

og 28. gr. Samþykktir um kenningar- leg málefni, guðsþjónustuhald, helgisiði, skírn, fermingu og altarissakramenti verða að sæta umfjöllun prestastefnu áður en þær hljóta endanlega afgreiðslu á kirkjuþingi.“

## SAMÞYKKTIR

---

Mikilvægt er hafa á einum stað glöggð yfirlit yfir kenningu kirkjunnar og forsendur fyrir síðum hennar og hefðum.

Fátt er um eiginleg nýmæli í þessum samþykktum, heldur er um að ræða skráning og framsetning þess hvernig þjóðkirkjan hefur á umliðnum áratugum skilið og túlkað og framkvæmt hlutina. Framsetningin er að fyrirmynd nýlegrar kirkjuskipanar sænsku kirkjunnar og þýskra landskirkna. Það á t.d. við um formálana. Þeir eru eins konar guðfræðileg greinargerð fyrir viðkomandi viðfangsefni. Síðan fylgja efnisgreinar. Þjóðkirkjan er sem evangelísk-lútersk kirkja í samstarfi og samræðum við aðrar kirkjur og verður að gera grein fyrir sér, sjálfsmynd sinni og veru. Orðfæri og framsetning ber keim af því.

Með samþykktum um innri mál kirkjunnar er safnað saman á einn stað upplýsingum, reglum, fyrirmælum og ákvörðunum frá ýmsum tímum. Um kirkjulegar athafnir og framkvæmd þeirra hafa gilt ákvæði handbóka kirkjunnar, reglugerðir stjórnvalda, konungsbréf, „forordningar“ og „rescript“ frá ýmsum tímum, fyrirmæli biskupa og úrskurðir, og hefðir og venjur. Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar vísa til innri mála kirkjunnar, játninga og helgisiða. Ýmis önnur lög, starfsreglur og stjórnvaldsákvæði og kirkjuleg siðvenja vísa iðulega til hefða sem hvergi eru skilgreindar með aðgengilegum hætti, þótt sumt af þessu sé enn að finna í Lagasafni. Þar er þó um margvísleg ákvæði að ræða sem telja má úrelt. Þegar þessar samþykktir hafa verið staðfestar munu þau ákvæði verða felld úr gildi. Hin **evangelísk-lúterska þjóðkirkja á Íslandi er sjálfstætt trúfélag** og hlýtur sem slíkt að bera ábyrgð á eigin trúargrundvelli, helgisiðum og kenningu. Með umfjöllun Prestastefnu og staðfesting kirkjuþings á samþykktum þessum axlar þjóðkirkjan þá ábyrgð.

## NOREGUR: MERKILEGAR NIÐURSTÖÐUR ÚR STEFNUMÓTUN Í TRÚAR- OG LÍFSSKOÐUNARMÁLUM!

Merkilegir hlutir eru að gerast í Noregi. Árið 2010 setti þáverandi menningarmálaráðherra á laggirnar 15 manna vinnuhóp sem hafði það markmið að leggja fram heildstæða stefnu í trúar- og lífsskoðunarmálum eða eins og það heitir á norsku – „helhetig tros- og livssynspolitikk“. Ekki átti að móta kirkjustefnu ríkisins heldur hvaða stefnu Noregur ætti að fylgja í fjölbreytilegu samfélagi. Í upphafi gerðu fulltrúar norsku húmanistasamtakanna Human-Etisk Forbund, systursamtaka Siðmenntar, athugasemdir við að meirihluti nefndarmanna höfðu sterkar tengingar í kristin samfélög. Þarna voru einnig fulltrúar múslima og vísindasamfélagsins en það varð síðan úr að fulltrúi HEF, Bente Sandvik, varð varaformaður nefndarinnar.

Það kom því skemmtilega á óvart að þegar niðurstöður nefndarinnar voru kynntar 7. janúar að ágæt samstaða náðist í mörgum málum og voru mörg af þeimbaráttumálum sem húmanistar hafa unnið að í mörg ár sem fengu þar brautargengi og samþykkt í nefndinni. Það má segja að jafnræði lífsskoðana hafi verið megin stefni í niðurstöðu vinnuhópsins og flestar af þeim tillögum sem lagðar eru fram eru til þess að bæta úr núverandi ástandi.

### Markmið nefndarinnar

Í upphafi var hlutverk nefndarinnar m.a.:

- Að skoða endurskoða gjöld („sóknargjöld“) til trúar- og lífsskoðunarfélaga og hvaða kröfur ríkið gerir til þeirra félaga sem fá þau.
- Meta hvort núverandi kerfi til skráningar á trúfélögum skuli standa og þá hvort greina eigi á milli skráðra og óskráðra trúfélaga.
- Meta hvort trú- og lífsskoðunarfélög eigi að framkvæma löggjörningarluta giftingar. Rétt er að geta að Venstre telur að trú- og lífsskoðunarfélög eigi einungis að sjá um athafnir á meðan bindandi löggjörningar eigi að lúta veraldlegri stjórn.

Ekki átti að fjalla t.d. um núverandi tekjumódel Norsku kirkjunnar. Einnig var hlutverk vinnuhópsins að meta hvaða hlutverk trú og lífsskoðun eigi að hafa í mismunandi opinberum stofnunum m.a. með tilliti til þjónustu trú- og lífsskoðunarfélaga, aðgang að bæna- og athafnarými, sérstakar kröfur um mat, klæðnað osfrv.

Einnig var það verkefni hópsins að skoða aðlögun fólks að samfélaginu og hvernig trúar- og lífsskoðunarstefna hefur áhrif á hana. Þá átti að skoða þörfina fyrir samhæfð lög og reglur á mismunandi sviðum samfélagsins með það að markmiði að gera stefnu í trú- og lífsskoðunarmálum heildstæðari. Um er að ræða víðfemt svið en hér undir falla lög um guðlast og umræðan um hijab klæðnað svo eitthvað sé nefnt.

Við vinnu hópsins skyldi skoða hvernig sambærileg mál eru leyst erlendis og hver kostnaður gæti orðið. Vinnuhópurinn hafði það að leiðarljósi að Noregur skuli verða samfélag sem meðhöndlar allar trúar- og lífsskoðanir á sama hátt samtímis því að gætt sé að trúfrelsi allra.



## NIÐURSTAÐA VINNUHÓPSINS

Helstu niðurstöður hópsins eru:

1. Breyting á greiðslu gjalda til trú- og lífsskoðunarfélaga þar sem jafnræðis er gætt þeirra á milli. Endurskoða þarf kröfur um félagsaðild og útreikninga. Eins og kemur fram hér að ofan var það ekki á valdi hópsins að leggja til breytingar og verða því gjöld til ríkiskirkjunnar óbreytt en það byggist ekki á félagatali heldur beinum framlögum.
2. Kröfur til þeirra félaga sem njóta fjárhagsstuðnings frá ríkinu um að jafnréttis kynjanna sé gætt auk þess að þau séu opin gagnvart samkynhneigðum.
3. Breytingar á þjónustu opinberra stofnanna (t.d. sjúkrahúsa og fangelsa) með það fyrir augum þjóða þjónustu annarra lífsskoðunarfélaga og að ekki sé einungis um þjónustu ríkiskirkjunnar að ræða.
4. Fjölgun athafnasvæða/herbergja (stillerom/bönerom) þar sem sveigjanleika er gætt og að þau séu opin fyrir öllum lífsskoðunum.
5. Stefna opinbera aðila verði ekki að leggjast gegn sérstökum klæðnaði og trúarlegum táknum. Menningarmálaráðherra Hadia Tajik lýsti því yfir við kynningunni á niðurstöðunni á fréttamannafundinum að notkun hijab/turban væri ekki heimil í lögreglu og af dómurum þar sem það væri landsfundarsamþykkt Verkamannaflokksins og slíkt yrði ekki leyft á meðan þeir væru við völd.
6. Þau sterku tengsl sem eru á milli ríkiskirkjunnar og hersins verði minnkuð.
7. Umsjón kirkjugarða verði á forræði sveitarfélaga. Hér er um verulega breytingu að ræða.
8. Meirihluti vinnuhópsins leggur til að gifting verði borgaraleg þar sem trú- eða lífsskoðunarfélög geti síðan veitt sína vígslu eftir opinbera athöfn. Slíkt fyrirkomulag er víða í Evrópu.
9. Vinnuhópurinn telur að til þess að ná markmiðum um jafnræði lífsskoðana þá sé það andstætt því markmiði að viðhafa sérstaka stöðu kirkjunnar og því aðeins hægt að ná með fullum aðskilnaði ríkis og kirkju. Um þetta atriði var algjör einhugur. Leggur vinnuhópurinn því til eftirfarandi breytingar á 16. grein stjórnarskrárinnar sem hljóðar svo (í lauslegri þýðingu): „Norska kirkjan, evangelísk-lúterska kirkjan, verður þjóðkirkja Noregs og sem slík njóta stuðnings ríkisins.“ Þessi í stað skuli greinin hljóða: „Allir þegnar ríkisins hafa rétt til að iðka trú sína. Öll trú- og lífsskoðunarfélög skuli njóta jafnræðis.“

Þessu til viðbótar má nefna að opinberar athafnir verði ekki stjórnað af einu trúar- eða lífsskoðunarfélagi. Vísað er til athafnar eftir fjöldamorðin sumarið 2011 sem voru með slíku sniði og sjónvarpað m.a. til Íslands.

Lagt er til að breytt fyrirkomulag verði um skráningu í trú- og lífsskoðunarfélög. Nú gildir að öll börn eru sjálfkrafa skráð í kirkjuna en lagt er til að einungis verði tekið tillit til þeirra sem skrá sig sjálfir. Börn hafa rétt til þess að taka eigin ákvörðun um úrsögn eða skráningu í trú- eða lífsskoðunarfélag. Þetta er athyglisvert þar sem Svíar hafa í sínum lögum að enginn sé fæddur hvað þá skráður sjálfkrafa í trúfélög. Í fyrirliggjandi frumvarpi um skráð trúfélög sem liggur fyrir Alþingi kemur fram að lítil breyting er gerð á sjálfkrafa skráningu barna. Siðmennt benti á það í umsögn sinni að réttast væri að taka skrefið til fulls og afnema sjálfkrafa skráningu barna. Reyndar kom það fram í máli fulltrúa Biskupsstofu fyrir þingnefnd sem fjallaði um málið að þeir voru sammála skilgreiningu Siðmenntar (en það viðhorf vantaði samt í skriflega umsögn hennar) en þrátt fyrir það var sú breyting ekki gerð á frumvarpinu fyrir 2. umferð umræðna (sem á enn eftir að fara fram vegna málþófs).

Vinnuhópurinn samþykkti einnig að sammannleg gildi skyldu vera í stjórnarskrá og til grundvallar við mótun námsskrár í skólum í stað þess að tengja slíkt einni sérstakri lífsskoðun eins og verið hefur. Mikill meirihluti hópsins taldi að þau gildi sem þar koma fram væru til að sameina fólk en ekki að mynda gjá þeirra á milli.

Í Noregi hefur eins og hér á landi verið deilt um skólaguðþjónustur og trúboð í skólum. Því miður náðist ekki breyting á því þrátt fyrir að slíkt athæfi sé ekki hluti af námsskrá frekar en hér á landi. Greinilegt að jafnræðishugsunin náði ekki lengra en þetta. Reyndar lagði meirihlutinn til að öðrum trú- og lífsskoðunarfélögum yrði hleypt í skólana og hefur sú umræða einnig sprottið hér upp í sambandi við setningu samskiptareglna Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarhópa. Að sjálfsögðu eru húmanistar á móti slíkum tillögum þar sem skólar eigi ekki að vera vettvangur trúboðs.

Einnig er lagt til að ekki verði kosið til sókna (kirkeval) samtímis og almennar kosningar eigi sér stað. Þá var einhugur um að gera ekki konungnum skylt að vera í ríkiskirkjunni og langflestir voru sammála um að fjarlægja gildisviðmiðin í 2. grein stjórnarskrárinnar sem er „Gildisviðmið verður okkar kristni og húmaníski arfur“ og lagt er til að það hljóði þess í stað „Þessi stjórnarskrá skal tryggja lýðræði, réttarríki og mannréttindi“.

Menningarmálaráðherrann lýsti því yfir að á meðan trú- og lífsskoðunarfélög fái opinbera styrki er það ekki einkamál eins eða neins. „Við þurfum skýrar sameiginlegar leikreglur í opinberu rými“ sagði hún „það er mál allra Norðmanna“. Hún benti á að stefna í trúar- og lífsskoðunarmálum snérist ekki um guð heldur um fjallar hún um manneskjur. „Ekkert trú- eða lífsskoðunarfélag er undanþegið leikreglum lýðræðisins. Trúfrelsi er ekki tromp gagnvart frelsi eða réttindum annarra“ sagði Tajik. Hún lagði áherslu á að ekki væri byrjað með óskrifað blað og fullvissaði blaðamenn um að standa þarf vörð um hinn „kristna-húmaníska“ arf Noregs!

- Hluti af samantekt Bjarna Jónssonar.